












# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

7. júlí 2012
158. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Í FH frá 5 ára aldri

*Minnisstæðasti leikur Björns Daníels Sverrissonar var sigur á KR í bikarnum.*

**krakkar** 26

## Sóknarfæri Reykjavíkur

*Þó aðrar höfuðborgir standi betur eru miklir möguleikar.*

**borgarmál** 8



## Patrekur fertugur

*Patreki Jóhannessyni líður best þegar hann hefur næg viðfangsefni.*

**tímamót** 22

**2 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Fólk | Atvinna






**HOPPAÐ Á TOPPNUM** Þórlaug Sveinsdóttir landvörður tók áskorun Tinnu Stefánsdóttur áhugaljósmyndara og stillti sér upp með tilþrifum á toppi Rjúpnafells í Þórsmörk. Tinna hlýtur 1. verðlaun í útivistarmyndakeppni Fréttablaðsins sem eru farmiðar fyrir tvo til Evrópu með Wow Air. **Sjá síðu 16**

# Skrá viðsjárverða sjúklinga

**Slík hætta stafar af ofbeldismönnum á hjartabráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut að spítalinn hyggst gera skrá yfir fólk sem talið er viðsjárvert svo starfsmenn fái viðvörun þegar viðkomandi mæta.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Starfsfólk og sjúklingar á Hjartagátt eru berskjaldaðir gagnvart ofbeldi og árásarhneigð af hálfu þeirra sem til deildarinnar leita,“ segir í erindi Landspítalans til Persónuverndar sem ekki leggst gegn áformum spítalans um að halda skrá yfir hættulegt fólk.

„Það eru dæmi þess að sami einstaklingurinn hafi endurtekið beitt hótunum og ofbeldi,“ segir Björn Zöega, forstjóri Landspítalans.

> Það eru dæmi þess að sami einstaklingurinn hafi endurtekið beitt hótunum og ofbeldi.
>
> BJÖRN ZÖEGA
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Á árinu 2003 fékk Landspítalinn leyfi til að skrá hættulega einstaklinga á bráðamóttökunni í Fossvogi. „Þar hafa orðið atvik sem varða heilsu starfsfólks,“ segir Björn. Nú telja stjórnendur Hjartagáttar á Hringbraut að þar þurfi einnig að skrá þá sem hafa sýnt af sér ofbeldishneigð gagnvart starfsfólki eða sjúklingum.

„Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir ofbeldisverk á Hjartagátt, til verndar öðrum sjúklingum og starfsfólki deildarinnar,“ segir í erindi Landspítalans. „Færra starfsfólk vinnur á Hjartagáttinni þar sem starfsemi hennar er sérhæfð, en þangað geta samt (og hafa) leitað viðsjárverðir einstaklingar, jafnvel í annarlegu ástandi.“

Upplýsingar um ofbeldi verða ekki í sjúkraskrá viðkomandi heldur aðeins í gagnagrunni sem verður sameiginlegur skrá bráðamóttökunnar. „Sé viðkomandi sjúklingur með virka flöggun opnast gluggi með aðvörunartexta,“ segir í erindinu. Slíkar flagganir eru sagðar falla úr gildi eftir fjögur ár. **- gar**




**SPURNING DAGSINS**



*Eruð þið ekki komin út á hálan ís?*

„Jú, enda spurning um að salta þetta.“

Pétur Haukur Loftsson er starfsmaður hjá Pure Adventures, sem býður upp á ferðir á Langjökul.

Bæjarstjórinn á Akranesi hvumsa yfir gagnrýni fyrrverandi forseta bæjarstjórnar:

# „Þurfti að láta lesa fréttina tvisvar“

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég þurfti að láta lesa fréttina tvisvar fyrir mig áður en ég trúði að þetta væri ekki brandari,“ segir Árni Múli Jónasson, bæjarstjóri á Akranesi, vegna fréttar í Fréttablaðinu í gær um bókhald vegna gjafa og risnu á vegum bæjarins.

Eins og fram kom í gær samþykkti bæjarráð Akraness tillögu Gunnars Sigurðssonar, fyrrverandi forseta bæjarstjórnar en nú varaáheyrnarfulltrúa í bæjarráði, um að settar verði reglur um risnu, gjafir og gestamóttökur á vegum bæjarins. Tilefnið var endurskoðunarskýrsla þar sem meðal annars er gagnrýnt að í flestum tilfellum kæmi ekki fram á reikningum hver nyti risnunnar og gjafanna.

> Ég er ekki hrifinn af því þegar þeir sem ættu helst að útskýra hvernig þeir hafa haldið á almannafé séu að gera tortryggilega þá sem eru að standa sig vel í því.
>
> **ÁRNI MÚLI JÓNASSON**
> BÆJARSTJÓRI Á AKRANESI

Árni segir það vissulega rétt að skráningu hafi verið ábótavant. Þegar, áður en Gunnar lagði fram tillögu sína, hafi verið hafist handa við að bæta úr því. Hann bendir hins vegar á að síðustu tvö ár hafi þessir liðir hjá bænum verið helmingi lægri en kjörtímabilið á undan.

„Þá var Gunnar Sigurðsson forseti bæjarstjórnar og stundum staðgengill bæjarstjóra. Ég er ekki hrifinn af því þegar þeir sem ættu helst að útskýra hvernig þeir hafa haldið á almannafé séu að gera tortryggilega þá sem eru að standa sig vel í því,“ segir bæjarstjórinn. - gar

Leitin engum árangri skilað:

## Leitinni að hvítabirni hætt

**DÝRALÍF** Leit sem staðið hefur yfir að hvítabirni við Húnaflóa hefur verið hætt. Ekkert hefur sést til bjarnarins en á miðvikudag töldu tveir Ítalir, sem voru á ferð um svæðið, sig hafa séð hvítabjörn á sundi í flóanum. Fólk er þó áfram beðið um að hafa varann á ferðalögum um svæðið.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var í kjölfarið kölluð út og leitaði á svæðinu með hléum þangað til í gær. Á miðvikudagskvöld fundust spor, sem talin voru eftir bjarndýr, í fjöru á svæðinu. - mþl

Samkeppniseftirlitið:

## Rannsaka verðmun birgja

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að hefja rannsókn á viðskiptakjörum nokkurra birgja til matvöruverslana. Til stendur að rannsaka hvort mikill verðmunur í viðskiptum einstakra birgja við mismunandi verslanir hindri samkeppni og gangi gegn samkeppnislögum.

Ákvörðunin er tekin í kjölfar útgáfu skýrslu fyrr á þessu ári um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Þar kom fram að mikill verðmunur er í viðskiptum einstakra birgja við ólíkar verslanakeðjur. Leitað hefur verið skýringa á þessum mun hjá birgjum. - mþl



**DUST-514** CCP gefur á næstunni út sinn annan fullbúna tölvuleik, DUST 514.

Skuldabréfaútboð CCP:

## Mikil eftirspurn í útboði CCP

**VIÐSKIPTI Talsverð umframeftirspurn var eftir skuldabréfum í lokuðu útboði tölvuleikjafyrirtækisins CCP. Alls voru skuldabréf að verðmæti 15 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi tæpra 2 milljarða króna, í boði og bárust áskriftir fyrir 26,3 milljónir dala.**

**Með hliðsjón af eftirspurninni hefur stjórn CCP ákveðið að nýta heimild frá hluthafafundi til að hækka útboðsfjárhæðina í 20 milljónir dala. Kaupendur skuldabréfanna hafa valrétt um að breyta þeim í hlutafé.**

**Fjármunirnir verða nýttir í almennan rekstur CCP en auk þess til að styðja við markaðssetningu á DUST-514, nýjum leik CCP.** - mþl

# Jarðarber ræktuð á 4.000 fermetrum

**Jarðarber hafa verið ræktuð á Flúðum síðan á 7. áratugnum. Ræktunin var áður ekki talin borga sig. Berin ræktuð í gróðurhúsum og hefur framleiðslan aukist síðustu ár. Skorpuvinna sem hentar ekki öllum, segir bóndi í Silfurtúni.**

**FERÐAMÁL** Æ fleiri prófa sig nú áfram við jarðarberjaræktun, sem áður var ekki talin raunhæf hér á landi. Ein umfangsmesta og elsta jarðarberjaræktun landsins er í Silfurtúni við Flúðir.

Á Flúðum og í næsta nágrenni starfar mikill fjöldi garðyrkjubænda með ræktun af öllum stærðum. Flúðir eru því vinsæll áfangastaður fólks sem ferðast um Suðurland og vill sækja sér ferskt grænmeti á staðnum. Hins vegar hefur ef til vill ekki verið á allra vitorði að á Flúðum væri líka hægt að nálgast suðrænni tegundir á borð við jarðarber.

Í Silfurtúni við Flúðir er rekin umfangsmikil jarðarberjaframleiðsla. Þar ráða hjónin Eiríkur Ágústsson og Olga Guðmundsdóttir ríkjum. Þau hafa stundað jarðarberjarækt frá því árið 2002, en í Silfurtúni hafa verið ræktuð jarðarber frá því á sjöunda áratug síðustu aldar. Þau hjónin hafa þó bætt stöðugt við sig og aukið framleiðsluna og er nú svo komið að undir jarðarberjaræktina þarf 4.000 fermetra gróðurhús.

Ekki eru mörg ár frá því að jarðarberjarækt var ekki talinn raunhæfur kostur á Íslandi, en Eiríkur segir æ fleiri farna að prufa sig áfram með hana. „Þetta gengur alveg ágætlega, en þetta er mikil skorpuvinna, sem hentar kannski ekki öllum, heldur aðeins þeim sem hafa aðgang að lausafólki í stuttan tíma. Við byrjum að tína í byrjun júní og þá var ég með fleiri manns í því að tína og pakka,“ segir Eiríkur. Um tíu skólakrakkar vinna hjá honum í sumar, en þau hverfa frá þegar hausta tekur og hægist um í ræktuninni.

Á Flúðum, líkt og á mörgum öðrum landbúnaðarsvæðum, hafa bændur fært sér í nyt straum ferðamanna á sumrin. Þannig getur fólk „komið inn af götunni“ í Silfurtúni og nálgast þar ný jarðarber, auk annarrar framleiðslu. Það sama gildir um grænmetisbændur á staðnum, þeir bjóða velflestir vegfarendum að líta inn og kaupa afurðirnar beint af plöntunum.

holmfridur@frettabladid.is



**TÍNA BER** Jarðarberin taka að spretta á vorin og þá hafa starfsmenn Silfurtúns vart undan að tína þau af plöntunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta gengur alveg ágætlega, en þetta er mikil skorpuvinna, sem hentar kannski ekki öllum, heldur aðeins þeim sem hafa aðgang að lausafólki í stuttan tíma.
>
> **EIRÍKUR ÁGÚSTSSON**
> GRÆNMETISBÓNDI





**YFIRBUGAÐUR** Engan sakaði í átökunum á gatnamótunum og maðurinn var yfirbugaður. Vegfarandi tók meðfylgjandi mynd.

Réðst á tvo lögreglumenn:

## Fangi trylltist við flutninga

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður missti stjórn á sér í lögreglubifreið sem flutti hann úr Hafnarfirði á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík í gær. Tveir lögreglumenn voru í bílnum og upphófust nokkur átök milli þeirra og fangans þar sem bíllinn beið á umferðarljósum á gatnamótum Snorrabrautar og Hringbrautar.**

**Um hefðbundna flutninga var að ræða og talið er að maðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna. Þrír lögreglubílar til viðbótar komu til aðstoðar þegar maðurinn var yfirbugaður.** - bþh

Samaras lofar umbótum:

## Biður ekki um slaka frá ESB

**GRIKKLAND, AP** Antonis Samaras, forsætisráðherra hinnar nýju þriggja flokka ríkisstjórnar Grikklands, ætlar að hraða umbótum „ekki vegna þess að lánaskilmálar okkar krefjast þess, heldur vegna þess að við verðum að gera það“.

Hann viðurkenndi að sparnaðaráform ríkisins hafi ekki gengið öll eftir, en ætlar ekki að fara fram á að Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn slaki á kröfum sínum.

Svo ítrekaði hann að Grikkir hafi engan áhuga á að sleppa evrunni og taka upp drökmu á ný. - gb


**Stökktu til Mallorca**

Frá kr. 69.900

10. júlí í 2 vikur

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 10. júlí til Mallorca í 14 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Einnig erum við með ótrúlegt verð á hótel Amazonas með allt innifalið. **Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Kr. 69.900 - 14 nátta ferð**
Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 nætur.
Verð m.v. 2-3 í herbergi / stúdíó / íbúð kr. 109.900. 10. júlí í 14 nætur

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


„Vinir sýrlensku þjóðarinnar“ komu saman í París í gær:

# Clinton vill þrýsting á Rússa

**FRAKKLAND, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gagnrýndi rússnesk og kínversk stjórnvöld harðlega fyrir að standa í vegi fyrir því að alþjóðasamfélagið geti beitt Sýrlandsstjórn meiri þrýstingi.

„Eina leiðin til þess að það breytist er að hvert einasta ríki, sem á fulltrúa hér, geri Rússum og Kínverjum ljóst að þeir muni gjalda fyrir þetta,“ sagði hún á alþjóðaráðstefnu sem „Vinir sýrlensku þjóðarinnar“ efndu til í París í gær.

Þar voru saman komnir fulltrúar fjölmargra landa til að ræða ástandið í Sýrlandi, sem Clinton sagði vera orðið óþolandi.

Á fundinum var meðal annars samþykkt að útvega uppreisnarmönnum í Sýrlandi betri samskiptabúnað og veita þeim frekari stuðning í baráttu þeirra gegn Bashar al-Assad forseta.



**Á FUNDI Í PARÍS** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, framarlega í flokki „Vina Sýrlands“ á ráðstefnunni í París. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær bárust einnig fréttir af því að Manaf Tlas, sýrlenskur herforingi og einn nánasti samstarfsmaður Assads Sýrlandsforseta, hefði nú snúið baki við honum og flúið land.

„Meira að segja þeir, sem standa honum næst, eru farnir að átta sig á því að það er ekki hægt að styðja slátrara eins og Bashar al-Assad,“ sagði Laurent Fabius, forsætisráðherra Frakklands. - gb

husa.is

# PALLA DAGAR

## Í HÚSASMIÐJUNNI




**20% AFSLÁTTUR AF ALLRI VIÐARVÖRN!**

**20% AFSLÁTTUR AF WORX OG BLACK&DECKER**

**ALLT EFNI Í PALLINN ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR**



**GARÐPLÖNTU ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR**

**SUMARBLÓM 20% AFSLÁTTUR**



**TRJÁPLÖNTU VEISLA VERÐ FRÁ: 690kr**



**FJÖLÆRAR 30-70% AFSLÁTTUR**



**ÚTIPOTTAR 25% AFSLÁTTUR**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 06.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,61 | 128,21 |
| Sterlingspund | 198,28 | 199,24 |
| Evra | 157,9 | 158,78 |
| Dönsk króna | 21,211 | 21,335 |
| Norsk króna | 21,028 | 21,152 |
| Sænsk króna | 18,26 | 18,366 |
| Japanskt jen | 1,597 | 1,6064 |
| SDR | 192,27 | 193,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,2326

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþingi minnist Ingibjargar H. Bjarnason og tímamóta á morgun:

# 90 ár síðan fyrsta kona tók sæti

**ALÞINGI** Haldið verður upp á það á morgun að níutíu ár verða liðin frá því að Ingibjörg H. Bjarnason tók sæti á Alþingi, fyrst kvenna.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hefur boðið öllum konum, sem tekið hafa sæti á þingi sem þingmenn og varaþingmenn, til hátíðarsamkomu vegna þessa í Alþingishúsinu. Ásta Ragnheiður mun flytja ávarp og fyrrverandi þingmennirnir Kristín Ástgeirsdóttir og Helga Guðrún Jónasdóttir munu einnig flytja erindi. Kristín mun fjalla um Ingibjörgu og Helga Guðrún um stjórnmálaþátttöku kvenna. Þá mun kvennakórinn Vox feminae syngja við athöfnina.

Ingibjörg var landskjörin alþingismaður í átta ár, frá 1922 til 1930. Hún var kjörin á þing fyrir Kvennalistann í landskjöri en sat einnig á þingi fyrir Íhaldsflokkinn og svo Sjálfstæðisflokkinn. - þeb



**INGIBJÖRG H. BJARNASON** Níutíu ár eru liðin síðan fyrsta konan tók sæti á Alþingi. Ingibjörg sat á þingi fyrir Kvennalistann, Sjálfstæðisflokkinn og Íhaldsflokkinn.

Borgin kaupir friðað hús:

# Kaupir steinbæ á 14 milljónir

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg hefur keypt Vesturhús, gamlan steinbæ að Holtsgötu 41B. Borgin átti helming hússins fyrir, en það hefur verið friðað.

Borgin keypti bæinn á 14 milljónir króna en til stendur að koma ytra byrði þess í upprunalegt horf og selja það sem íbúðarhús.

Vesturhús var byggt árið 1884 og er hluti af tvöföldum steinbæ, Stóra-Seli. Það er eini tvöfaldi steinbærinn sem enn stendur en Selsbæirnir voru fimm talsins. - þeb



**SAMTAKAMÁTTUR** Fjöldi sjálfboðaliða úr Hveragerði mætti fyrr í vikunni til að hjálpa til við uppsetningu hússins.

Íbúar hjálpuðu til:

# Íþróttahúsið blásið upp í dag

**FÓLK** Fjöldi sjálfboðaliða úr Hveragerði hefur hjálpað til við að setja upp uppblásið íþróttahús í bænum síðustu daga. Húsið verður blásið upp í dag og munu bæjarbúar því eignast 5000 fermetra fjölnota íþróttahús.

Mikið hefur verið fjallað um ákvörðun bæjarins að setja upp íþróttahús af þessu tagi, en það verður hið fyrsta sinnar tegundar. Bæjarbúar drógu gólfdúk hússins og komu honum á sinn stað. Hann er níðþungur og því þurfti fjölmenni til að færa hann. Í kjölfarið var svo hægt að klára aðra vinnu síðustu daga. - þeb

**STJÓRNSÝSLA**

### Ráðin forstjóri FME

Unnur Gunnarsdóttir, sem starfað hefur sem settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), hefur verið ráðin í starfið. Hún var áður yfirlögfræðingur FME. Áður starfaði Unnur meðal annars hjá bankaeftirliti Seðlabankans og sem sérfræðingur í fjármálaþjónustu hjá skrifstofu EFTA í Brussel.

**HAGTÖLUR**

### Vöruskipti jákvæð í júní

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru vöruskipti við útlönd hagstæð um 4,8 milljarða króna. Útflutningur (fob) var nálægt 51,9 milljörðum króna og innflutningur 47 milljörðum.

# Makríllinn þyngist um 650 þúsund tonn í lögsögunni

**Rúmlega milljón tonn af makríl ganga inn í íslenska efnahagslögsögu og þar þyngist hann verulega. Það eru um 23% stofnsins. Hefur mögulega áhrif á viðhald sandsíla. Ísland veiðir um 16% af heildaraflanum.**

**FRÉTTASKÝRING**
Um hvað snýst makríldeilan?

Stál er í stál í makríldeilunni og hvorugur aðilinn virðist ætla að gefa eftir. Íslendingar hafa sett sér kvóta fyrir makríl og telja það vera verndaraðgerð af sinni hálfu. Evrópusambandið (ESB) og Noregur telja hins vegar að með því séu Íslendingar að skammta sér einhliða kvóta úr sameiginlegum stofni.

Makríll barst helst á land hér á landi sem meðafli síldarinnar. Árið 2006 komu um 4.200 tonn hér á land sem fóru að mestu í bræðslu. Árið 2008 fór makríllinn að ganga í auknum mæli inn í íslenska lögsögu og sprenging varð í makrílveiðunum. Aflinn fór úr 36 þúsund tonnum árið áður í 116 þúsund tonn. Síðan hefur hann aukist jafnt og þétt.

ESB og Noregur veiða um 90% af öllum makríl í Norðaustur-Atlantshafinu og hafa gert lengi. Þau mótmæltu því harðlega þegar Íslendingar juku veiðarnar og töldu um rányrkju að ræða. Íslendingar héldu því hins vegar fram að þeir væru strandríki að makrílnum, þar sem hann gengi inn í íslensku lögsöguna.

Mótaðilarnir viðurkenndu ekki fyrr en árið 2010 að svo væri og fram að því var Íslendingum ekki hleypt að samningaborðinu um makrílkvótann. Þar erum við nú sest, en samningar eru enn víðs fjarri.

Framan af voru makrílveiðar utan kvóta, en árið 2009 settu stjórnvöld kvóta á makríl.

## Talinn geta haft áhrif á sandsíli og loðnu

Rannsóknir sýna að sandsíli er hluti af fæðu makríls og eins loðna. Í skýrslu vinnuhóps um makrílveiðar, sem unnin var fyrir sjávarútvegsráðherra, segir að vísbendingar séu um að makríll geti hugsanlega haft áhrif á afkomu þessara tveggja stofna. Skörun makríls og loðnu sé reyndar ekki mikil, þar sem loðnan heldur sig í kaldari sjó en makríllinn sækir almennt í.

„Aftur á móti gæti makríllinn haft veruleg áhrif á afkomu sandsílis þar sem útbreiðsla þess og makríls skarast talsvert hér við land að sumarlagi. Sandsílastofninn var þegar í lægð er makríllinn hóf að venja komur sínar hingað í því magni sem verið hefur seinustu ár en ekki er hægt að útiloka að makríllinn geti haft áhrif á endurreisn sandsílastofnsins.“

Hvað aðra fiskistofna nytjastofna varðar, einkum uppsjávarfiska, eru áhrifin fyrst og fremst talin afleiðing af fæðusamkeppni en síður vegna afráns á þeim fiskitegundum sem fyrir eru. Þessar rannsóknir eru þó á frumstigi.



**MAKRÍLVINNSLA** Makríll skipar æ stærri sess í íslenskum sjávarútvegi. Árið 2011 veiddu Íslendingar tæp 160 þúsund tonn af makríl. Hér er unnið að makríl í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON




„Það var í raun verndaraðgerð af okkar hálfu að hverfa frá óheftum veiðum og setja á þær þak,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála.

ESB og Noregur brugðust hins vegar ókvæða við og töldu að Íslendingar væru að úthluta sér einhliða kvóta. „Það hefði vissulega mátt gagnrýna okkur ef við hefðum haft veiðarnar áfram óheftar. Það höfum við ekki gert heldur sett okkur einhliða mörk, sem er það eina sem hægt er að gera ef ekki næst saman og menn vilja samt vera ábyrgir,“ segir Steingrímur.

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til 640 þúsund tonna kvóta á makríl árið 2011. Íslendingar lögðu til að allir drægju úr sínum veiðum um 30% og héldu sig innan marka ráðsins. Því höfnuðu ESB og Noregur og tóku sér 90% af kvótanum.

Íslendingar, Rússar og Færeyingar héldu sig þá við sinn kvóta og því var veitt langt umfram ráðlagt magn, eða 930 þúsund tonn.

kolbeinn@frettabladid.is


## FRÓÐASTI FERÐAFÉLAGINN
### Ný og endurbætt útgáfa




Eymundsson metsölulisti
20.06.12 - 26.06.12

Í Vegahandbókina er komin ný, ýtarleg **24 síðna kortabók, á bls. 574-599.** Hér færð þú skýra yfirsýn yfir landsvæði Íslands - í mælikvarðanum **1:500 000.** Auðvelt er að fletta á milli bókarinnar og kortabókarinnar til að fá yfirsýn yfir það svæði sem ferðast er um. Tilvísanir leiða þig á rétta blaðsíðu. Ef þú ert t.d. að aka til **Búðardals og ert á bls. 281 í bókinni** og vilt fá meiri yfirsýn yfir svæðið er tilvísun á síðunni sem **vísar þér á kort nr. 3 á bls. 578 í kortabókinni.**

**FULLT VERÐ 4.990 KR.**

1000 kr. afsláttur ef þú kemur með gömlu bókina
(einungis hægt að skipta í bókabúðum, ekki bensínstöðvum)

vegahandbokin.is

Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝJAST A-TIL**
Einna bjartast A- og SA-til í dag og á morgun. Dálítil væta V- og NA-til í dag. Á morgun verður úrkoma NV-til en annars nokkuð bjart. Snýst í N-átt annað kvöld með úrkomu um allt N-vert landið. Kólnar í veðri N-til en áfram milt S-lands.




**Á MORGUN**
5-12 m/s NV-til en hægviðri S- og A-til

**MÁNUDAGUR**
5-13 m/s NV-til, annars hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 36° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 23° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# HÁTÆKNI HVATNING HÆFILEIKAR FULLKOMIN ÞRENNA

Afreksíþróttamaðurinn Helgi Sveinsson setur markið hátt. Hann setti nýlega Íslandsmet í 100m hlaupi í flokki aflimaðara og stefnir enn hærra. Með hátæknivörum frá Össuri, hvatningu frá Íþróttasambandi fatlaðra og eigin hæfileikum myndast fullkomin þrenna.

•• www.ossur.com

You Tube

ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

ÖSSUR

*Life Without Limitations*®

KJÖRKASSINN



*Á að þyrma lífi allra hvítabjarna sem þvælast hingað til lands?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,2% |
| Nei | 72,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú bjartsýnni á horfur í efnahagsmálum en í upphafi árs?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Dómari telur morðingja Þóru Eyjalínar Gísladóttur ekki eiga sér neinar málsbætur:

# Hlífar Vatnar í 16 ára fangelsi fyrir morð

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær Hlífar Vatnar Stefánsson, 23 ára, í sextán ára fangelsi fyrir morð.

Hlífar játaði að hafa orðið Þóru Eyjalín Gísladóttur, 35 ára, að bana á heimili sínu í Hafnarfirði í febrúar síðastliðnum.

Hlífar kom sjálfur á lögreglustöðina í Hafnarfirði að morgni mánudagsins 6. febrúar í annarlegu ástandi. Hann sagði geimveru hafa ráðist á hann með hnífi og stungið tíu til tuttugu sinnum. Hann hafi náð af henni hnífnum og banað henni.

Í kjölfarið fóru lögreglumenn á heimili hans og fundu Þóru látna. Aðkoman var hræðileg, Þóra hafði verið stungin margsinnis og skorin á háls og hafði verið látin frá því fyrir helgi.

Hlífar neitaði því aldrei að hafa banað Þóru en kvaðst þó ekki muna eftir eftir atburðinum.

Geðlæknar, sem fengnir voru til mats, telja það geta staðist, enda kunni mikil neysla rítalíns í æð að valda mönnum óminnisástandi, haft ofsafengin áhrif og kveikt morðhugsanir í höfði notenda.



**ENGIN MISKUNN** Þótt Hlífar fullyrði að hann hafi upplifað ógn þá er það ekki metið honum til refsilækkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í dómnum segir að rannsóknarskýrslur bendi til þess að Hlífar hafi gengið ákveðið til verks, beitt hnífnum af afli og atlaga hans hafi verið hrottaleg.

Hann eigi sér engar málsbætur og að ógnin sem hann taldi sér hafa stafað af Þóru verði ekki metin honum til refsilækkunar.

Hlífar er dæmdur til að greiða átján ára syni Þóru tvær milljónir í miskabætur og foreldrum hennar eina milljón hvoru, auk þess sem honum er gert að greiða fyrir útför hennar.

**- sh**


# KRÁKA:

*Af ævi og söngvum Krákunnar*

**eftir Ted Hughes**

Hallberg Hallmundsson sneri á íslensku

*Ted Hughes tileinkaði KRÁKU Assiu og Shuru. Assia var konan sem komst upp á milli Hughes og eiginkonu hans, bandarísku skáldkonunnar Sylviu Plath. Plath hefndi sín með því að stinga höfðinu inn í gaseldavélina og skrúfa frá. Sex árum síðar gerði Assia það sama og tók Shuru með sér.*






------------------





**Rétt fyrir andlát sitt í janúar 2011 bað Hallberg ættingja sína um að koma þeim ljóðaþýðingum hans á prent sem tilbúnar voru í tölvunni hans þar á meðal *Krákunni* hans Hughes. Hallberg hafði áður gefið út þýðingar sínar á nokkrum ljóðum eftir Ted Hughes í kveri sem hann kallaði *Þistlar*.**

**Dreifing: JPV.**

Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum





# Bragðgóða Bologna

Verð frá:

**25.998 kr.***

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.

**BÓKAÐU HÓTEL OG BÍL**

200.000 hótel í 165 löndum / 800.000 bílar í 125 löndum

FITON / SÍA

**Iceland Express**

- lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is


## Öflugustu flokkarnir

**Þjóðaraflsflokkurinn**
Flokkur frjálslyndra múslima sem vilja nútímalegt lýðræðis- og réttarríki sem hefði þó hófsama íslamstrú í hávegum.

**Réttlætis- og uppbyggingarflokkurinn**
Flokkur tengdur Bræðralagi múslima, öflugri fjölþjóðlegri hreyfingu íslamista sem ekki fékk að starfa í Líbíu meðan Gaddafí ríkti.

**Ættjarðarflokkurinn**
Flokkur heittrúaðra þjóðernissinna, sem segist vilja stofna lýðveldi hófsamra íslamista í landinu.

**Þjóðfylkingarflokkurinn**
Flokkur veraldlegra sinnaðra afla sem voru í fararbroddi uppreisnarinnar gegn Gaddafí á síðasta ári.



**KOSNINGABÆKLINGUM DREIFT** Stuðningsmenn Réttlætis- og uppbyggingarflokksins, sem er flokkur Bræðralags múslima, hafa verið iðnir við að kynna stefnu sína síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

# Flestir flokkarnir boða íslamskt ríki

**Líbíumenn kjósa sér í dag bráðabirgðaþing, sem fær það hlutverk að kjósa ríkisstjórn, sem síðan á að stjórna landinu þangað til væntanlegt stjórnlagaþing landsins, sem enn er ókosið, hefur komið sér saman um nýja stjórnskipan.**

**LÍBÍA, AP** Líbíumenn hafa margir beðið óþreyjufullir eftir því að fá nýja stjórn í staðinn fyrir bráðabirgðaráðið sem stjórnað hefur landinu frá því Múammar Gaddafí var steypt af stóli síðasta sumar.

Bráðabirgðaráðið var stofnað af andstæðingum Gaddafís strax á fyrstu vikum uppreisnarinnar.

„Bráðabirgðaráðið hagar sér eins og hauslaus hani,“ segir Yassar al Bashti, einn þeirra sem bjóða sig fram til þings, en í dag ganga Líbíumenn til kosninga og kjósa bráðabirgðaþing sem á að stjórna þangað til ný stjórnarskrá hefur verið samin.

Nýja þingið á að velja sér ríkisstjórn, en innan árs á svo stjórnlagaþing, sem enn er ókjörið, að hafa lokið við gerð nýrrar stjórnarskrár.

Hátt í fjögur hundruð stjórnmálaflokkar eru í framboði, en fjórir þeirra virðast eiga mestan stuðning. Engum þeirra er spáð hreinum meirihluta á þingi þannig að niðurstaðan verður líklega sú að mynda þurfi samsteypustjórn tveggja eða fleiri flokka að kosningum loknum.

Stjórnmálaskýrendur telja að Líbíumenn kjósi sér flokka eftir því hvort frambjóðendur þeirra eru þekktir einstaklingar, frekar en að spá mikið í hugmyndafræði flokkanna.

Íbúar landsins eru langflestir múslímar. Þeir eru almennt íhaldssamir og nánast allir stjórnmálamenn eru þeirrar skoðunar að íslömsk lög eigi að gegna hlutverki í stjórnskipan landsins.

Spennan í kosningunum snýst helst um það hvort vesturhluti landsins eða austurhlutinn verður ráðandi, eða hvort mönnum tekst að finna viðunandi jafnvægi þarna á milli.

Höfuðborgin Trípolí er í vesturhlutanum og þar átti Gaddafí mestan stuðning, en uppreisnin hófst í austurhlutanum þar sem andstaðan við Gaddafí var sterkust.

Í austurhlutanum eru einnig miklar olíulindir sem íbúarnir þar vilja ekki láta íbúa höfuðborgarinnar sitja eina að.

„Við viljum ekki að Trípolí stjórni öllu landinu,“ segir Fadlallah Haroun, einn af uppreisnarforingjunum frá Benghazi, borginni í austurhluta landsins þar sem uppreisnin hófst.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Viðamiklar breytingar verða gerðar á skipan Stjórnarráðsins í september:

# Steingrímur í stað Oddnýjar

**STJÓRNSÝSLA** Steingrímur J. Sigfússon tók í gær við starfi Oddnýjar G. Harðardóttur sem starfandi iðnaðarráðherra fyrir Katrínu Júlíusdóttur, sem er í fæðingarorlofi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur undirritað forsetaúrskurði um breytingar á ráðuneytum, en þær taka gildi 4. september.

Steingrímur hefur nú umboð til að vinna að stofnun nýs atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, en inn í það renna að hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti og iðnaðarráðuneytið að fullu. Þá verða einnig til umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur segir að nú fari í gang undirbúningur nýja ráðuneytisins, ræða þurfi við starfsfólk og skoða húsnæðismál, en stefnt er að því að ráðuneytið verði undir einu þaki.

„Það verður líklegast í sjávarútvegshúsinu, það er stærsta húsið og þar er þegar svolítið laust húsnæði.“ Steingrímur segir að öllum starfsmönnum verði boðin störf, en viðbúið sé að það fækki í efsta laginu hjá ráðuneytis- og skrifstofustjórum.

„Það var hárrétt að fara í þessar breytingar og fækka ráðuneytunum úr tólf í átta. Þau hafa orðið stærri og öflugri og líkari hvoru öðru að stærð.“

Steingrímur er því í dag sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og starfandi iðnaðarráðherra. Raunar er hann einnig starfandi forsætisráðherra í fjarveru Jóhönnu Sigurðardóttur.

**- kóp**














# NÝ HAGKAUPSBÓK

## EFTIR HREFNU RÓSU SÆTRAN

**2.499kr.**






24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*






**BORGARBRAGUR** Reykjavík vermir neðsta sætið í úttekt PwC á samkeppnishæfni höfuðborga á Norðurlöndum. Þó eru jákvæð teikn á lofti og möguleikar eru til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stendur öðrum að baki en tækifæri bíða

**Reykjavík stendur öðrum norrænum höfuðborgum að baki hvað varðar samkeppnishæfni, samkvæmt nýrri alþjóðlegri úttekt PwC. Mörg tækifæri eru þó til staðar fyrir Reykjavík og margt gefur tilefni til bjartsýni fyrir borgirnar.**

**REYKJAVÍK** Þrátt fyrir að Reykjavík standi öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum að baki á flestum sviðum sem hafa áhrif á samkeppnishæfni borga eru fjölmörg tækifæri fyrir hendi.

Þetta segir í nýrri alþjóðlegri úttekt ráðgjafafyrirtækisins PwC sem kom út í gær, en þar var samkeppnishæfni borganna á hinum ýmsum sviðum borin saman og sett í alþjóðlegt samhengi.

Í skýrslunni, sem ber yfirskriftina Northern Lights – The Nordic Cities of Opportunity, segir að þó að borgirnar eigi í innbyrðis samkeppni um að laða að sér fjárfestingar, fyrirtæki og ferðamenn, sé engu að síður mikilvægt að þær efli samvinnu sín á milli til að standa betur að vígi á alþjóðlegum vettvangi.

### Norræna leiðin

Niðurstaða PwC er sú að þrátt fyrir að enn sé langt í land með að ná risaborgum heimsins í samkeppnishæfni séu norrænu borgirnar á réttri leið. Allar búi þær að svipaðri grunngerð með miklum lífsgæðum þar sem rík áhersla sé lögð á markaðshagkerfi með félagslegum áherslum.

Lykillinn að bættri samkeppnishæfni sé að bæta viðskiptaumhverfi með því að liðka fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, bæta vinnulöggjöf og ekki síst endurskoða skattastefnu.

## Reykjavík rekur lestina

**Heildarstig**

| | |
|---|---|
| **1.** Stokkhólmur | 211 |
| **2.** Kaupmannahöfn | 201 |
| **3.** Helsinki | 186 |
| **4.** Ósló | 174 |
| **5.** Reykjavík | 128 |

*Stig voru gefin fyrir stöðu borganna í hverju tíu sviða í úttektinni. Reykjavík náði best öðru sæti á sviði heilbrigðis- og öryggismála, en undir hverju sviði voru margir undirflokkar.*

### Litla systir

Reykjavík er í síðasta sæti allra þessara systraborga í heildarúttektinni, en engu að síður leiða gögn PwC, sem var aflað í fyrra í söfnum viðurkenndra alþjóðastofnana, það í ljós að margt gefur tilefni til bjartsýni þegar horft er fram á veginn.

Hagvöxtur í Reykjavík árið 2011 var 2,1 prósent, sem er meira en var í Ósló og Kaupmannahöfn, og auk þess voru Reykvíkingar í öðru sæti í þremur flokkum á sviði nýsköpunar og menntunar; stærð kennslubekkja, framboði á stærðfræði- og vísindakennslu og hlutfalli íbúa með háskólamenntun.

Á tæknisviði voru Reykvíkingar svo í fyrsta sæti hvað varðar netaðgang í skólum og á sviði heilbrigðis- og öryggismála er Reykjavík í öðru sæti í heildina, þökk sé sterkri stöðu heilbrigðismála þar sem Reykjavík er í öðru sæti, og þá er þar enn lægsta glæpatíðnin.

Loks er Reykjavík í öðru sæti í skattheimtu, rétt á eftir Kaupmannahöfn sem vermir efsta sætið, og einnig í öðru sæti yfir hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki.

Þá er sérstaklega tekið fram að eftirtektarverð klasamyndun á sviðum orkunýtingar og umhverfisferðamennsku hafi átt sér stað í Reykjavík að undanförnu.

### Endurreisnin

Skýrslan segir að gögnin sýni svo ekki verði um villst að sterkir innviðir íslensks samfélags séu lykillinn að endurreisn.

„Það mun ekki gerast tafarlaust,“ segir þar, „en ef til vill skjótar en flestir þorðu að vona fyrir nokkrum árum síðan.“

Í skýrslunni er meðal annars haft eftir Staffan Iversson, einum æðsta embættismanni Stokkhólms, að merkilegt sé „hversu fljótt og ákveðið“ Reykvíkingar hafi brugðist við þeim áskorunum sem blöstu við í kjölfar áfallanna.

thorgils@frettabladid.is



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Verið velkomin á stórsýningu Toyota í dag

## Frumsýnum Yaris Hybrid



ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 60308 07/12

Í dag, milli klukkan 12 og 16, heldur Toyota Kauptúni sína fyrstu bílasýningu í nýjum sýningarsal í Kauptúni 6 Garðabæ, við hliðina á Ikea. Þar verður nóg um að vera og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi því að við frumsýnum þrjá flunku-nýja bíla.



**Yaris Hybrid**, bifreið sem notar aðeins 3,5 lítra á hverja 100 kílómetra í blönduðum akstri.



**Lexus GS 450h**, glæsilegur lúxusbíll sem eyðir minna og mengar minna en aðrir bílar í sama flokki.



**GT86**, afturhjóladrifinn sportbíll sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu um allan heim.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rússland og Kína standa í vegi fyrir valdaskiptum í Sýrlandi:

# Kaldastríðsleikur

Enn halda fjöldamorð og önnur grimmdarverk áfram í Sýrlandi. Sífellt berast nýjar fréttir af villimennsku stjórnvalda, nú síðast af kerfisbundnum pyntingum á fólki sem talið er andsnúið stjórn Bashar al-Assads, jafnvel börnum.

Og áfram stendur umheimurinn hjá, meira og minna ráðþrota gagnvart þessari mannvonzku. Mannréttindasamtök og hreyfingar stjórnarandstæðinga í Sýrlandi krefjast aðgerða. Amnesty International og Human Rights Watch hafa til að mynda farið fram á að Alþjóðaglæpadómstóllinn verði virkjaður til að rétta yfir þeim, hvort heldur er úr stjórnarliðinu eða andspyrnuhreyfingunni, sem framið hafa stríðsglæpi. Uppreisnarmenn hafa farið fram á að önnur ríki framfylgi flugbanni yfir landinu, eins og NATO gerði í Líbýu. Sömuleiðis hefur verið farið fram á vopnasölubann á Sýrland og harðari efnahagslegar refsiaðgerðir.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Í gær komu tugir ríkja, sem kalla sig vini sýrlenzku þjóðarinnar, saman í París og reyndu að finna leiðir til að stöðva blóðbaðið í Sýrlandi. Þrátt fyrir harðorðar lokayfirlýsingar er því miður ekki ástæða til að ætla að árangurinn verði mikið meiri en hingað til, af ýmsum ástæðum.

Í fyrsta lagi gerðist ekki mikið annað en að fyrri yfirlýsingar voru endurteknar – og þær hafa ekki dugað til að fá Assad og stjórn hans til að hætta að drepa borgarana. Sýrlenzk stjórnvöld hafa til dæmis ekkert hlustað á vikugamla samþykkt um að þeim beri að koma á bráðabirgðastjórn með uppreisnarmönnum.

Í öðru lagi er ósamkomulag í hópnum um hvort eigi að vopna uppreisnarmenn í Sýrlandi eða ekki. Sádi-Arabía og Katar senda þeim vopn til að vega upp á móti vopnasendingum Rússa til sýrlenzkra stjórnvalda. Þetta hellir eingöngu olíu á eldinn í landinu.

Síðast en ekki sízt vantaði á fundinn í París ríkin sem hafa til þessa verið helztu stuðningsmenn stjórnar Assads; Rússland, Kína og Íran. Fyrrnefndu ríkin tvö hafa neitunarvald í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og hafa þar mánuðum saman komið í veg fyrir að gripið verði til einhverra aðgerða sem duga til að koma Assad frá völdum og ná tökum á ástandinu í landinu.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gagnrýndi Kína og Rússland harðlega fyrir að standa í vegi fyrir því að Assad verði látinn taka pokann sinn. „Ég held að Kínverjum og Rússum finnist þeir ekki vera látnir gjalda fyrir stuðning sinn við stjórn Assads í einu eða neinu," sagði Clinton.

Það er rétt hjá henni. Ríki heims hafa ekki sett þann þrýsting á stjórnvöld í Moskvu og Peking sem þau ættu að gera vegna þessarar afstöðu þeirra. Íslenzk stjórnvöld ættu til dæmis ekki bara að vera að tala við Kína um samstarf á norðurslóðum og ísbrjótaheimsóknir; þau ættu að hvetja Kínverja til að breyta um afstöðu í Sýrlandsmálinu.

Ýmislegt bendir til að stjórn Assads sé að hrynja. Einn af nánustu stuðningsmönnum hans, hershöfðinginn Manaf Tlas, var í gær sagður hafa flúið land. En þar með er ekki sagt að friður komist á í Sýrlandi. Stjórnarandstaðan er margklofin og trúar- og þjóðernisdeilur krauma undir yfirborðinu. Ekki sízt þess vegna er svo mikilvægt að ríki heims hafi sameiginlega, trúverðuga áætlun um hvað eigi að taka við í Sýrlandi og Rússland og Kína hætti þessum fráleita kaldastríðsleik.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871






## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Bylting?

Forseti Íslands taldi að kosningarnar bæru vott um vitræna umræðu þjóðarinnar um stjórnskipunarmál og staðfestu stuðning fólksins við lýðræðisbyltingu hans sjálfs. Þessi staðhæfing er úr lausu lofti gripin. Sú umræða fór aldrei fram. Fremur má segja að frambjóðendurnir hafi í misjafnlega ríkum mæli gefið kjósendum villandi mynd af völdum forsetans. Það var ekkert sérlega vitrænt í því.

Það sem gerðist var að forsetinn sneri vörn í sókn gegn frambjóðendum sem áttu lítið erindi með því fyrst og fremst að gera meira úr áhrifum synjunarvaldsins en efni standa til. Það tókst.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þjóðin snerist gegn öllum tilraunum til að semja um lausn Icesave-deilunnar. Forsetinn hagnýtti sér það Icesave-lög í þjóðaratkvæði. Fyrir það þökkuðu margir sem voru bæði ósáttir við ríkisstjórnina og aðild forystu Sjálfstæðisflokksins að síðustu samningunum. Þeir sem voru æfir vegna framgöngu forsetans í fjölmiðlamálinu fyrir átta árum höfðu því gleymt því enda minntist hann aldrei á þá byltingu í kosningabaráttunni.

Athyglisvert er að menn leita aldrei svara við því hvað hefði gerst ef synjunarvaldinu hefði ekki verið beitt þrívegis í þessum tveimur málum. Hvaða aðrir kostir voru í stöðunni? Þetta þarf að meta til þess að fá rétta mynd. Það er líka nauðsynlegt til þess að málefnaleg umræða geti farið fram um synjunarvaldið, eins og það er nú ákveðið í stjórnarskrá, og aðra kosti í þeim efnum.

# Eða upphafning?

Fyrra málið snerist um það hvort sú takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla sem þáverandi ríkisstjórn vildi lögleiða samræmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um prentfrelsi og tjáningarfrelsi. Stjórnarskráin mælir svo fyrir að dómstólar skeri úr slíkum ágreiningi og séu vörn borgaranna ef út af er brugðið. Sú skjaldborg er virk og verður ekki bætt með þjóðaratkvæði. Forsetinn kom í veg fyrir að dómstólar gegndu þessu hlutverki.

Þegar forsetinn fékk áskoranir um að synja svonefndum öryrkjalögum hafnaði hann því vegar þeim óskum með vísan til þess að ágreiningurinn snerist um stjórnarskrána og heyrði því undir dómstóla.

Fyrri synjun forseta á Icesavelögunum sem ríkisstjórnin stóð ein að leiddi til þess að Bretar og Hollendingar buðust til að semja að nýju með því skilyrði að stjórnarandstaðan ætti þar aðild að. Synjunin þvingaði því sannarlega fram nýja samningsstöðu sem ekki hefði fengist ella.

Ríkisstjórnin og Sjálfstæðisflokkurinn stóðu sameiginlega að síðustu Icesave-lögunum á Alþingi. Það mál snerist um að festa viðunandi lausn í samningi eða láta óvissuna standa þar til EFTA-dómstóllinn skæri úr. Forsetinn setti traust sitt á alþjóðlegan dómstól. Þjóðin var sammála því. Vogun vinnur og vogun tapar. Hvort það reynist betri lausn kemur ekki í ljós fyrr en dómur fellur.

Af þessu má ráða að einungis fyrri synjunin á Icesave-lögunum bætti stöðu borgaranna með ótvíræðum hætti. Í hinum tveimur tilvikunum er ekki með rökum unnt að halda því fram.

Á fjölmiðlalögin reyndi aldrei fyrir Hæstarétti því Alþingi beygði sig fyrir forsetanum og felldi lögin úr gildi. Hvorug þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave leiddi hins vegar til málaloka. Fullkomin óvissa ríkir enn um lyktir þess máls. Tal forsetans um synjunarvaldið er því nær persónulegri upphafningu en lýðræðisbyltingu.

# Forsætisráðherra á leik

Þegar forsetinn hæðist að Alþingi vegna ótrúverðugleika gleymir hann því að öll stjórnarfrumvörp eru lögð fram í hans nafni, líka þau sem hann synjar. Í stjórnskipulegum skilningi er forsetinn og ríkisstjórnin eitt og sama fyrirbærið.

Hugmyndir forsetans virðast hins vegar byggja á því að kljúfa framkvæmdavaldið í tvennt, forseta og ríkisstjórn, þegar það hentar honum. Það væri stjórnskipulegur óskapnaður sem á ekkert skylt við valdajafnvægi löggjafarvalds og framkvæmdavalds sem víða þekkist. Ríkisstjórnin hefur brugðist í að beita þeim valdheimildum sem hún hefur til að halda forsetanum í skefjum þótt stjórnarskrárreglurnar þurfi líka að bæta.

Það er heldur öfugsnúið þegar forsetinn skammar forsætisráðherra eigin ríkisstjórnar fyrir að halda illa á endurskoðun stjórnarskrárinnar. En veruleikinn er þó sá að þar hefur forsetinn lög að mæla.

Forsætisráðherrann gerði best í því að taka forsetann á orðinu og bjóða stjórnarandstöðunni upp á viðræður um breytingar í áföngum sem líklegt er að ná megi samstöðu um. Byrja mætti á forsetanum, auðlindunum og aðild að fjölþjóðasamtökum sem deila fullveldisrétti á ákveðnum sviðum. Forsetinn er í valdatafli og forsætisráðherrann á leik. Svo er líka hægt að sitja við sinn keip.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PETER VAN HOLLAND

POLO
RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17



# Um ástríðufulla afann sem hvarf

Bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Höll minninganna, er spunnin út frá ævi og örlögum Árna Benediktssonar. Barnabörn Árna, þau **John William Stephenson** og **Ásta Kristrún Ragnarsdóttir**, sögðu *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* blaðamanni frá þessum afa sem hvarf og listhneigðri ömmu sinni sem týndi barni sínu í Bandaríkjunum. Einnig koma Valgeir Guðjónsson og guðseindin við sögu.

Flest geymum við innsiglaða mynd af ömmu okkar og afa í hugskotinu. Í hugum margra Íslendinga eru þau eins og bjargföst eining sem hélt ættinni saman. Fólkið sem hægt var að ganga að vísu í koti sínu þar sem lyktin af pönnukökum lá alltaf í loftinu og ekkert virtist getað haggað þessari veröld þeirra nema kannski tíminn.

Saga myndlistarmannsins Johns Williams Stephenson er þó alveg á skjön við þessa mynd því ástríðan sem svall í æðum afa hans, Árna Benediktssonar frá Selárdal í Arnarfirði, varð til þess að örlögin ófu honum dramatískari og ótrúlegri vef en bestu skáld geta spunnið.

Afinn sem hvarf er reyndar orðin ódauðleg persóna eftir að Ólafur Jóhann Ólafsson skáldaði út frá ævi hans og örlögum í bókinni „Höll minninganna“ sem kom út árið 2001. Blaðamaður spurði Stephenson og Ástu Kristrúnu hins vegar út í hinn raunverulega afa þeirra, Árna Benediktsson.



**MÁLVERKIN KOMIN UPP ÚR GOLFTÖSKUNNI** Hér má sjá Valgeir ásamt barnabörnum þeirra Árna sem hvarf og Kristrúnar, þau Stephenson, Ástu Kristrúnu og Gunnar Bjarnason. Málverkin voru flutt til landsins í golftösku en nú er hægt að líta þau í menningarsetrinu Nema Forum við Lækjartorg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**JOHN WILLIAM STEPHENSON** Myndlistarmaðurinn rekur raunir sínar yfir nýlöguðu kaffi í menningarmiðstöðinni við Lækjartorg.

### Hinn raunverulegi afi

„Þetta var flottur karl og skemmtilegur,“ segir myndlistarmaðurinn og bros færist yfir andlit hans. Stephenson er eina barnabarnið sem sá afa eftir að hann stakk af vestur til Bandaríkjanna. „Ég var sendur til hans í sumardvöl í New York. Þó ég væri ekki nema fimm ára þá tók hann mig út um allt. Við fórum í bíó, í gönguferð í Madison Square Garden, upp í Empire State-turninn og þar sem hann hafði nú svo gaman af kvenfólki þá fór hann líka með mig á kabarettsýningar þar sem léttklæddar konur fóru um sviðið. Þannig að það má segja að hann hafi beint mér yfir á réttar brautir,“ segir Stephenson og skellihlær.

### Í holdið kleip hann svolítið

Þegar Kristrún Hallgrímsson, amma þeirra Stephenson og Ástu Kristrúnar, nældi í Árna á sínum tíma fannst fólki sitthvað um ráðahag hennar. Hún var komin af miklu verslunarfólki frá Eyrarbakka en hann var sveitasonur úr Arnarfirði, tíu árum yngri en hún og iðandi af æsku. Flestir voru þó sammála um að hann væri fríðleiksmaður mikill og með mikla persónutöfra. Hann gekk þó beint inn í verslunarveldi ættarinnar og varð kaupmaður á Eyrarbakka. Þurfti hann oft að fara til útlanda eins og títt var um virðulega kaupmenn en í einni slíkri ferð kynntist hann sænskri blómarós sem hann kleip svolítið í holdið eins og Valgeir Guðjónsson, eiginmaður Ástu Kristrúnar, myndi eflaust orða það.

### Eiginkonan og hjákonan ólétta

Svo óheppilega vildi til að sænska hjákonan og Kristrún báru báðar barn Árna undir belti á sama tíma. Hann ákvað þá að koma með hjákonuna til Íslands og búa henni heimili í Hafnarfirði. „Þótt sársauki Kristrúnar hefði verið mikill vildi hún koma í veg fyrir að börnin þeirra fimm hlytu skaða af,“ segir Ásta Kristrún. „Þegar sænska konan veiktist við barnsburð og var ekki fær um að gefa barni sínu mjólk, sendi Kristrún amma barninu daglega mjólk frá sér. Af henni hafði hún nóg þar sem Katrín, yngsta dóttir þeirra hjóna, var enn á brjósti.“

Henni var einnig mjög í mun að Árni og nýja fjölskylda hans færu ekki langt því þrátt fyrir allan harminn vildi hún halda fjölskyldutengslunum.

### Afi hverfur

En Kristrúnu varð ekki að ósk sinni því allt í einu og fyrirvaralaust var Árni horfinn með þeirri sænsku og ungbarni þeirra vestur yfir haf. Hún sá hann aldrei síðan. Í Bandaríkjunum hafði Árni þann starfa lengst af að vera einkaþjónn fjölmiðlakóngsins Williams Randolphs.

Þau Stephenson og Ásta Kristrún eru sammála um að Dúna amma, eins og þau nefna Kristrúnu jafnan, hafi verið merkileg kona. „Hún var gömul sál og svo þroskuð að þrátt fyrir mótlætið hraut henni aldrei styggðaryrði af munni,“ segir Ásta Kristrún. „Það mátti til dæmis enginn tala illa um afa í hennar húsum,“ bætir hún við.

Kristrún var listamaður mikill. „Hún var mikill píanisti og kenndi flestum fyrstu stórpíanistum þjóðarinnar,“ segir Ásta Kristrún. „Hún var líka myndlistarkona en myndir hennar voru fullar af boðskap sem hún síðan festi í ull með fornískenskum krosssaumi.“ Stephenson að greinilega ekki langt að sækja það.

### Amma leitar að afa

Kristrún var heldur ekki skyni skroppin og einn dag fær hún teikn um að Árni eigi um sárt að binda svo hún ákveður að halda til Bandaríkjanna með þrjú yngstu börn sín að leita að honum. Þeirra á meðal var Katrín, móðir Stephensons. Ekki fundu þau Árna en aftur tóku örlögin að spinna hinn skáldlegasta vef. Ásta Kristrún kann skil á ævintýrunum sem biðu þeirra í þessari vesturferð: „Dramatískar upplifanir lituðu för Kristrúnar alla,“ segir hún. „Allt frá því að hún kom vestur og var vistuð með börnunum á fangaeyjunni Ellis Island, þar til að hún varð viðskila við yngsta barn sitt, hana Katrínu, sem hafði svo gott sem verið rænt af barnlausum presthjónum sem tóku ástfóstri við hana á meðan Kristrún var í Dakota. Kristrún náði því ekki að taka Katrínu með þegar hún sneri aftur til Íslands. Katrín var þar með líka horfin og Kristrún fékk engar fregnir af henni þar til hún var orðin átján ára. Þá fyrst upplýstu presthjónin hana um fullan kistil bréfa sem móðir hennar hafði sent í von sinni að þau næðu til Katrínar litlu.“

### Systkinabörnin hittast

Katrín var kostuð til æðri mennta. „Síðan fékk hún vinnu á skrifstofu í Berkeley háskólanum,“ segir Stephenson um móður sína. „En hún vann sig svo upp í að verða ritari rektorsins.“ Hún giftist manni af norskum ættum svo hann Stephenson er norrænn í húð og hár.

En ekki voru allar leitarferðir ættarinnar til Bandaríkjanna jafn dramatískar því þegar Ásta Kristrún er sautján ára fer hún til Kaliforníu og kynnist Stephenson, frænda sínum sem hún kallar reyndar bróður sinn í Ameríku. Þeirra fyrsti fundur er ljóslifandi í hugskoti hennar. „Hann var hippi í listnámi og keyrði frænku sína um á rúgbrauði um strendur og fjöll,“ rifjar hún upp.

Þegar hippinn lauk listnáminu varð það hans aðalstarf að flísaleggja. Stephenson segir að þar hafi listasaga ættarinnar verið komin í hring. „Það sem amma Dúna gerði var að teikna myndir og sauma síðan út,“ segir hann. „Ég gerði nokkurn veginn það sama nema hvað ég teiknaði myndir yfirleitt á sundlaugarbotn ríka fólksins í Kaliforníu en í staðinn fyrir að sauma út lagði ég mósaíkflísar yfir. Svona hafði amma áhrif á strákinn,“ segir hann og hlær við.

### Stephenson og guðseindin

Þó Stephenson hafi þurft að flísaleggja til að hafa í sig og á hefur hann ætíð lagt stund á myndlistina samhliða starfinu. Þessa helgi opnar hann sýningu á verkum sínum í menningarsetri þeirra Ástu Kristrúnar og Valgeirs, Nema Forum við Lækjartorg.

Valgeir er mikill unnandi verka hans. „Það er svo mikill kraftur í þeim og skær litadýrð sem er svo hressandi hér fast upp við norðurheimskautið,“ segir tónlistarmaðurinn. „Ég spurði hann eitt sinn hvað þessir hringir ættu að tákna og þá komst ég að því að þetta er guðseindin sjálf. Hann hefur í langa tíð tileinkað sér þessa pælingu. Svo las ég það með morgunkaffinu í morgunsárið að búið væri að finna Higgs-bóseindina. Svona er nú lífið; John kemur til Íslands og þá er bara gefin út fréttatilkynning um að búið sé að finna guðseindina.“

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að myndlistarmaður af slíkri ólíkindaætt skyldi fara óhefðbundnar leiðir við að koma verkum sínum til landsins. „Ég rúllaði þessu upp og setti í golftösku og kom með þetta þannig,“ segir Stephenson. „Ég hafði nú nokkrar golfkylfur með svo þetta myndi nú lúkka vel,“ svo skellihlær hann.

# Alltaf lágt verð




JOTUN

**3 L JOTUN TRÉOLÍA**
Alkýð-olía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhúsgögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstifúavarið timbur.

**1.690,-!**



**PLATINUM PALLARÚLLUSETT.**
Bakki og rúlluhald 18 cm.
Rúlla til að bera olíuna á pallinn með.

**1.495,-!**



**ELITE PENSILL**
120 mm

**1.985,-!**




**3.585,-!**

**4 L KJÖRVARI 14**
Gagnsæ olíubundin viðarvörn. Hentar á hvers konar við, heflaðan sem óheflaðan, einkum utanhúss þar sem þess er óskað að viðaráferð sjáist. Smýgur einstaklega vel og hentar því einnig vel sem grunnur.




**5.995,-!**

JOTUN

**3 L TREBITT OB**
Öflug hálfþekjandi viðarvörn sem hrindir vel frá sér vatni, styrkir yfirborðið,ver timbrið fyrir sólarljósi og gefur glansandi áferð. Fáanleg í mörgum litum.



**ANZA ÚTIPENSLASETT**

**1.995,-!**

Kids club®

**Krakkar,**
Komið og hittið Krakkaklúbbsmaurinn milli kl. 12 og 17 á laugardaginn.



## BAUHAUS® býður upp á eitt mesta úrval landsins af pallaolíu og viðarvörn

Hugsaðu vel um pallinn þinn og tryggðu að viðhaldið sé í lagi. Laugardaginn 07.júlí verðum við með sérstaka kynningu á pallaolíu og viðarvörn, þar sem starfsfólk okkar kynnir úrvalið og leiðbeinir gestum um val á réttu græjunum fyrir pallinn. Njóttu þess að koma til okkar í BAUHAUS og leyfðu okkur að koma þér á óvart með spennandi vörum og ótrúlegu úrvali.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 5. júlí til og með laugardagsins 7. júlí 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

# DORMA FJÖLSKYL

## Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte S Julien
Dream your world™

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr.
34.754,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 2X90X200
STILLAN-LEGT

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

### Tilboðsverð

C&J + Shape dýna

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x80x200 | 375.800,- |
| 2x90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 405.800,- |
| 2x100x200 | 423.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.



## Nature's Shape heilsurúm



Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!



Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
HJÓNA-RÚM

### Dorma-verð

Shape dýnur

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 59.900,- | 83.900,- |
| 90x200 | 65.900,- | 97.900,- |
| 120x200 | 85.900,- | 121.900,- |
| 140x200 | 99.900,- | 143.900,- |
| 160x200 | 114.900,- | 163.900,- |
| 180x200 | 129.900,- | 181.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

## Nature's Rest

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr.
10.250,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
FRÁBÆR KAUP

### Dorma-verð

Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Nature's Comfort Pillowtop

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Steyptar kantstyrkingar



Aðeins kr
13.097,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
DORMA VERÐ

### Dorma-verð

Nature's Comfort Pillowtop

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 120x200 | 77.900,- | 113.900,- |
| 140x200 | 87.900,- | 131.900,- |
| 160x200 | 89.900,- | 147.900,- |
| 180x200 | 107.900,- | 159.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Nature's Luxury

- Mjúkt og slitsterkt áklæði með flauelsáferð
- 7cm Shape þrýstijöfnunarefni í yfirdýnu
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr.
15.425,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
DRAUMA RÚM

### Dorma-verð

Nature's Luxury

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 120x200 | 89.900,- | 125.900,- |
| 140x200 | 103.900,- | 147.900,- |
| 160x200 | 125.900,- | 174.900,- |
| 180x200 | 141.900,- | 193.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Nature's Bedding






**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardag frá kl. 11.00-16.00**


DUDAGAR Í JÚLÍ!
Dorma handklæði
Mjúk og vönduð handklæði í fallegum sumarlitum.
Smá lúxus fyrir hvern dag, þessi yndislegu 500 gsm handklæði eru þung og efnismikil. Ótrúlega mjúk og þerra einstaklega vel. Stílhrein, falleg og eru til í 8 litum.
Baðhandklæði kr. 1.699,- 70 x 140 cm
Handklæði kr. 899,- 50 x 100 cm
Gestahandklæði kr. 499,- 40 x 60 cm
Þvottapoki kr. 129,- 15 x 21 cm
Baðmotta kr. 1.499,- 85 x 50 cm
Shape-heilsukoddar
Shape heilsukoddarnir gefa þann stuðning og þægindi sem tryggja þér góða næturhvíld.
Shape Comfort kr. 4.900,- Alhliða heilsukoddi MJÚKUR
SHAPE BY NATURE'S BEDDING
Shape Classic kr. 5.900,- Ótrúlega þægilegur ÞÉTTUR
Shape Original kr. 8.900,- Veitir réttan stuðning STUÐNINGS LAG
Dorma sængurverin
Sængurver kr. 6.990,- Margir litir
Vinsælu Dorma sængurverin margir litir
Svefnsófar í sumarbústaðinn og gestaherbergið.
Svefnsvæði 120x195 cm
Einnig til án arma.
Með rúmfatageymslu
Daisy svefnsófi kr. 89.900,- BRÚNN & GRÁR
Milano hægindastóll á frábæru verði!
Hægindastóll kr. 39.900,- FJÓRIR LITIR
ATH! Sumarhúsaeigendur í Grímsnesi, Úthlíð og Borgarfirði; ef verslað er fyrir 100 þúsund eða meira í júlí afhendum við vörur án endurgjalds heim að bústað.
Kveðja Dormi
Komdu núna!
DORMA
– býður góða nótt
Holtagörðum • Pöntunarsími 512 6800
www.dorma.is



**2. SÆTI** **Í HLÖÐUVÍK** Helgi Jóhannesson tók þessa mynd í Hlöðuvík á Hornströndum um síðustu helgi. Á henni eru börnin hans, Jóhannes og Jóhanna Lilja. Rebbinn er ónafngreindur. Fjölskyldan sigldi frá Bolungarvík til Hlöðuvíkur og dvaldi þar í fjóra daga við göngur og náttúruskoðun.

# Útivist í villtri náttúru landsins

**Útivist var þema fyrstu ljósmyndakeppni** Fréttablaðsins í sumar af fjórum. Fólk á faraldsfæti festi dýrmæt augnablik með listrænum hætti á stafrænt form. Tinna Stefánsdóttir sigraði og fær að launum flugmiða fyrir tvo til Evrópu með Wow Air.



## Alltaf að stoppa fólk á göngunni

Þú ert að grínast í mér,“ segir Tinna Stefánsdóttir afar vantrúuð þegar henni er tjáð að hún hafi unnið ljósmyndakeppni Fréttablaðsins að þessu sinni. Hún lætur þó sannfærast um síðir og lýsir myndinni sem hún mun svífa á út í Evrópu. „Þetta er hún Þórlaug Sveinsdóttir á blátoppi Rjúpnafells í Þórsmörk 2. júní. Ég á margar hoppmyndir af mínum flottu göngufélögum sem eru á annað hundrað talsins í 52 fjalla verkefni Ferðafélags Íslands.“

Tinna kveðst vera áhugaljósmyndari og smella af í gríð og erg. „Ég er svona á mörkum þess að vera óþolandi, alltaf að stoppa fólk á göngunni, en er afar þakklát fyrir hvað það er viljugt að sitja fyrir. Þannig hef ég náð mörgum góðum mómentum,“ segir hún. „Þórlaug leggur sig í rauninni í lífsháska á þessari mynd, því þarna er mjög bratt niður. Þetta er glæfralið sem ég er að ganga með!“



**3. SÆTI** **RÓIÐ OG SYNT** Sigríður Línberg Runólfsdóttir tók þessa mynd 1. júlí við sumarbústað sinn í Skálavík á Vestfjörðum. Þar rær vinafólk hennar á bátkænu á blátærri á sem liðast milli bakka og seppi baðar sig í leiðinni.



**4.-5. SÆTI** **Á FLEYGIFERÐ** Jóhann Smári Karlsson smellti þessari fjörlegu mynd af fjallagörpum og gyðjum á Esjunni í lok maí.



**4.-5. SÆTI** **Á ÖÐRUM FÆTI Á FJALLSTINDI** Gunnar Hilmarsson myndaði Önnu Huldu Ólafsdóttur á öðrum fæti á Vikrafelli í Borgarfirði í byrjun sumars.

Verðlaun fyrir **1. sætið** eru farseðlar fyrir tvo til Evrópu með flugfélaginu Wow Air. Þeir sem fengu **2. og 3. verðlaun** hljóta gjafakort með leikhúsmiðum fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Dómnefndina skipuðu **Pjetur Sigurðsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, **Ólafur Stephensen** ritstjóri og **Sigríður Tómasdóttir** ritstjórnarfulltrúi.

**Næsta þema: íþróttir**
*ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is*

# HERBALIFE®

Í júní 2012 fögnum við þrettán ára afmæli Herbalife á Íslandi og viljum við nota þetta tækifæri til þess að þakka bæði íslenskum viðskiptavinum okkar í tugþúsundatali og sjálfstæðum dreifingaraðilum Herbalife fyrir trygglyndi þeirra og stuðning.




Þessi 13 ár hafa verið alveg ótrúleg:

- Við erum í fararbroddi á heimsvísu með þyngdarstjórnunarvörur okkar* og í fremstu röð hvað varðar aukna sölu á íþróttanæringu í heiminum.
- Hjá okkur starfar teymi framúrskarandi vísindamanna og sérfræðinga á sviði næringar og heilsu sem hefur þróað vörur byggðar á nýjustu vísindaþekkingu og skilningi á næringu til þess að færa líkamanum öllum rétta fæðu í góðu jafnvægi.
- Við höfum fjárfest umtalsvert til þess að tryggja sem allra best gæði við öflun hráefnis, framleiðslu og prófun bæði innihaldsefna og endanlegra afurða.
- Við erum stolt af því að vera opinber næringarstyrktaraðili knattspyrnudeildar Breiðabliks og körfuknattleiksdeildar KR og tryggja hámarksárangur beggja liða, bæði á og utan vallar.

Við viljum hrósa þeim sjálfstæðu dreifingaraðilum sem starfræktir eru á Íslandi fyrir fagmennsku sína, hollustu og trúfestu við næringarþarfir viðskiptavina sinna. Á Íslandi fást nú rúmlega 80 mismunandi Herbalife-afurðir, þar með taldir prótínhristingar og snarl, fæðubótarefni, orku- og hreystidrykkir og húð og hárvörur.

**Við hlökkum til næstu 13 spennandi ára á Íslandi í samstarfi við dreifingaraðila okkar og viðskiptavini þeirra.**

*Heimild: Euromonitor

Skoðið vefsetur okkar: http://www. herbalife.com/
Finnið okkur á Fésbók: http://www. facebook.com/Herbalife
Fylgist með okkur á Twitter: http://twitter.com/#!/herbalifehq
Horfið á okkur á YouTube: http://www.youtube.com/herbalifeintl














# Grænmeti og gott veður

Eftir sældartíð sumarsins er afar blómlegt um að litast á **Flúðum** og í nágrenninu. Ferðalangar geta tekið sér ýmislegt fyrir hendur á þessum slóðum eins og Fréttablaðið bendir á hér.

**1. Reykholt**
Reykholt í Biskupstungum er tilvalinn áfangastaður ferðamanna. Þar er indælis sundlaug og svo er vel þess virði að sækja heim Café Mika þar sem selt er heimalagað konfekt.

**2. Laugarás**
Laugarás er mikil grænmetiskista. Þar er skemmtilegt að koma við bæði á Engi og Akri og krækja sér í nýtt grænmeti af ýmsu tagi.

**3. Flúðir**
Á Flúðum er margt um að vera, þar er skemmtilegt tjaldsvæði, góður golfvöllur, veitingastaðir og barir. Í Hrunamannahreppi er mikil náttúrufegurð.

**4. Miðfell**
Bæjarfjall Flúða er ekki nema um 200 metrar á hæð sem gerir göngu upp á það þægilega fyrir göngugarpa á öllum aldri.

**5. Faxi**
Fossinn Faxi í Tungufljóti er fallegur áfangastaður fyrir ferðamenn. Þar má tjalda en staðurinn er líka tilvalinn áfangastaður í lautartúr ferðalangsins sem staddur er á þessum slóðum.

**6. Grænmeti í sjálfsölu**
Við Flúðir er sú skemmtilega þjónusta að grænmeti er selt við þjóðveginn. Viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir og setja pening í þar til gert box.




## BYLGJULESTIN

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar eins og undanfarin sumur. Næsti áfangastaður er Flúðir þar sem vaktin verður staðin næsta laugardag. Hemmi Gunn er lestarstjóri Bylgjulestarinnar og honum við hlið er hin fjöruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunni á Bylgjunni á laugardögum milli kl. 13 og 16. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum beint að fólkinu sem býr í bæjunum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kíkir í heimsókn og reynt að koma stemningunni til allra hinna sem eiga ekki heimangengt.

## GENGIÐ Í SUMAR

Ferða- og menningarnefnd í Hrunamannahreppi efnir til gönguferða á þriðjudagskvöldum í sumar. Göngurnar hefjast klukkan átta og standa í 2-3 tíma. Þessar eru fram undan:

- 10. júlí.
  **Hrepphólar – Hólahnúkar.**
  Lagt af stað frá Hrepphólakirkju og gengið kringum Hólahnúka sem eru stórkostlegir stuðlabergshnúkar.
  *Fararstjórar:* Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir og Þorbjörn Sigurðsson, Áshlíð.

- 17. júlí.
  **Hamarsholt – Gullfoss.**
  Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inni á Tungufellsdal. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss.
  *Fararstjóri:* Baldur Örn Samúelsson, Bryðjuholti.

- 24. júlí.
  **Miðfell.**
  Gengið frá bænum Miðfelli upp á fellið. Sú trú er að í Miðfellsvatni, sem er uppi á fellinu, sé nykur og hver veit nema hann láti sjá sig.
  *Fararstjóri:* Áslaug Bjarnadóttir, Miðfelli.

- 31. júlí.
  **Brúarhlöð – Haukholt – Hvítárdalur um Kóngsveginn.**
  Mjög falleg leið niður með Hvítá þar sem skiptist á beljandi áin í þröngu gljúfrinu og síðan ganga um fallegan birkiskóg.
  *Fararstjóri:* Sigríður Jónsdóttir, Fossi.

**Nánari upplýsingar www.fludir.is.**



HONDA
The Power of Dreams

# Jazz Elegance HYBRID

1.3i IMA hybrid kerfi - 102 hestöfl
$CO_2$ 104g/km - eyðsla í blönduðum akstri 4,5l/100km
15“ álfelgur
Sjálfskiptur
SRS loftpúðar fyrir ökumann og farþega
SRS hliðarloftpúðar
Loftpúðagardínur
Aftengjanlegur loftpúði fyrir farþega í framsæti
ABS hemlalæsivörn
VSA stöðugleikakerfi
EBD hemlaátaksdreifing
EPS rafstýrt aflstýri
EBA neyðarhemlun
Höfuðpúðar og 3ja punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
ISOFix barnastólafestingar
Fjölstillanleg töfrasæti
Samlitir stuðarar, hliðarspeglar og hurðahandföng
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Díóðustefnuljós í hliðarspeglum
Þokuljós að framan
Hágæða hljómflutningstæki með geislaspilara og RDS útvarpi
USB og aux tengi fyrir iPod/MP3 spilara
Tölvustýrð loftkæling með frjókornasíu
Rafmagn í rúðum að framan og aftan
Skriðstillir (Cruise control)
Loftkæling í hanskahólfi
Dökkar hliðarrúður
Armpúði fyrir bílstjóra
Þjófavarnarkerfi
Regnskynjari
og margt fleira

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★

**kr. 3.690.000**
**sjálfskiptur**




www.honda.is

VR 2012

1962 - 2012 50 ára BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# Krossgáta

**Lárétt**

**1.** Rennumoli er kúadellukandís? (9)
**11.** Gleðiandi gengur aftur með látum (12)
**12.** Vandræðagemsar vilja traðargrasker (11)
**13.** Sé glæruhóp innst í Djúpinu og í kaupstað utar (8)
**14.** Sveitahljómsveit um úlnliði og enni (9)
**18.** Keltakantur í 109 (8)
**19.** Rótsiða svelgsrugl (6)
**20.** Vona heitt að þetta sé ekki útilega heldur öfugt (8)
**22.** Sjóð læt í mig, sá er léttgleyptur (8)
**23.** Æsið öspina (5)
**25.** Færi systur í föt við hæfi (10)
**26.** Eygir ágætan en eigingjarnan (8)
**28.** Geri naut leið á leið um fjöll (9)
**29.** Þrír svona þjóðsagnaklárar gefa trekant (12)
**32.** Finn sálina fyrir stúdentinn (9)
**34.** Jörðin er grátleg dropadæld (9)
**36.** Hefur leyfið til að klaga í dóminn (12)
**39.** Hraðferð fyrir suð getur sviðið (7)
**40.** Fersk forsvara fósturjörð austur í Evrópu (12)
**41.** Lána sláttujárnsstálið (9)
**42.** Í lotunefnd er talað um traffík (12)

**Lóðrétt**

**1.** Gæfist mér ráðrúm til æxlunar um það leyti (9)
**2.** Bjössi, Lassi, Óli, Anna, Berta og Lísa búa í Hávaðahúsi (11)
**3.** Fílaði púða og borðfélaga (9)
**4.** Hjáleiga gamalla og sjálfumglaðra (11)
**5.** Sæktir skít úr kverkum (6)
**6.** Mynni brjálaða á heila (6)
**7.** Tralla og lesa dautt mál (6)
**8.** Kvik klípa er hvetjandi (7)
**9.** Rek sjóð konungs til milla (9)
**10.** Varið skjólið (14)
**15.** Hef Báru undir í stritinu (8)
**16.** Merki konungs meðal uppdrátta (9)
**17.** Silungarnir berja kurlin ringlaðir (11)
**21.** Fullkomlega borðandi hvað sem er (5)
**23.** Nei, Rut, þetta er mengun (6)
**24.** Óbrenglað lófagrip í skurði jarðvinnslutækis (8)
**26.** Hreppahopp og flokkafjör (10)
**27.** Fléttaði dásemdirnar án gríns (7)
**30.** Um Sunnansund rennur léttmálmur (8)
**31.** Byrjandinn var að deyja (8)
**33.** Sæbraut er sem vondur draumur (7)
**35.** Kokkuðu þvertré og þvældust til og frá (6)
**37.** Ræður númer (5)
**38.** Lastaði lastaði? (5)





Lausnarorð síðustu viku var

**SKIPTILYKILL**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Fórnardauði frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Einarsson, Hafnarfirði** og getur hann vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtist vel þekkt kennileiti í Suðurkjördæmi . Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. júlí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „7. júlí“.


# SKJÁTÖLVA

**SKJÁTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ !**

**Glæsileg sambyggð tölva og 24" snertiskjár í háskerpu. Þráðlaust lyklaborð og mús, fjarstýring með lyklaborði, HD vefmyndavél og Dolby hljóðkerfi.**




**SÉRSTAKT**
**KYNNINGARVERÐ**

21,5" 139.990

24" 159.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

reddot design winner 2011

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR




**SORGARDAGUR** Liliuokalani drottning klæddist sorgarklæðum þegar bandaríski fáninn var dreginn að húni í Honolúlú árið 1898.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1898

## Havaí innlimað í Bandaríkin

**Bandarísk stjórnvöld samþykktu sáttmála sem fólu í sér að Havaí var innlimað. Auðmenn frá Evrópu og Bandaríkjunum höfðu um langa hríð grafið undan konungsveldinu, leynt og ljóst, og hrifsuðu loks til sín völdin.**

Á þessum degi fyrir réttum 114 árum, hinn 7. júlí árið 1898, innlimuðu bandarísk yfirvöld Havaí-eyjar sem síðar urðu 50. ríki Bandaríkjanna.

Eyjarnar eru staðsettar í miðju Kyrrahafi, í tæplega fjögur þúsund sjómílna fjarlægð frá vesturströnd Bandaríkjanna. Eyjaskeggjar komust fyrst í samband við vestræna menningu þegar landkönnuðurinn James Cook steig þar á land árið 1778. Cook var einmitt veginn þar af frumbyggjum, þegar hann sneri aftur ári seinna.

Eftir það urðu komur Evrópubúa sífellt örari með tilheyrandi áhrifum á menningu og lifnaðarhætti. Meðal annars höfðu bandarískir hvalveiðimenn að hafa þar vetursetu í upphafi 19. aldar.

Höfðinginn Kamehameha I tók sér á þessum tíma vald yfir öllum eyjaklasanum, í krafti vopna sem hann hafði fengið frá aðkomumönnunum, og lýsti sig konung yfir Havaí.

Árið 1820 hófu kristnir menn trúboð á eyjunum og frumbyggjar létu sífellt meira undan kröfum Evrópubúa og Bandaríkjamanna. Meðal annars samþykkti Kamehameha III, eftir utanaðkomandi þrýsting, nýja skriflega stjórnarskrá og eignarréttur yfir landsvæði var leiddur í lög árið 1848.

Upp úr miðri öldinni jókst vegur Bandaríkjamanna á Havaí og þeir urðu afar áhrifamiklir, meðal annars sem eigendur plantekra, og svo fór að samið var um tvíhliða fríverslunarsamning milli Havaí og Bandaríkjanna.

Kalakaua konungur reyndi á sinni valdatíð að efla hefðbundna menningu eyjanna, en komst við það í ónáð valdamanna, sem knúðu hann með vopnavaldi til að afsala sér völdum og veita plantekrueigendunum ríkisborgararétt.

Arftaki Kalakaua, systir hans Liliuokalani, reyndi að ógilda stjórnarskrána, en það sættu auðmennirnir sig ekki við og hrifsuðu til sín völdin árið 1893, með aðstoð nokkurra bandarískra landgönguliða, sem þar voru staddir.

Bandarísk stjórnvöld og forsetinn Grover Cleveland vildu ekki í fyrstu innlima eyjarnar, enda væri það ígildi stríðs að kollvarpa fullgildum stjórnvöldum. Auðmennirnir komu hins vegar á sinni eigin stjórn sem hélt völdum allt þar til William McKinley forseti staðfesti Newlands-sáttmálann sem fól í sér að Havaí yrði sérstakt sambandssvæði.

Árið 1959 fékk Havaí formlega stöðu ríkis innan Bandaríkjanna og þar með fulltrúa á þingi. **- þj**

*Heimild: Britannica*

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**ÍRSKIR DAGAR Á AKRANESI**
**Bæjarhátíðin Írskir dagar stendur nú sem hæst á Akranesi. Þar er að finna tívolí og heljarinnar markað en á dagskránni eru auk þess fjölmargir listviðburðir og skemmtiatriði. Sjá nánar á www.irskirdagar.is.**








# ÁSTIN ER BLIND

**LÍFSGLAÐUR** *Á sumrin skartar náttúran sínu fegursta. Náttúruskoðun er ekki á færi blindra en Beggi blindi þekkir björt og dimm sumur af eigin raun.*

Það getur verið stórskemmtilegt að vera blindur. Ég lendi reglulega í spaugilegum atvikum eins og þegar ég labba óvart utan í ókunnuga. Þá hvæsa þeir: „Ertu staurblindur, maður?" og ég svara auðvitað játandi. Líka þegar ég lendi óvart með hendurnar á konubrjóstum og get með sanni sagt mér til málsbóta: „Fyrirgefðu, ég sá þig ekki.""

Þetta segir Bergvin Oddsson, háskólanemi og uppistandari, sem margir þekkja undir gælunafninu Beggi blindi.

Beggi fæddist með heilbrigða sjón en fimmtán ára fékk hann herpes-frunsuvírus í augun.

„Líkur á að slíkt gerist eru svipaðar og að vinna stóra pottinn í Víkingalottóinu tvisvar sama ár. Vírusinn fór í vinstra auga árið 1999 og hægra auga 2001 og tók ekki nema viku fyrir hvort auga að verða blint," útskýrir Beggi. Hann segist fyrst í stað hafa talið sjálfum sér og öðrum trú um að sjónin kæmi til baka og ef svo færi ekki myndu læknavísindin kippa sjóninni í lag. Síðan hefur hann farið í aðgerð á báðum augum sem gaf engan árangur.

„Tækninni fleygir fram og í boði eru stofnfrumuaðgerðir og örflögur sem senda myndir til heilans. Ég vil að sjálfsögðu fá sjónina á ný en mér liggur ekkert á. Mig grunar að ég hafi bara einn séns og vil því leyfa tækninni að þróast enn í nokkur ár til," segir Beggi æðrulaus.

Beggi segist fær um að gera allt í lífinu sjálfur nema að keyra bíl og klippa táneglur þriggja ára sonar síns.

„Ég ákvað fljótt að láta sjónleysið há mér eins lítið og hægt er, vildi áfram vera þátttakandi í lífinu, mennta mig, djamma og stunda íþróttir eins og jafnaldrarnir. Þegar maður verður blindur þarf að læra á heiminn upp á nýtt en ég var svo lánsamur að vera útlærður í lífinu þegar sjónin brást. Það er ómetanlegt veganesti yfir í blinda tilveruna; að hafa séð náttúruna, hús, dýr, bíla og sína nánustu, að hafa séð sjálfan sig og lært alla mannasiði, eins og að sitja til borðs og horfa í augun á fólki þegar talað er saman," útskýrir Beggi.

En er ekkert bauk fyrir blindan mann að fara á djammið? „Nei, það er lítið mál. Maður liðast bara um með mannskapnum í kraðakinu á dansgólfinu og fylgir svo straumnum út í nóttina til að hringja á bíl og komast heim. Hins vegar hef ég lent í ýmsu eins og á skólaballi í MH þegar ég dansaði kátur og þétt upp við heita gellu. Þegar leið á lagið

**BJARTUR OG HRESS**
Beggi blindi vann keppnina Fyndnasti maður MH árið 2004. Hann lærir nú stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og vinnur á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar í sumar. Þess á milli ferðast hann þvers og kruss um landið sem uppistandari.
MYND/STEFÁN

## BROSLEG MISTÖK
„Á skólaballi dansaði ég þétt upp við heita gellu. Þegar leið á lagið sneri hún sér við, eða reyndar hann, og æpti á mig: „Ertu hommi, helvítið þitt?"


FRAMHALD Á SÍÐU 2











# Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.



Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing


FRAMHALD AF FORSÍÐU

sneri hún sér við, eða reyndar hann, og æpti á mig: „Ertu hommi, helvítið þitt?“ segir Beggi og brosir að minningunni í sumarblíðunni.

„Ég er heppinn að hafa séð föðurlandið í sumarskrúðanum. Og þótt ég sjái ekki lengur blóm og heiðan himinn geymi ég myndina fast í huga mér. Ég upplifi komu árstíða með breytilegu veðurfari, angan og annarri skynjun hverju sinni og um mig fer sannkölluð vortilfinning þegar ég heyri í lóunni að vori og finn heitan yl sólarinnar í andlitinu,“ segir Beggi.

En þreytist hann á sífelldu myrkrinu eftir að augu hans lokuðust fyrir birtu heimsins?

„Nei, í raun og veru ekki. Ég hef eins prósents sjón og sé því mun á nóttu og degi. Það nýtist að sjálfsögðu ekkert en ég kann að meta þá litlu skímu sem ég fæ. Ég óska mér þó stundum að fá sjónina í stutta stund til að sjá konuna mína og son og til að geta flogið í klukkutíma yfir Reykjavík í þyrlu. Ég varð blindur í upphafi efnahagsbólunnar 2001 og finnst skrýtið tilhugsunar að borgin sé ekki lengur sú sem ég þekkti á meðan ég sá.“

Það sést ekki á Begga að hann sé blindur. Hægra augað er blindara og líflausara að sjá en vegna þess að Beggi fæddist með heilbrigða sjón hagar hann sér eins og sjáandi.

„Ég kynntist konunni minni á djamminu eftir að sjónin fór og hef því aldrei séð hana. Þegar fólk hrífst af hvort öðru í upphafi kynna hefur útlitið mest að segja en þegar sjónin bregst þarf annað að koma til. Ég mundi segja að útgeislun og þokki komi þar sterkast í gegn og maður skynjar vel hvort fólk sé glatt eða pirrað,“ útskýrir Beggi sem heldur reglulega fyrirlestra í grunnskólum þar sem hann er stundum spurður hvort hann sé ekki áhyggjufullur yfir að konan hans sé kannski ljót.

„Ég svara því oftast til að steinbítur og skötuselur séu forljótir fiskar en þó herramannsmatur. Á sama hátt er flott gella með flott brjóst ekki endilega góð í rúminu og það vekur krakkana til umhugsunar um að líta frekar á innri mann en útlitið eitt og sér.“

Beggi segir dapurlegast við blindu að þurfa að reiða sig á aðstoð við útréttingar og að geta ekki séð barnið sitt.

„Þá þykir mér leiðinlegt að þurfa alltaf að fara á sama afgirta leikvöllinn með stráknum minn. Það setur manni skorður en öðruvísi get ég ekki gætt hans úti við. Strákurinn er þó alsæll með þennan ráðahag og þekkir ekki annað.



**SUMARSÆLL** Beggi segir heiðan himinn og náttúrufegurð lands í sumarskrúða ekki gleymast þótt augu hans nemi ekki lengur dýrð sumarsins. MYND/STEFÁN

Hann veit að pabbi hans er blindur og segir að pabbi sjái með höndunum. Það getur verið hagstætt þegar hann læðist í kexskúffuna og pabbi sér ekki neitt,“ segir Beggi og hlær.

Þau hjónin eru dugleg að fara í leikog kvikmyndahús og þau „horfa“ reglulega saman á sjónvarpið.

„Ég læt fræðsluþætti, íþróttir og íslenskt sjónvarpsefni ekki fram hjá mér fara en léleg enskukunnátta hamlar því að ég eltist við enskumælandi efni. Ég kíki þó á spennandi bíómyndir með konunni og þá les hún fyrir mig textann og segir frá því sem fyrir augu ber.“

Í morgun fór Beggi á Goslokahátíðina í Vestmannaeyjum. „Mér er alltaf jafn kært að koma til Vestmannaeyja. Þar er ég fæddur og uppalinn og var búsettur allt þar til ég fór í Menntaskólann við Hamrahlíð. Ég þekki hverja þúfu í Eyjum og ætla að taka að mér leiðsögn um Heimaey fyrir kanadíska gesti. Ég hlakka mikið til og kærkomið að vera loks konu- og barnlaus til tilbreytingar,“ segir Beggi og skellihlær.

thordis@365.is

**SÖNN ÁST**
„Ég kynntist konunni minni á djamminu eftir að sjónin fór og hef því aldrei séð hana.“

# ÓLYMPÍUFARAR OG DANSKT SMJÖR

*Eyrarbakki og Stokkseyri hýsa skemmtileg söfn sem bjóða landsmenn velkomna á Íslenska safnadeginum um helgina.*

Íslenski safnadagurinn verður haldinn hátíðlegur um allt land sunnudaginn 8. júlí. Markmið dagsins er að hvetja landsmenn til að heimsækja söfn og njóta fræðslu og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Söfnin á Eyrarbakka og Stokkseyri verða engir eftirbátar annarra safna og bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka, segir söfnin nýta daginn til að kynna starfsemi sína, flest þeirra séu með ókeypis aðgang og sum með skipulagða dagskrá.

„Söfnin hér hafa verið vel sótt á safnadeginum. Hingað koma gestir úr öllum áttum og ekki síst erlendir ferðamenn.“ Fjögur söfn á svæðinu taka þátt í ár. Húsið á Eyrarbakka hýsir Byggðasafn Árnesinga en Lýður segir húsið sjálft, sem byggt var árið 1765, vera aðalsýningargrip safnsins.

„Nú stendur yfir í húsinu sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum. Svo vil ég einnig vekja athygli á Sjóminjasafninu á Eyrarbakka sem leggur áherslu á atvinnuvegina með skipið Farsæl sem aðalsýningargrip.“ Auk þeirra verður Þuríðarbúð á Stokkseyri opin en hún er gömul sjóbúð sem reist var til minningar um Þuríði Einarsdóttur formann. Rjómabúið á Baugsstöðum er aldargamalt rjómabú með upphaflegum vélum og áhöldum sem framleiddi „Danish butter“ til ársins 1952.



**HÚSIÐ** Byggðasafn Árnesinga er í Húsinu á Eyrarbakka.




E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Sölu- og markaðsstjóri

Öflugt iðnfyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík óskar að ráða sölu- og þjónustustjóra í nýtt og ómótað starf.

Leitað er að kraftmiklum aðila með 2-3ja ára reynslu af sambærilegu starfi. Stór hluti starfsins felur í sér viðskiptafundi, öflun og endurnýjun viðskiptasambanda hjá ólíkum hópi viðskiptavina. Mjög áhugavert starf sem hentar konum jafnt sem körlum.

**Starfssvið:**
- Umsjón með viðskiptasamböndum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Áætlanagerð
- Markaðssetning
- Kynningarmál
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af sölustjórnun
- Skipulagshæfni
- Góð færni í Excel
- Dugnaður og kjarkur
- Góð samningatækni
- Háskólamenntun á viðskipta- eða verkfræðisviði kostur

**Upplýsingar veitir:**
Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



## Icepharma leitar að
## markaðsfulltrúa á sviði krabbameinslyfja fyrir lyfjafyrirtækið Roche

Roche

Í boði er spennandi og fjölbreytt starf í lifandi starfsumhverfi, á sjúkdómasviði sem fyrirtækið leggur mikla áherslu á.
Góð skilyrði til að eflast og þroskast sem einstaklingur í starfi hjá lifandi og síbreytilegu fyrirtæki.

### Menntun og hæfni
- Menntun í heilbrigðisgreinum
- Reynsla af störfum í lyfjaiðnaði og þekking á krabbameinslækningum er kostur
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Opin og jákvæð skapgerð
- Hæfileikar til og ánægja af að vinna kappsamlega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Hugsunarháttur liðsheildar og góðir samstarfshæfileikar þvert á fagsvið
- Greiningarhæfni
- Hæfileikar til og áhugi á að setja sig inn í flókið fræðilegt efni og geta til að miðla því
- Gott vald á ensku og kunnátta í einu Norðurlandamáli
- Góð tölvukunnátta

### Við leggjum einkum áherslu á færni á eftirtöldum sviðum
- Greiningu vandamála
- Rannsóknum og úrlausn spurninga
- Nýsköpun
- Tengslamyndun
- Miðlun upplýsinga

### Verkefni
- Kynningar fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Ýmiss konar áætlanagerð
- Þátttaka í fundum og ráðstefnum innan lands og utan
- Að lesa, skilja og miðla flóknu og ítarlegu fræðilegu efni

Nánari upplýsingar um starfið veita **Áslaug G. Jónsdóttir**, Sölu- og markaðsstjóri Roche (aslaug@icepharma.is eða 821 8087) og **Bessi H. Jóhannesson**, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma (bessi@icepharma.is eða 821 8008).
Umsóknir óskast sendar á bessi@icepharma.is merktar „Roche" og umsóknarfrestur er til 23. júlí n.k.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Um Roche.** Höfuðstöðvar Roche eru í Basel í Sviss. Fyrirtækið er í fremstu röð í rannsóknum og þróun lyfja og greiningaraðferða. Roche er stærsta líftæknifyrirtæki í heimi og framleiðir meðal annars sérhæfð lyf gegn krabbameini, veirusjúkdómum, bólgusjúkdómum, efnaskiptasjúkdómum og sjúkdómum í miðtaugakerfi. Stefna Roche á sviði sérhæfðrar lyfjameðferðar er að þróa lyf og greiningaraðferðir sem leiða til umtalsvert betri heilsu, meiri lífsgæða og aukins langlífis sjúklinga. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu fyrirtækisins: www.roche.com.

**Icepharma** er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

VR 2011 5 ár 2007-2011

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

icepharma

# Öflugur liðsmaður óskast

**Okkur vantar kröftugan og þjónustulipran einstakling í þjónustudeild Selecta.**
**Um er að ræða sölu- og þjónustu til viðskiptavina en Selecta selur vörur tengt þjónustusamningi kaffi og vatnsvéla, auk þess að reka sjálfsala hjá mörgum fyrirtækjum.**

**Hæfniskröfur:**
- Sölu- og þjónustumetnaður
- Stundvísi og samviskusemi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Reyklaust umhverfi

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið jz@innnes.is
Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Zophoníasson í síma 693 8587

Innnes er einn stærsti og öflugasti matvöruinnflytjandi landsins og eru vörumerki fyrirtækisins neytendum vel kunnug. Innnes á m.a. velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki en hjá Innnes starfar samhent liðsheild um 100 starfsmanna. Innnes er eigandi Selecta á Íslandi sem sérhæfir sig í drykkjarlausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Höfuðstöðvar Innnes eru að Fossaleyni í Grafarvogi. Auk þess rekur fyrirtækið útibú á Akureyri.

selecta www.innnes.is



SPARNAÐUR

**Traust og framsækið fyrirtæki leitar af duglegum og heiðarlegum söluráðgjafa, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum.**

Frumkvæði , drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp á vandkvæða.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir ásamt Starfsferilsskrá sendist á trausti@sparnadur.is


# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Staða doktorsnema | Verkfr.- og náttúruvísindasvið HÍ | Reykjavík | 201207/010 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan Sólvangi | Hafnarfjörður | 201207/009 |
| Lektor í félagsfræði | Félags-og mannvísindadeild HÍ | Reykjavík | 201207/008 |
| Tvö embætti hæstaréttardómara | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201207/007 |
| Framhaldsskólak. vélfræðingur | Menntaskólinn Ísafirði | Ísafjörður | 201207/006 |
| Lögfræðingur | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201207/005 |
| Matráður/matreiðslumaður | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201207/004 |
| Eldfjallasérfræðingur | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201207/003 |
| Kennarastöður | Framhaldssk. í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201207/002 |
| Kennari í jarðfræði | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201205/089 |
| Kennari í bifvélavirkjun | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201206/011 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSP, skurðl.d. 12G og hjarta.d. | Reykjavík | 201207/001 |


STARFSMAÐUR Í GESTAMÓTTÖKU

HÓTEL BORG
REYKJAVÍK - ICELAND

Keahótel ehf óska að ráða starfsmann í fullt starf í gestamóttöku á Hótel Borg Reykjavík.
Um er að ræða framtíðarstarf.

Starfssvið er m.a. :
Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla ofl.

Hæfniskröfur :
Góð samskiptahæfni
Góð íslensku og enskukunnátta
Góð almenn tölvukunnátta
Þekking á Navision bókunarkerfi æskileg
Samskiptahæfni og rík þjónustulund
Sjálfstæði og metnaður til að skila góðu starfi

Önnur skilyrði :
Umsækjandi þarf að vera reyklaus, eldri en 35 ára og geta hafið störf strax.

Umsóknir með upplýsingum um umsækjanda, menntun og starfsferil sendist á netfangið olafur@keahotels.is



hotelborg@hotelborg.is www.hotelborg.is



ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR - NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing til starfa við framkvæmdir í Noregi. Um er að ræða fjölbreytt verkefni og þátttöku í stjórnun framkvæmda.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði byggingarverkfræði er skilyrði.

**Meðal verkefna:**
- Verkefnastjórnun.
- Landmælingar.
- Samningar við innlenda og erlenda birgja.
- Úrlausn tæknilegra verkefna.

## SJÚKRAFLUTNINGAMAÐUR – BÚÐARHÁLS

Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun óskar ÍSTAK eftir að ráða starfsmann með réttindi til sjúkraflutninga. Viðkomandi mun auk þess sinna almennum störfum á verkstað.

**Upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir „Starfsumsókn“ fyrir 16. júlí næstkomandi.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**



# Skólastjóri
## Grunn- og tónskólans á Hólmavík

**Auglýst er tímabundið starf skólastjóra Grunn- og tónskólans á Hólmavík til eins árs, frá 1. ágúst 2012 - 31. júlí 2013.**

Skólinn er samrekinn grunn- og tónlistarskóli sem leggur áherslu á tónlist og tjáningu í skólastarfi. Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Sveitarfélagið Strandabyggð er að hefja úttekt á kostum og göllum sameiningar grunn-, leik- og tónskóla í sveitarfélaginu.

**Starfssvið**
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skóla samfélagsins í heild

**Menntun og hæfni**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og sterk löngun til að ná árangri í starfi
- Stjórnunar- og leiðtogahæfni

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Skilyrði er að skólastjóri verði búsettur innan sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Benediktsdóttir formaður Menntasviðs Strandabyggðar í s: 663 0497. Umsóknir ásamt ferilskrá og upplýsingar um umsagnaraðila skal senda á skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2012.**

# Hefur þú ástríðu fyrir matargerð?

566018
**Matráður/matreiðslumaður óskast til starfa hjá Fjármálaeftirlitinu til að matreiða hádegisverð fyrir starfsfólk.**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Starfssvið**
- Matráður sér um og ber ábyrgð á matseld fyrir starfsfólk Fjármálaeftirlitsins með hollustu, heilbrigði og hreinlæti að leiðarljósi
- Matráður ber ábyrgð á innkaupum, áhöldum, tækjum og tæknibúnaði sem tilheyrir mötuneyti vinnustaðarins
- Matráður heldur utan um þjónustu mötuneytisins og kaffiþjónustu
- Matráður skal hafa frumkvæði að uppbyggingu vandaðrar matreiðslu og stuðla að heilbrigðum lífsstíl starfsfólks

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun og/eða starfsreynsla á sviði matreiðslu fyrir mötuneyti eða veitingahús
- Reynsla af rekstri mötuneyta nauðsynleg
- Þekking á reglugerðum um starfsemi mötuneyta æskileg
- Stundvísi, reglusemi og færni í samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á matreiðslu og vilji til að stuðla að jákvæðri matarmenningu á vinnustaðnum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Um er að ræða 80% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september nk.

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl . Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Umsjón með starfinu hefur Silja Jóhannesdóttir (silja@vinna.is) hjá Vinna.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. júlí nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Vinna.is, www.vinna.is

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

## SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI UPPLÝSINGAKERFA

Landsvirkjun

**Landsvirkjun leitar að metnaðarfullum einstaklingi á upplýsingasvið fyrirtækisins.**
Hlutverk upplýsingasviðs er að reka og þróa upplýsingakerfi fyrirtækisins. Sviðið hefur framsækni, skilvirkni og rekstraröryggi að leiðarljósi. Landsvirkjun er með starfsemi í flestum landshlutum og rekur upplýsingasvið umfangsmikil net- og upplýsingakerfi þar sem öflug og traust samskipti eru mikilvæg auk góðs gagnastreymis. Áhersla er lögð á góða og faglega þjónustu við aðrar starfseiningar fyrirtækisins, sem nota upplýsingakerfi með margvíslegum hætti.

**Helstu verkefni eru:**
- Umsjón með uppsetningu nýrra tölvu- og upplýsingakerfa
- Rekstur og þróun umfangsmikilla tölvu- og netkerfa
- Uppsetning og rekstur sérhæfðs búnaðar
- Ráðgjöf til samstarfsfólks og annarra sviða fyrirtækisins varðandi notkun upplýsingakerfa

**Við leitum að einstaklingi með:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilega menntun
- Starfsreynslu og góða þekkingu á Microsoft stýrikerfum og samskiptakerfum svo sem Windows Server, Exchange, Lync og SharePoint
- Þekkingu á uppbyggingu og rekstri sýndarvéla og netstýrikerfa
- Metnað til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og getu til að taka þátt í og stjórna verkefnum



**Í boði eru krefjandi verkefni, fyrirmyndar starfsaðstaða, metnaðarfullt vinnuumhverfi og tækifæri til starfsþróunar í framsækinu fyrirtæki.**

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,6 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Toys"R"Us

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Our store in Reykjavik is looking for a

# STORE MANAGER TRAINEE

Working in close cooperation with the Store Manager, you will be in charge of the daily functions in the store. Your responsibilities will include the following:

- Recruiting, motivating and guiding the new and existing employees
- Being involved in sales, customer service, stock and keeping up the appearance of the store
- Making sure the store is always at top condition and that the shelves are filled with relevant items, depending on the season
- Providing continuous feedback to employees by recognizing and rewarding successful performance and addressing performance-related problems
- Supervising all pricing and signing activities throughout the store
- Total store maintenance, including interior, exterior, equipment and grounds
- Acting as a role model of appropriate loss prevention
- Supervision and follow-up with other departments in Store Manager's absence

You take on all tasks with enthusiasm and you are no stranger to physical work either. You have the will and energy to constantly develop in a rapidly growing organisation, which offers great career opportunities.

You are the person we are seeking, if you:

- Have some previous retail experience
- Possess natural leadership skills
- Know the meaning of good customer service and have the ability to inspire staff
- Are positive, confident and energetic by nature
- Have a sales oriented attitude that will guide other employees to great results
- Can express yourself in English

Our company culture is youthful, result oriented and down to earth. We offer a versatile job in the biggest toy retailer in the Nordic Countries, a competitive salary, result based bonus and many staff benefits. Our staff management is based on employee development in a positive atmosphere, the focus being on making children happy.

The employment is full time and will begin as soon as we find the right person.

For further information on the position, please contact Store Manager Sæunn Ósk Sæmundsdóttir, tel. 5500800. If you are interested in the job and ready to take on new challenges, send your application as soon as possible in English to:
Smáratorg 3, 201 Kópavogur or e-mail it to loen-is@top-toy.is.

*TOYS"R"US in the Nordic Countries is a popular megastore chain selling high-quality children´s toys. We are known for our broad range of products and competitive prices while focusing on excellent customer service. Altogether we have over 45 stores in five different countries. TOYS"R"US is a part of TOP-TOY A/S Group. You can read more about us at www.toysrus.is.*

Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið



Selásskóli er staðsettur í Árbæjarhverfi í Reykjavík. Í skólanum eru 220 nemendur í 1.–7. bekk og við skólann starfar samstilltur og framsækinn hópur 36 starfsmanna. Einkunnarorð skólans eru: Látum þúsund blóm blómstra; vellíðan - ánægja, samvinna – samábyrgð. Í því felst umhyggja fyrir nemendum skólans og ríkur vilji til að styðja sem best við framfarir, þroska og vellíðan þeirra. Skólinn hefur skapað sér sérstöðu með áherslu á kennslu í umhverfismennt og náttúruvísindum, og nýtt sér nálægð við helstu náttúruperlur borgarinnar og tengt þær við flestar námsgreinar.

## Skólastjóri Selásskóla

**Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Selásskóla.**
Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, er með góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Hæfniskröfur**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og færni í samskiptum.

Óskað er eftir að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið. Auk þess fylgi yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með hausti 2012.**
**Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2012.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ/SÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111.
Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## DOGMA AUGLÝSIR EFTIR STARFSFÓLKI:

- FULLT STARF Í SMÁRALIND
- HLUTASTARF Á LAUGAVEGI

Umsækjandi þarf að geta hafið störf strax eða í síðasta lagi 16. júlí og geta unnið fram á næsta sumar eða lengur. Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri, reyklaus, stundvís, duglegur og hafa reynslu af afgreiðslustörfum.

Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is

DOGMA

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingar

Störf hjúkrunarfræðinga á skurðlækningadeild 12G og hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12E eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 80-100% vaktavinna. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi og eru laus annarsvegar nú þegar og frá 1. september 2012 eða eftir nánara samkomulagi.

Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
» Hjúkrunarfræðingur ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

**Hæfnikröfur**
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar**
» Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2012.
» Upplýsingar veita Birna Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á 12G, netfang birnaj@landspitali.is, sími 543 7343 og Kolbrún Gísladóttir, deildarstjóri á 12E, netfang kolbgisl@landspitali.is, sími 543 7084.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
» Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðninger er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Þelamerkurskóli

## Laus staða umsjónarkennara

Við Þelamerkurskóla er laus staða umsjónarkennara 7.-8. bekkjar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Grunnskólakennaramenntun
- Reynslu af starfi í grunnskóla
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Vilji til að vinna að þróun skólastarfs
- Hæfni og ánægja af að vinna með fólki á öllum aldri

Í Þelamerkurskóla starfa u.þ.b. 90 nemendur í 1. - 10. bekk. Í skólanum er samkennsla árganga. Þar starfar metnaðarfullur og samhentur hópur starfsmanna. Í starfinu er lögð áhersla á útivist og hreyfingu. Skólinn nýtir sér áætlun Olweusar gegn einelti, er Grænfánskóli og starfar í anda Heilsueflandi grunnskóla. Nánari upplýsingar um skólann eru á heimasíðu hans http://thelamork.is

Upplýsingar gefa Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri í síma 897-8737 eða á netfanginu ingileif@thelamork.is og Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri í síma 862-3839 eða á netfanginu unnare@thelamork.is Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí.

## Vélskömmtun lyfja

**Lyfjaver ehf óskar eftir að ráða starfsmann til framtíðarstarfa við vélskömmtun lyfja.**

Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, reglusamur, nákvæmur og samviskusamur og hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi hafi náð a.m.k. 25 ára aldri.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 15. júlí n.k.

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

---

Kerfisþróun

**Kerfisþróun Ísland ehf** þróar og þjónustar viðskiptalausnir sem einu nafni nefnast Stólpi. Einnig rekur félagið hýsingaraðstöðu og rekstrarþjónustu fyrir fyrirtæki.

**Vegna aukinna verkefna þurfum við að bæta við okkur fólki í eftirtalin störf:**

**Forritari**
Um er að ræða fullt starf við forritun á viðskiptalausninni Stólpi. Þróunarumhverfið er Visual Basic Scripting í Microsoft Access

Jákvæðni og áreiðanleiki er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þróun viðskiptalausna og þekki MS Access. Mikill kostur ef viðkomandi þekkir Stólpa viðskiptalausnina.

**Bókari**
Um er að ræða fullt starf við færslu bókhalds og launa í Stólpa og aðstoð við viðskiptavini sem nota lausnina.

Jákvæðni og áreiðanleiki er skilyrði sem og reynsla af launa- og bókhaldskerfinu Stólpi.

**Umsóknir sendast á umsokn@stolpi.is**
Nánari upplýsingar veitir Einar í s.512-4400

Kerfisþróun Ísland ehf. - Öryggi, reynsla og fagmennska í aldarfjórðung.

STÓLPI VIÐSKIPTALAUSNIR

---

## SINNIR ÞÚ VIÐSKIPTA-VININUM ALLRA MANNA BEST?

Í BAUHAUS fær viðskiptavinurinn ótakmarkaða athygli og því mun helsta verkefnið þitt, sem sölufulltrúi okkar, verða að leiðbeina og þjónusta alla sem eiga erindi til okkar. Þú þarft að hafa gaman af því að umgangast fólk, sem væntir þess að vera afgreitt hratt, örugglega og vingjarnlega og þú þarft að njóta þess að veita þá þjónustu sem laðar fram bæði bros og þakkir hjá viðskiptavininum.

**Við leitum að sölufulltrúum með reynslu í fullt starf og í hlutastörf í eftirfarandi deildum:**

- **Timbur**
- **Lagnir**
- **Málningu**
- **Garðaland**
- **Baðland**
- **Kassa**

Hefur þú áhuga og langar til að vita meira um störfin?

Þú getur einnig kíkt á heimasíðuna okkar á **www.bauhaus.is** og lesið meira um störfin.

Þú getur svo sótt beint um stöðurnar inni á heimasíðunni.

BAUHAUS®
Allt fyrir hús, heimili og garða

---

Bílaverkstæði Jóa

## Bifvélavirki

Bílaverkstæði Jóa auglýsir eftir vönum bifvélavirkja til starfa. Það að geta hafið störf sem fyrst.
Hægt er að hafa samband í síma 564-5520 eða bilajoa@bilajoa.is

---

Jói Fel
BAKARÍ

## Rekstrarstjóri hjá Jóa Fel - Kringlan

**Óskum eftir að ráð rekstrarstjóra til framtíðarstarfa í bakarí Jóa Fel í Kringlunni**

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipun, starfsmannaráðningar og allan daglegan rekstur á bakaríinu.

Æskilegt að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakarí eða veitingastaði. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á joifel@joifel.is eða hafið samband við Lindu í síma 863 7579.

Holtagarðar - Smáralind - Kringlan - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

---

## Umsjónarmaður ræstinga

Laust er fullt starf umsjónarmanns ræstinga hjá fræðslufyrirtæki í dagvinnu. Leitað er að jákvæðum og samviskusömum einstaklingi.

Reynsla af ræstingum er skilyrði. Laun eftir samkomulagi.

**Starfslýsing**
- Opna hús að morgni
- Dagleg ræsting húsnæðis samkvæmt áætlun
- Sjá um að aðkoma hússins sé með besta móti
- Koma með tillögu að viðhaldi eftir þörfum við stjórnendur
- Sjá um að rekstrarvörur séu pantaðar á skrifstofu
- Vinna önnur störf sem samrýmast gildandi kjarasamningum

**Umsóknarfrestur til 27. júlí.** Umsókn sendist á gudmundur@promennt.is

PROMENNT FRAMVEGIS Miðstöð símenntunar

---




---

# KERFISSTJÓRI

**VIÐ AUGLÝSUM EFTIR KERFISSTJÓRA SKAPALÓNS**

Við leitum að öflugum liðsmanni til að sjá um rekstur á hýsingar- og tölvukerfi fyrirtækisins ásamt því að þróa þær lausnir sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða í nánu samstarfi við þróunarteymi og framkvæmdstjóra.

Vinsamlegast sendið umsóknir með upplýsingum um nám og starfsreynslu á **sos@skapalon.is**
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Gott er að búa að ...**

- reynslu af rekstri hýsingarumhverfis
- þekkingu á .net, MS-SQL og Windows Server
- brennandi áhuga á veflausnum
- ríkri þjónustulund
- vera tæknilega þenkjandi
- menntun sem nýtist í starfi
- reynslu í vef- og hugbúnaðarþróun

**Við bjóðum ...**

- gott starfsumhverfi
- hvetjandi starfsumhverfi
- hæfileikaríkt samstarfsfólk
- sjálfstæði
- frábæra viðskiptavini
- krefjandi verkefni
- tækifæri til að skara framúr

Skapalón Vefstofa er opið fyrirtæki sem leggur ríka áherslu á gerð framúrskarandi vefsíðna og veflausna. Með opnu fyrirtæki er vísað í að Skapalón einskorðar sig ekki við eigin lausnir, þekkingu eða áherslur. Útfrá þeirri stefnu vinnum við með fjölda annara fyrirtækja og lausna sem eiga það sameiginlegt að vera leiðandi á sínu sviði. Nánari upplýsingar á vefsíðu okkar www.skapalon.is

*SKAPALÓN

# Skjalastjóri

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf skjalastjóra á Rekstrar- og mannauðssviði frá og með ágúst 2012. Um fullt starf er að ræða á aðalskrifstofu MAST á Selfossi.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með móttöku, skráningu, varðveislu og miðlun skjala
- Umsjón skjalavistunarkerfis
- Stefnumótun, þróun verklags og verkferla á sviði skjalastjórnunar
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn varðandi skjalamál
- Skipulag skjala- og gagnageymslu stofnunarinnar
- Eftirfylgni með að reglugerðum og stöðlum um skjalastýringu sé framfylgt
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði
- Reynsla af skjalastjórnun er æskileg
- Þekking á GoPro skjalavistunarkerfi er kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og Stefán Guðmundsson (stefan.gudmundsson @mast.is) í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum **„Skjalastjóri“** eða með tölvupósti á starf@ mast.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2012** og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.mast.is.

# Dýralæknir inn- og útflutningseftirlits

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á inn- og útflutningsskrifstofu MAST í Reykjavík í starf dýralæknis inn- og útflutningseftirlits. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um fullt starf er að ræða.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og dýraafurða
- Útgáfa inn- og útflutningsvottorða auk heilbrigðisvottorða
- Leiðbeiningar um inn- og útflutningsmál búfjárafurða og lifandi dýra
- Samskipti við innlendar og erlendar stofnanir sem tengjast inn- og útflutningseftirliti
- Fylgjast með smitsjúkdómum og þróun löggjafar á starfssviðinu í öðrum ríkjum
- Upplýsinga- og gagnaöflun ásamt skýrslugerð
- Ýmis önnur verkefni sem tengjast starfsemi inn- og útflutningsskrifstofu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Dýralæknismenntun
- Þekking á opinberu eftirliti og lögum og reglum EES er æskileg
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorvaldur H. Þórðarson (tht@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum **„Dýralæknir inn- og útflutnings“** eða með tölvupósti á starf@mast.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2012** og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.
Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á www.mast.is.

# Ungbarnaleikskólinn Bjarmi

Á Ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði vantar starfsmann til að sinna eldhúsi og afleysingu inn á deild.

Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæði og geta sýnt sveigjanleika í daglegu starfi. Einnig er kostur að vera jákvæður og líta lífið björtum augum.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá á netfangið bjarmi@bjargir.com

Nánari upplýsingar veitir Svava Björg í síma 695 3089

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Tvö embætti hæstaréttardómara laus til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir tvö embætti dómara við Hæstarétt Íslands laus til umsóknar sbr. lög um dómstóla, nr. 15/1998. Skipað verður í embættin frá og með 1. október 2012, eða eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um þrjá fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi að faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf hæstaréttardómara.

Umsóknir óskast sendar til innanríkisráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem hæstaréttardómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 1. ágúst nk.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*5. júlí 2012.*

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR/ SNYRTIFRÆÐINGAR

70% framtíðarstaða laus hjá lækningafyrirtæki. Starfið hefst í síðasta lagi 1. sept. og æskilegt er að viðkomandi sé ekki bundinn öðru starfi til að geta nýtt sér flexmöguleika. Mjög sjálfstætt reyklaust starf m.a. með börn. Ferill sem greinir í tímaröð menntun, starfsreynslu og fjarvistir ásamt upplýsingum um tölvureynslu (nauðsynleg), persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna starfshlutfallið henti og meðmælendur auk valupplýsinga svo sem veikindaupplýs. óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.



## Býrð þú yfir ríkri þjónustulund?

Hótel Klettur er glæsilegt hótel aðeins steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur. Okkur vantar gott og þjónustulundað starfsfólk í hópinn.

### Starfsmaður í móttöku

Unnið er í vaktavinnu og er vinnutími frá kl. 08.00–20.00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun ágúst.

Hæfniskröfur:
- Rík þjónustulund
- Hæfni í samskiptum
- Stundvísi
- Samviskusemi
- Góð íslensku- og enskukunnátta – önnur tungumál kostur
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur til 20. júlí 2012.
Umsóknir sendast á sigurdur@hotelklettur.is

HÓTEL KLETTUR

Mjölnisholt 12–14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600
E-mail: info@hotelklettur.is / www.hotelklettur.is

# Rennismiður

## Aðili vanur rennismíði og fræsivinnu óskast til starfa.

**Starfslýsing:**
- **Rennismiður óskast til starfa á renni- og fræsiverkstæði EGILS vélaverkstæðis ehf.**
- **Viðkomandi verður að búa yfir þekkingu á nýjustu tækni eða að geta tileinkað sér hana fljótt og vel.**
- **Góð vinnuaðstaða í boði.**

**Hæfniskröfur:**
- **Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt.**

**Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfni til að starfa með öðrum eru nauðsynlegir eiginleikar sem og hæfni til að koma upplýsingum/þekkingu til skila á skipulagðan og aðgengilegan hátt.**

Upplýsingar veitir Freyr Friðriksson, framkvæmdsastjóri í síma 554 4445 eða freyr@egill.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 16. júlí. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

EGILL

EGILL » Miðhrauni 2 » 210 Garðabæ
Sími: 554 4445 » Fax: 554 4476
egill@egill.is » www.egill.is

Domino's Pizza

# VINNUFÚSAR HENDUR ÓSKAST

VEGNA AUKINNA UMSVIFA ÞURFUM VIÐ AÐ STÆKKA HÓPINN OKKAR.

## Þjónustustjóri

Þessi aðili stjórnar þjónustuverinu (58-12345), leiðir stóran hóp þjónustufulltrúa og þarf því að hafa framúrskarandi þjónustulund ásamt því að vera metnaðarfullur og töluglöggur. Aldurstakmark 20 ára.

## Vaktstjórar og verslunarstjórar í þjálfun

Við ætlum að þjálfa fleiri framtíðar vakt- og verslunarstjóra og leitum að öflugu fólki með jákvætt hugarfar, persónum sem eru skipulagðar, eiga gott með að leiða hóp og leitast eftir krefjandi og skemmtilegri áskorun. Þetta eru snillingarnir sem stjórna verslunum okkar. Þeir þurfa því að vera ábyrgir, nákvæmir og veita frábæra þjónustu. Aldurstakmark 18 ára.

## Starfsmenn í verslun

Við getum bætt við okkur nokkrum duglegum og skemmtilegum samstarfsmönnum í nokkrar af verslunum okkar. Þeir þurfa að vera til í krefjandi og skemmtilega vinnu með frábærum samstarfsmönnum. Hafa bílpróf og hreina ökuferilsskrá.

## JÁKVÆÐNI – METNAÐUR – ÁBYRGÐ

Við bjóðum gott starfsumhverfi, skemmtilega samstarfsmenn og möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins. Ef þú ert að leita að gefandi starfi í góðu umhverfi, sendu þá ferilskrá á **ingibjorg@dominos.is – fyrir 15. júlí nk.**



# Ritari óskast

Stakfell fasteignasala óskar eftir að ráða ritar til starfa frá og með 1. ágúst nk.

Vinnutími frá 9-18 virka daga.

Umsóknir sendist á begga@stakfell.is.

Stakfell

Fasteignasala. Skúlatún 2. 105 Rvk



## Víðistaðakirkja í Hafnarfirði

**auglýsir eftir organista/kórstjóra í hlutastarf.**

**Starfsvið:** Orgel- og hljóðfæraleikur við helgihald kirkjunnar, stjórn og þjálfun kirkjukórs, umsjón með hljóðfærum, skipulag tónlistarstarfs í kirkjunni og ráðgjöf þar að lútandi.

**Hæfniskröfur:** Góð menntun, færni og reynsla á sviði kirkjutónlistar og kórstjórnar, skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknir merktar **„Starfsumsókn"** sendist til: Víðistaðakirkja Pósthólf 351, 220 Hafnarfirði. **Umsóknarfrestur er til 22.júlí.** Viðkomandi hefði þurft að geta hafið störf í september.

Nánari upplýsingar veita Hjörleifur Þórarinsson formaður sóknarnefndar (sími 660 3707) og séra Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur (sími 862 2161).

*Sóknarnefnd Víðistaðakirkju*

# Hefur þú gaman af bílum?

Bílabúð Benna óskar eftir drífandi starfsfólki

## Starfsmenn á dekkjaverkstæði

**Starfssvið:**
- Almenn dekkjaþjónusta

**Hæfniskröfur:**
- Mikil og góð reynsla af dekkjaþjónustu
- Þekking á bílum
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Um er að ræða tímabundna ráðningu með möguleika á fastráðningu.

Við leitum að drífandi og metnaðarfullum einstaklingum meðþægilegt viðmót og ríka þjónustulund.

Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið atvinna@benni.is fyrir mánudaginn 16. júlí.
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Benediktsson.

Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is - benni@benni.is

IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

## Við Iðnskólann í Hafnarfirði eru lausar til umsóknar eftirtaldar kennarastöður á haustönn 2012.

| | |
|---|---|
| // Íþróttir | 100% starf |
| // Faggreinar rafiðna (grunnnám) | 100% starf |
| // Fagteikning pípulagna (AutoCad) | 75% starf |

**Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2012.** Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja tilheyrandi fylgigögn s.s. leyfisbréf, ferilskrá, prófskírteini ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið arsaell@idnskolinn.is

Ráðið er í störfin frá 1. ágúst 2012. Launakjör fara eftir gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu skólans www.idnskolinn.is. Frekari upplýsingar um störfin veitir skólameistari, Ársæll Guðmundsson, í síma 895 2256.

Skólameistari

vissir þú að...
ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Mývatnssveit er einn eftirsóttasti áfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi, allt að 60% erlendra gesta sækja sveitina heim, sem telst með helstu náttúruperlum landsins. Þar starfar

## Mývatnsstofa

sem er hlutafélag og hefur upplýsingagjöf til ferðamanna og viðburðarstjórnun sem meginmarkmið í starfsemi sinni. Auk þess sinnir félagið markaðssetningu Mývatnssveitar og nágrennis í sérverkefnum.

## Félagið auglýsir hér með eftir framkvæmdastjóra í fullt starf.

**Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:**

- Hafa menntun sem nýtist í starfi.
- Hafa þekkingu á innviðum ferðaþjónustunnar og jarð- og landafræði Íslands.
- Hafa starfsreynslu og þekkingu á fjármálum, viðskiptum og markaðsmálum.
- Hafa reynslu á sviði viðburðastjórnunnar.
- Hafa góða tungumálakunnáttu.
- Eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.
- Eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Í Mývatnssveit búa tæplega 400 manns, þar er leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunnar innanhúss sem utan. Aðalatvinnuvegir á svæðinu eru ferðaþjónusta, landbúnaður og orkuvinnsla. Stjórn Mývatnsstofu mun liðsinna umsækjanda um hentugt húsnæði gerist þess þörf enda er nauðsynlegt að viðkomandi hafi fasta búsetu á svæðinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2011.**

Umsækjandi þarf að hefja störf á tímabilinu 15. ágúst til 1. september 2012.
Umsóknir berist til Leifs Hallgrímssonar, stjórnarformanns á netfangið: leifur@myflug.is sem jafnframt veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar

Starf aðstoðardeildarstjóra á bráðaöldrunarlækningadeild er laust til umsóknar. Deildin er 21 rúma og sérhæfir sig í meðferð og hjúkrun eftir bráðainnlögn. Starfið veitist frá 1. september eða eftir samkomulagi til tveggja ára með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- » Er leiðandi í klínísku starfi og framþróun hjúkrunar á deildinni
- » Vinnur í samráði við hjúkrunardeildarstjóra að skipulagningu á starfsemi deildar
- » Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Starfsreynsla
- » Stjórnunarþekking og leiðtogahæfni

### Nánari upplýsingar

- » Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2012.
- » Starfshlutfall er 90 – 100% og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi til tveggja ára með möguleika á áframhaldandi ráðningu.
- » Upplýsingar veitir Sigrún Lind Egilsdóttir, deildarstjóri, siglind@landspitali.is, sími 543 9404.
- » Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferliskrá ásamt afriti af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi.
- » Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



BYLGJAN 989



Steingrímur J. Sigfússon
ráðherra
og Andrea Ólafsdóttir
forsetaframbjóðandi
mæta á Sprengisand
á sunnudaginn.

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



# ÓSKAST TIL LEIGU

## 15288 - Fullbúið húsnæði óskast á leigu fyrir Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir nýja hverfastöð, **Lögreglustöð 4,** fyrir Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til **15–25 ára**, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Leigutilboð skal í fyrsta lagi m.v. 15 ára leigutíma, í öðru lagi 20 ára leigutíma og í þriðja lagi 25 ára leigutíma.

Þjónustusvæði stöðvarinnar er austan og norðan Elliðaár þ.m.t. Mosfellsbær og nálægar sveitir. Gerð er krafa um staðsetningu austan Höfðabakka, sunnan Lágafells í Mosfellsbæ og norðan Norðlingaholts. Stöðin þarf að vera staðsett sem næst Suðurlands- og Vesturlandsvegi. Æskilegt er að húsnæðið sé sem mest á einni hæð. Til staðar þarf að vera gott aðgengi og næg bílastæði. **Æskilegur afhendingartími er 6-9 mánuðir en gæti verið allt að 12 mánuðir eftir undirskrift leigusamnings, en þannig er gefinn kostur á að um nýbyggingu verði að ræða ef það er talið gefa hagstæðustu lausn.**

Húsrýmisþörf **Lögreglustöðvar 4** er áætluð um **700 fermetrar.**

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla eru aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is .

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15288 skulu sendar á netfangið: www.utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **9. júlí, 2012**, en svarfrestur er til og með **11. júlí, 2012.**

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **þriðjudaginn 24. júlí, 2012.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP





## Tillaga að deiliskipulagi Borgarbraut – Vestursíða og breyting á deiliskipulagsmörkum Giljahverfis

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagssvæðið afmarkast af Vestursíðu í austri, Bröttusíðu í norðri, Bugðusíðu í suðri og af núverandi og fyrirhugaðri Borgarbraut í vestri. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir lengingu Borgarbrautar að Bröttusíðu, hljóðmönum og byggingarreitum fyrir bílgeymslur við Vestursíðu.

Eldri deiliskipulög á svæðinu fyrir Vestursíðu 10-38 frá 1989 og Vestursíðu 1-8 frá 1991 verða felld úr gildi.

Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagi Giljahverfis og skipulagsmörk samræmd.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð, umhverfisskýrslu og húsakönnun mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 11. júlí til 22. ágúst 2012, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 22. ágúst og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

*11. júlí 2012*
*Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar*

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Styrkir til doktorsnema við Háskóla Íslands

Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala auglýsir lausa til umsókna tvo þriggja ára styrki til doktorsnáms við Háskóla Íslands tengda Rannsóknarstofu Landspítala og Háskóla Íslands í Öldrunarfræðum (RHLÖ).

Styrkirnir einskorðast við doktorsnema við Háskóla Íslands og úrvinnslu gagna Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar (AGES-RS I og II) og gögn sem tengja mætti þeirri rannsókn. Doktorsneminn fær starfsaðstöðu við RHLÖ að Ægisgötu 26 og skal vinna rannsóknina þar. Auk styrksins sem tekur mið af taxta RANNÍS fyrir doktorsnema á hverjum tíma veitir rannsóknastofan sérstakan stuðning við tölfræðilega úrvinnslu. AGES RS rannsókninni hefur verið lýst í greininni:

Age, Gene/Environment Susceptibility-Reykjavik Study: multidisciplinary applied phenomics. Harris TB, Launer LJ, Eiriksdottir G, Kjartansson O, Jonsson PV, Sigurdsson G, Thorgeirsson G, Aspelund T, Garcia ME, Cotch MF, Hoffman HJ, Gudnason V. Am J Epidemiol 2007;165(9):1076-87.

Doktorsneminn getur komið frá hvaða námsbraut sem er innan Háskóla Íslands. Doktorsneminn þarf að leggja fram áætlun um doktorsnám sem samþykkt hefur verið af rannsóknarnefnd öldrunarrannsóknar Hjartaverndar og viðkomandi Háskóladeild svo og upplýsingar um doktorsnefnd.

Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala hefur hug á að efla doktorsnám á sviði öldrunarfræða með ofangreindum hætti með árlegum styrkveitingum næstu 3 árin. Með því er vonast eftir því að lifandi samfélag myndist um öldrunarrannsóknir þar sem doktorsnemar geta haft stuðning hver af öðrum auk góðrar starfsaðstöðu. Umsóknir verða metnar af sjálfstæðri vísindanefnd á vegum Vísinda-, Mennta- og Nýsköpunarsviðs Landspítala á samkeppnisgrunni. Ef fullnægjandi umsóknir fást verða styrkir veittir á vísindafundi Landspítalans sem haldinn er í apríl 2013.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2013. Frekari upplýsingar veitir Pálmi V. Jónsson, prófessor, formaður stjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, sími 5439410, netfang: palmivj@landspitali.is og skal rannsóknaráætlun send til hans.



## Auglýsing um próf til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2012 sem hér segir:

**Fyrri hluti þriðjudaginn 9. október.**
**Seinni hluti föstudaginn 12. október**.

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Próftökugjald er kr. 280.000.

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknum fyrir 3. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Árna Tómassyni, Hraunbraut 20, 200 Kópavogi.

Tilkynningu skal fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting á að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008 ásamt kvittun fyrir greiðslu prófgjalds. Greiða skal prófgjald inn á reikning ríkissjóðs: 0001-26-025017, kt. 540269-6459.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

*Reykjavík 5. júlí 2012,*
*Prófnefnd löggiltra endurskoðenda.*

# ÚTBOÐ

Á endurskoðunarþjónustu, ytri og innri endurskoðun, Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og lífeyrissjóða í rekstrarumsjón hans.

Sjá nánari lýsingu í útboðsgögnum á heimasíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga: www.lss.is.

**Tilboðsfrestur er til og með 20. ágúst nk. kl. 13.00**

**Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**
**Sigtúni 42, 105 Reykjavík**
**Sími: 5 400 700 Fax: 5 400 701**

Landsvirkjun

## Bjarnarflag

**Útboð nr. 20093**

## Vinnubúðir Landsvirkjunar

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í vinnubúðir Landsvirkjunar í Bjarnarflagi samkvæmt útboðsgögnum nr. 20093.
Verkið felst í uppsetningu 28 húseininga með viðeigandi jarð- og lagnavinnu.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur í húsastæðum | 1.000 $m^3$ |
| Frárennslislagnir | 230 m |
| Vatnslagnir | 250 m |
| Frágangur undirstöðubita | 400 m |
| Uppsetning húseininga | 28 stk |

Vettvangsskoðun verður á verkstað 13. júlí nk. kl:14:00.
Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2012.
Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000 fyrir hvert eintak, frá og með þriðjudeginum 10. júlí 2012.
Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 1. ágúst 2012, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Sandvíkursetur ehf óskar eftir tilboðum í verkið:**

## SANDVÍKURSETUR, BREYTINGAR

Verkið felst í breytingum á hluta húsnæðis Sandvíkurskólans á Selfossi. Breytingarnar ná til uþb. 1.500 $m^2$ af húsnæði skólans og eru helstu verkþættir eftirfarandi:

- Rif og förgun gólfefna, innréttinga, lampa og loftaefna.
- Steypusögun, múrbrot og styrkingar burðarvirkis.
- Nýir innveggir og loftakerfi.
- Breytingar á hita- og neysluvatnslögnum, auk loftræstikerfa.
- Múrviðgerðir og líming á sprungum.
- Nýlagnir og breytingar á raflögnum og lýsingu.
- Útveggjaklæðning og gluggaskipti
- Ný gólfefni, innréttingar og málun húsnæðisins.

Verklok, desember 2012.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 5. júlí. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu senda tölvupóst á proark@proark.is eða hafa samband í síma 482 4430 og gefa upp nafn, síma og netfang og fá í kjölfarið send útboðsgögn í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Pro-Ark ehf, Eyravegi 32, Selfossi fyrir kl. 10:00 mánudaginn 23. júlí 2012, tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

Athygli er vakin á að væntanlegum bjóðendum er boðið að kynna sér aðstæður í vettvangsskoðun þann 10. júlí nk. Kl.10:00. Einungis er gert ráð fyrir að verkstaðurinn verði sýndur þennan dag og eru bjóðendur hvattir til að mæta og kynna sér aðstæður.

Pro-Ark Teiknistofa
Eyravegi 32, 800 Selfoss, Sími 482 4430, proark@proark.is

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- *Úlfarsárdalur, aðkoma að íþróttasvæði Fram. Gata og bílastæði, útboð nr. 12771.*
- *Fylkir – Alútboð – Skyggni yfir áhorfendapalla, alútboð nr. 12866.*
- *Klapparstígur, endurgerð milli Laugavegar og Hverfisgötu, útboð nr. 12877.*
- *Göngu- og hjólastígar 2012, Reykjavegur að El liðaám, útboð nr. 12878.*
- *Laugardalur, umhverfisfrágangur 2012, útboð nr. 12885.*
- *Salt til hálkueyðingar í Reykjavík 2012-2013 EES útboð nr. 12887.*

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

**TIL SÖLU**

## ÍSBÚÐ / SÖLUTURN

**MIKLIR MÖGULEIKAR**

Vaxandi íssala sem auðvelt er að auka verulega, Spilakassar / lottó og vinsæl DVD leiga.
Snyrtilegt og nýlega endurnýjað húsnæði. Vel staðsett við 2 skóla og þétta blandaða byggð.
Miklir framtíðarmöguleikar, vaxandi velta
**Ýmis skipti koma til greina. Ásett verð 8 millj.**
Nánari uppl. veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

# ÚTBOÐ

**Norðurá bs. óskar tilboða í verkið - Urðunarstaður Stekkjarvík Blönduósbæ - Stækkun.**

**Helstu magntölur eru:**
- Gröftur og tilfærsla jarðvegs 35.000 rúmmetrar.
- Lagnir 200 metrar.

**Verklok eru 31. ágúst 2012.**

Útboðsgögn fást á skrifstofu Eflu hf. verkfræðistofu, Höfðabakka 9 frá og með mánudeginum 9. júlí 2012, kl. 14, gegn skráningu á samskiptaaðila bjóðanda í útboði.

Opnun tilboða verður 23. júlí 2012, kl. 14:00 í þjónustuhúsi urðunarstaðarins Stekkjarvík Blönduósbæ.



**Álfhólsvegur**

**Opið hús þriðjudaginn 10 júlí milli 18:30 – 19:00**

**Reisulegt einbýlishús með fallegu útsýni**

Fallegt tvílyft einbýlishús
Gott viðhald, frábært útsýni
Tvöfaldur góður bílskúr
4 svefnherb, alls um 250 fm
Eignin getur nýst sem tvær íbúðir
Laus strax

Allar nánari upplýsingar gefur Atli.



Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
Sölufulltrúi
**sími:** 899 1178
atli@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



## Veitingastaðurinn Á næstu grösum

**Til sölu þessi rótgróni veitingastaður við Laugaveginn.**
Staðurinn er í um 150 fm. húsnæði og skiptist í glæsilegan veitingasal með sætum fyrir um 50 manns. Innaf veitingasal eru eldhús með tækjum og tólum, starfsmannaaðstaða, salerni o.fl. Samhliða sölu veitingastaðarins er gert ráð fyrir að kaupandi rekstrarins geri langtímaleigusamning um húsnæðið sem staðurinn er rekinn í.

**Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is
sími: 511 1144

## Til sölu



**NULL**
Til sölu hús stærð 1,6x 3m. Er hannað sem söluhús, pylsuvagn, en getur verið garðhús eða hvað sem er. Tilboð. Uppl. S: 899 8651.



**Gróðurhús TILBOÐ !!!**
6fm með hertu gleri 230þ. 9fm með hertu gleri 330þ. KLIF ehf, S:552-3300.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.




Af sérstökum ástæðum er til sölu saumastofa á góðum stað í Rvk. Verkefnisstaða er mjög góð og eru verkefni helst í viðgerðum og breytingum, ásamt því að vera með eigin framleiðslu. Tilvalið tækifæri fyrir laghenta manneskju. Auðveld kaup. Uppl. í s. 694 3997

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Rococo húsgögn til sölu. Borðstofuborð, stólar, glerskápar ofl. V. 260 þ. S:848 1718.

Massíft hringlaga borðstofuborð. Stækkanlegt á 3 vegu og 6 stólar. Selst ódýrt. S. 6981093

## Dýrahald



Yndislegir sharpei hvolpar til sölu undan margverðlaunuðum og sýndum foreldrum. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. S 821 9262

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407





































# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is




### Langar þig í hund?
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að réttri meðferð, aðbúnaði og uppeldi hunda og góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu HRFÍ, www.hrfi.is



Bulldog hvolpar með ættbók örmerkingu og bólusettir Tilb. til afhendingar í vikunni. Aðeins 2 tíkur eftir uppl í 773 3440



Beagle hvolpar undan vel ættuðum foreldrum eru að leita að góðum heimilum. Verða afhentir heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 663 2712.

Yndislegir hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Afhentast 15. júlí. Uppl. í s. 8692809

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Falleg 3 herb. í 112. Leigist með öllum húsgögnum, þvottavél/þurrkari, yfirbyggðar hitaðar svalir. S. 867-1416

### Akureyri - gisting
Yndisleg fullbúin íbúð á besta stað. S.770 5018, inra@hive.is Laust e. 16. ág.

### 107 Reykjavík
Til leigu 4ja herb. Íbúð á góðum stað í Vesturbænum. Íbúðin er um 85 fm og skiptist í 3 herb., stofu, baðherb., eldhús og gang. Uppl. í s. 860 8172 (eftir kl. 17 á daginn)

Vel skipulögð 3 herb íbúð(90fm) á Álftanesi. Góð geymsla innan íbúðar. Uppl. gefur Heiðar í s. 895 0372 e.kl 18.

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 55 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 695 7276.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4. herb íbúð í Unufelli til leigu, er laus hægt að fá að skoða hana frá 9. - 11. júl. Geymsla getur fylgt, mánðarlega 150þ öll gjöld innifalin, tryggingafé skilyrði, reglusamt, reyklaust fjölskyldufólk einungis, dýr ekki leyfð, nánari uppl. veitir Guðmundur í S. 868 0331

### Til leigu
109 fm, 4ja herb. íbúð á jarðhæð að Lindarsmára í Kópavogi. Leiga 160 þús.pr mán. Upplýsingar sendist á: thjonusta@365.is merkt „íbúð"

## Húsnæði óskast

Vönduð 4 herb. íb 118,92m2. Til leigu við ofanleiti. Laus 1 Ág. Aðeins reglusamt og vandað fólk kemur til gr. Uppl. í s: 892 0258.

### Rizzo Pizzeria óskar eftir íbúð!
Óska eftir 4, herbergja íbúð í Mosó og nágrenni. Sem allra fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl í síma 663 2502 eða solla@rizzo.is

Par m. 2 börn óskar eftir íbúð til leigu ca. 100-170 fm. Reglusöm með fastar tekjur. Meðmælendur til staðar. Frá águst, langtímal. S. 898 4202/823 8188

Hjón með 2 börn óska eftir húsnæði á höfuðbsv. Reklusemi og skilvísi heitið. Meðmæli ef óskað er. S. 8447461

Mæðgur m. smáhund óska eftir 3 herb. íb. m. sér inng. Helst 112, 107 S. 899 4512

### Sendiráð óskar eftir íbúð
Þýskur sendifulltrúi óskar eftir 80-100m2 3ja herb. íbúð til leigu frá sept. 2012 í 4 ár helst í 101 Rvk eða á höfuðbgsv.. m/ góðum strætósamg..Uppl. s. 530 1100. Myndir og grunnteikningar sendist á: info@reykjavik.diplo.de

## Fasteignir



### SKIPTI Á SUMARBÚSTAÐ!
120 m² þjónustuhús til sölu (vil skipta á sumarbústað) , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja og breyta. Óska eftir tilboðum. Uppl. í s: 897 6302 eða stjornufiskur@gmail.com

## Sumarbústaðir

TIl sölu 2 sumarhúsalóðir. 6100 fm og 6900 fm í landi minna Mosfells. Ásett verð 230 kr/fm. Vatn og rafmagn komið á lóðamörk. S. 695-1543

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Öndverðanes sumarbústaður 87fm, og 25fm gesthús til sölu. Uppl. í S:663 3859/896 1215



### Bjálkahús/gestahús til sölu.
15,3 m2 bjálkahús úr 70mm bjálkum með tvöföldu gleri. V. 1.490.þ. eða tilboð. S: 894-7902.

## Atvinnuhúsnæði

70fm húsnæði til leigu á Ártúnshöfða. ásamt 12fm millilofti. Stórar innkeyrsludyr, útiaðstaða. S. 568 1075 899 1075. eftir kl.18:00.

## Geymsluhúsnæði

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STAY APARTMENTS**

STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 20 ára eða eldri. Dagvinna og 2. hver helgi. Góð laun fyrir duglegan starfskraft. Vinsamlegast sendið umsóknir í stay@stay.is

### Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
**Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum vaktstjórum og almennum starfsmönnum í fullt starf. Unnið á 15 daga vöktum. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi. Eingöngu um framtíðarstarf er að ræða.**

**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

### Vinna heima
Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

### Au pair til Svíþjóðar
Íslensk fjölskylda búsett á Skáni leitar að traustri og sjálfstæðri au pair, 18-26 ára, reykleysi er skilyrði. Frá 1. sept 2012 fram á sumar 2013 (samkomulag) Frekari uppl. á aupair.skane@gmail.com

### Fiskikóngurinn-starfsfólk óskast.
2 vanar manneskjur óskast til starfa STRAX, við snyrtingu og pökkun, íslenskar sem útlenskar, helst vanar. Flakari óskast. Upplýsingar Kristján 896 0602

Um 50 rafvirkja vantar til Noregs strax. Frítt húsnæði. Sendið ferilskrá á norsku eða ensku ásamt afriti af sveinsbréfi (og DSB) á midlun@simnet.is.

### Trésmiður óskast
óska eftir að ráða vandvirkan og traustan trésmið í nýsmíði og viðhaldsvinnu. næg verkefni framundan uppl í síma 824-0232 og ssvanursig@hotmail.com

Ncs óskar eftir starfsfólki á næturvaktir í fullt starf, umsóknir berist á ncs@ncs.is

### Pípulagningamenn
Óska eftir pípulagningameistara eða svein til starfa í Stavanger Uppl. í s: +47 908 41 752 eða stefan@jonsson-partnere.no

M.S Vélar og Stálsmíði óskar eftir að ráða vélvirkja/bifvélavirkja eða manni vönum bíla- og vélaviðgerðum. Uppl. í s. 864 4024 eða 483 1200, Stefán.

## Atvinna óskast

Duglegur, jákvæður og sterkur 17 ára strákur leitar að sumarvinnu, og með skóla í haust. S: 869 1424

63 ára karlmaður lærður húsasmiður vantar vinnu. Margt annað kemur til greina. 844 7901, Guðmundur.

## Viðskiptatækifæri

### Be a receiver of test mail in Reykjavik, Kopavogur or Hafnarfjordur
**with your private and/or business address and receive 10 EUR / 1.600 ISK per month. Kindly register on www.world-mail-panel.com (survey code: IPC-Ad) or send us an e-mail to panel@quotas.de. For more information visit www.quotas.de**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



### Komdu í klippingu
Eva Katrín er byrjuð að vinna hjá okkur. Topphár Dvergshöfða 27 sími. 5872030







# tímamót

timamot@frettabladid.is



83 **MARGRÉT GUÐNADÓTTIR** prófessor á afmæli í dag.

*„Við höldum áfram að lifa í verkum okkar og þeim arfi sem við skilum framtíðinni.“*



**HANDBOLTAKAPPI** „Öllum verður að líða vel, annars ná þeir ekki árangri,“ segir Patrekur Jóhannesson sem ætlar að þjálfa tvö lið í vetur og einnig setjast á skólabekk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

PATREKUR JÓHANNESSON HANDBOLTAMAÐUR: ER FERTUGUR Í DAG

## Líður best með nóg að gera

„Ellefu ára sonur minn er að keppa í fótbolta með Stjörnunni á N1-mótinu á Akureyri og ég er bara liðsstjóri þar. Það er við hæfi að vera í kringum íþróttirnar á þessum merkisdegi,“ segir handboltahetjan Patrekur Jóhannesson sem á fertugsafmæli í dag.

Patrekur býr hér á landi þó aðalstarf hans sé þjálfun austurríska landsliðsins í handbolta, sem hann tók við í september á síðasta ári. „Að þjálfa er það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir hann sannfærandi. „Ég er búinn að vera með í fjórtán leikjum og við höfum unnið tíu þeirra sem er mjög gott. Reyndar kepptum við í lok júní um að komast á heimsmeistaramótið en vorum tveimur mörkum frá því, svo það gekk ekki nógu vel. Við kepptum á móti sterku liði Makedóníu, sem sló Ísland út 2009.“ Hann segir ekkert vandamál að búa í öðru landi. „Ég flýg út þegar með þarf, er meðal annars að fara um næstu helgi á þjálfaranámskeið. En landsliðið kemur sjaldan saman og í gegnum tölvutæknina sé ég alla leiki bæði í austurrísku deildinni og þeirri þýsku þar sem landsliðsmennirnir eru að spila.“

Samhliða landsliðsþjálfun í Austurríki er Patrekur að taka við karlaliði Vals í handbolta sem hann ætlar að þjálfa frá og með 1. ágúst. „Þegar Valur er ekki að spila er ég í Austurríki og öfugt, þannig að þetta passar ágætlega saman,“ segir hann bjartsýnn. Hann er líka búinn að skrá sig í mastersnám í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Hann viðurkennir að verkefnin verði ærin á afmælisárinu en allt sé fertugum fært. „Mér líður líka best með nóg að gera,“ segir hann og kveðst hafa lokið námi í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík eftir að hann hætti að spila sem atvinnumaður í handbolta í Þýskalandi. „Ég kláraði íþróttafræðina 2008 og nú er ég ákveðinn í að byrja í mannauðsstjórnun. Tek það nám á hálfum hraða og vona að ég eigi eftir að læra mikið sem muni nýtast mér í þjálfuninni því hún snýst um að stjórna fólki og ná því besta út úr því.“

Inntur eftir einkalífinu upplýsir Patrekur að hann sé giftur og að þau hjónin eigi þrjú börn. „Ég á stjúpson sem er 18 ára og svo eigum við ellefu ára og sex ára. Við bjuggum lengi í Þýskalandi þegar ég var þar að spila og fluttum heim 2004. Síðan fórum við eitt ár til Þýskalands 2010-2011 en ákváðum að leyfa krökkunum að alast upp hér á Íslandi. Það eru alger forréttindi og við vildum ekki taka það frá þeim. Þau langaði að vera hér og þetta er bara eins og í handboltanum að öllum verður að líða vel, annars ná þeir ekki árangri.“ gun@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. JÚLÍ 1915

## Íslenskar konur fögnuðu kosningarétti



Íslenskar konur efndu til mikilla hátíðahalda í miðborg Reykjavíkur við setningu Alþingis þennan dag árið 1915 og fögnuðu nýfengnum kosningarétti.

Dagskráin hófst á því að konur gengu fylktu liði inn á Austurvöll. Ungar konur voru þar fremstar í flokki og veifuðu allar íslenska fánanum því þann 19. júní 1915, sama dag og konungur skrifaði undir lög um kosningaþátttöku kvenna, tóku lög um íslenska fánann einnig gildi. Sendinefnd úr hópnum gekk inn í þinghúsið þar sem lesið var þakkarávarp og þingheimur hrópaði þrefalt húrra fyrir konum. Síðan hófst útifundur með söng og ræðum. Ingibjörg H. Bjarnason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir töluðu. Mikil bjartsýni var ríkjandi í hópnum og Bríet lauk ræðu sinni á þessum orðum: „Við heilsum glaðar framtíðinni.“

---

✝



Þökkum innilega samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR GESTSDÓTTUR**
**Flókagötu 4, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Markar.

**Valborg Sigurðardóttir** **Svavar Sölvason**
**Gestur Þór Sigurðsson** **Vilborg Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN I. EYJÓLFSDÓTTIR**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 5. júlí.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Karl Gunnarsson**
**Ingólfur Karlsson** **Gerður Helga Jónsdóttir**
**Hulda Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ODDNÝ DANÍELSDÓTTIR**
**frá Fossseli í Hrútafirði,**

lést fimmtudaginn 5. júlí.

**Daníel Bergur Gíslason** **Helga Björk Jónsdóttir**
**Brynjólfur Gíslason**
**Arndís Gísladóttir** **Ásgeir Sigurðsson**
**Signý Gísladóttir** **Ingvar Ágúst Þórisson**
**Kristín Gísladóttir** **Halldór Kvaran**
**Ragnheiður Gísladóttir** **Haukur Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku mamma mín,

**MARGRÉT SIGRÍÐUR ÁRNADÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Garðarsbraut 62, Húsavík,**

lést föstudaginn 29. júní. Útför verður frá Húsavíkurkirkju mánudaginn 9. júlí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

**Hanna Björg Guðmundsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**FINNBOGA REYNIS GUNNARSSONAR**
**Langeyrarvegi 20, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítala í Fossvogi og við Hringbraut sem annaðist hann og hlúði að honum síðustu mánuði.

**Þórdís Egilsdóttir**
**Gunnar Egill Finnbogason** **Halla Jónsdóttir**
**Málfríður Finnbogadóttir** **Jóhannes Tómasson**
**Reynir Þór Finnbogason** **Kristín Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




*Rúnar Geirmundsson*



*Sigurður Rúnarsson*



*Elís Rúnarsson*



*Þorbergur Þórðarson*

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


---

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BJARNI JÓNSSON**
**vélstjóri,**
**Árskógum 8, Reykjavík,**

andaðist laugardaginn 30. júní á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Fríða Helgadóttir**
**Elín Bjarnadóttir**
**Helgi Bjarnason**
**Fríða Dís Bjarnadóttir** **Leifur Gústafsson**
**Fríða Stefánsdóttir** **Ragnar Bjarni Stefánsson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**GUÐRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**

lést á Líknardeild Landspítalans 30. júní sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. júlí nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknardeild Landspítalans.

**Jón Þór Eyþórsson** **Olga J. Stefánsdóttir**
**Daníel Eyþórsson** **Sigurlaug Kr. Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,

**AAGOT EMILSDÓTTIR**
**Vestur-Sámsstöðum, Fljótshlíð,**

lést miðvikudaginn 27. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 11.00.

**Árni Þorsteinn Sigurðsson**
**Ágústa Elín Ingþórsdóttir** **Kristján Ásgeirsson**
**Ólafur Ingþórsson** **Kristín Stefánsdóttir**
**Emilía Guðmundsdóttir** **Gústav Smári Guðmundsson**
**Ágústa Kristín Árnadóttir og barnabörn**



Elskulegi maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁRNI HREIÐAR ÁRNASON**
**húsgagnameistari,**
**Furugerði 1, Reykjavík,**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jytte I. Árnason**
**Guðrún Árnadóttir** **Gísli Grétar Sólonsson**
**Rannveig Árnadóttir** **Eiríkur Jón Ingólfsson**
**Inga M. Árnadóttir**
**Anna Arndís Árnadóttir** **Leifur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRDÍS (STELLA) BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**Norðurbrú 5, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn 4. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Þorsteinsson**
**Ragnheiður Benediktsdóttir**
**Brynjólfur Sigurðsson** **Hrafnhildur Hlöðversdóttir**
**Steinunn Guðmundína Sigurðardóttir** **Ásgeir Einarsson**
**Ruth Sigurðardóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Hrefna Sigurðardóttir** **Baldur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

**BRYNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 4. júlí.

**Laufey Kristinsdóttir**
**Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Rúnar Reynisson**
**Magnús Reynir Rúnarsson**
**Laufey Svafa Rúnarsdóttir**
**Kjartan Hugi Rúnarsson**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**ÓLAFÍU KRISTÍNAR HANNESDÓTTUR**
**sjúkraliða,**
**Drekavöllum 26, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar og taugalækningardeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Auðlín Hanna Hannesdóttir** **Ólafur G. Vigfússon**
**Þorsteinn Óli Hannesson** **Ágústa Guðmundsdóttir**
**og frændsystkin.**



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinsemd vegna andláts okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**SKÚLA SKÚLASONAR**
**bifvélavirkja,**
**Miðbraut 22, Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Hansína Sigurjónsdóttir**
**Hafsteinn Skúlason** **Brynja Rannveig Guðmundsd.**
**Áslaug Ingibjörg Skúladóttir** **Gunnsteinn Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



**KRÍAN** Fuglalífið í friðlandinu er í miklum blóma um hásumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýir fræðslustígar um Friðland fuglanna

Náttúrusetrið á Húsabakka í Svarfaðardal hefur undanfarin ár unnið að verkefni sem nefnist Friðland fuglanna. Nýlega voru formlega opnaðir fræðslustígar í Friðlandinu með á annað hundrað upplýsingaskiltum um blóm og fugla. Þar geta gestir fræðst um náttúruna og notið um leið fuglasöngs, anganar blóma og fegurðar hins svarfdælska fjallahrings. Stígarnir liggja annars vegar frá Olís á Dalvík umhverfis Hrísahöfða og hins vegar frá Húsabakka niður í svokallaðan Hánefsstaðahólma.

Fuglasýning í Húsabakka sem opnuð var í fyrra hefur vakið athygli fyrir óvenjulega nálgun. Þar baðast lóan diskóljósum, ástarlíf óðinshanans er opinberað og veðurfræði himbrimans er brotin til mergjar.

Segja má að fuglarnir hafi loksins komið út úr skápnum á þessari sýningu sem er eins konar forstofa að Friðlandi Svarfdæla, elstu votlendisfriðunar á Íslandi og þeim síkvika ævintýraheimi sem þar er að finna. Sýningin er opin alla daga í sumar.



**Í KAUPTÚNI GARÐABÆ** Nýr sýningarsalur Toyota verður opnaður í dag.

# Toyota flutt í Kauptún

Fyrsta sýningin í nýjum sal Toyota í Kauptúni í Garðabæ verður í dag, laugardaginn 7. júlí frá klukkan 12 til 16. Þá verða þrír spennandi bílar frá Toyota og Lexus sýndir í fyrsta sinn á Íslandi.

Nú er alla starfsemi Toyota á höfuðborgarsvæðinu að finna undir einu þaki. Þar fer fram sala á nýjum og notuðum Toyota- og Lexus-bifreiðum, þar er einnig auka- og varahlutaverslun, bílaverkstæði, málningar- og réttingaverkstæði, bílaþvottur og hraðþjónusta sem sinnir smurþjónustu og þjónustuskoðunum auk annarrar starfsemi sem tilheyrir þjónustu fyrirtækisins. Auk Toyota í Kauptúni eru þrír söluaðilar Toyota á Íslandi, á Akureyri, Selfossi og í Reykjanesbæ, sem einnig sinna þjónustu og almennum viðgerðum.

Söludeild notaðra bíla verður í Kauptúni en einnig verða notaðir Toyota- og Lexus-bílar seldir á Kletthálsi áfram eins og verið hefur.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður okkar og tengdamóður,

**ARNDÍSAR JÖRUNDSDÓTTUR**
**Árskógum 2,**
**áður til heimilis að Dalseli 2, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heiðarbæjar, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fyrir nærgætna umönnun.

**Emil Óskar Þorbjörnsson** **Hólmfríður Hrönn Valgarðsd.**
**María Steinunn Þorbjörnsdóttir** **Þórir Haraldsson**
**Sigfús Kristinn Þorbjörnsson** **Hrönn Héðinsdóttir**
**Hildur Kristín Þorbjörnsdóttir** **Steinþór Bragason**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**JÓHÖNNU BOGADÓTTUR**
**Víðilundi 20, Akureyri.**

**Lovísa Ásgeirsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Bogi Ásgeirsson** **Margrét Einarsdóttir**
**Jóhanna Margrét** **Kristinn Bjarkason**
**Jón Einar Guðmundsson** **Birgir Örn Guðmundsson**
**Elín Arna Bogadóttir** **Einar Kári Bogason**
**Ásgeir Jóhann, Daníel Ingi og Almar Jón Kristinssynir**



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞORSTEINN KRISTJÁNSSON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Seljavegi 23, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 3. júlí. Útför hans fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 15.00.

**Valdís B. Bjarnadóttir**
**Kristján S. Þorsteinsson** **Astrid Sörensen**
**Arna Guðrún Þorsteinsdóttir** **Guðni Hrafn Grétarsson**
**Bjarni Óskar Þorsteinsson**
**Þorsteinn Atli, Siggeir Karl, Sigríður Kristín, Jóhanna Þórný, Brynjar Þór, Grétar Hrafn, Arnar Hrafn, Hrafntinna, Valdís Bríet, Melkorka**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN G. SIGURÐARDÓTTIR**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Karitas.

**Sigrún Halla Karlsdóttir** **Kristján Sveinsson**
**Sigurður Karlsson** **Ellen María Ólafsdóttir**
**Magnús Þór Karlsson** **Margrét H. Þórarinsdóttir**
**Álfhildur Kristjánsdóttir** **Þór Árnason**
**Sveinn Kristjánsson** **Stefanía Sigurðardóttir**
**Guðbjartur Ólafur Sigurðsson**
**Kristín Ósk Sigurðardóttir**
**Hallbjörn Magnússon** **Steinunn Anna Kjartansdóttir**
**Kristinn Magnússon**
**Katrín María Magnúsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, mágkona, amma og langamma,

**INGIGERÐUR ÞÓRANNA MELSTEÐ BORG**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Freyjugötu 42, Reykjavík,**

sem lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 22. júní, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 15.00.

**Anna Elísabet Borg** **Rein Norberg**
**Elín Borg** **Benedikt Hjartarson**
**Óskar Borg** **Berglind Hilmarsdóttir**
**Páll Borg** **Ingunn Ingimarsdóttir**
**Anna Borg**
**Eva Dögg, Rakel Björk, Thelma Hrund, Inga, Hildur Emma og Elín Ósk**



Elsku mamma, dóttir og systir okkar,

**SIGRÍÐUR VALA HARALDSDÓTTIR VALRÚN**
**myndlistarkona,**

lést föstudaginn 29. júní. Útför hennar fer fram fimmtudaginn 12. júlí frá Neskirkju kl 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir.
Minningarsjóður 513 - 14 - 404150 kt: 051080-5219.

**Ómi Freyr, Una, Síta Björk, Katla Rós og Ragnar Már**
**Ragnheiður Garðarsdóttir, Hildur Embla,**
**Ingólfur Örn og Kristín**
**Haraldur V. Haraldsson, Hinrik, Hörður,**
**Hermann og Haraldur**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# FRÁBÆRT á grillið

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!





PIPAR-MARINERAÐ

**1398 kr. kg**
Piparmarinerað lambalæri



**248 kr. kg**
Sætar kartöflur




**2298 kr. kg**
Krónu kjúklingabringur



**1198 kr. kg**
Kjúklingur með lime og rósmarín




**79 kr. stk.**
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir






20 í pk.

**349 kr. pk.**
Allra grænir frostpinnar, 20 stk. í pk.




**659 kr. pk.**
Krónuís bragðarefur, 1,33 l


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is





Aukakrónur

Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

# – komdu og gerðu frábær kaup!

# Grillbomba

Grillþrenna bragðast betur með

KRÓNAN

1 flaska af Coca-Cola 2 L

+

1 bakki af Grillþrennu

Grillað tetta

**SNÖGGI GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**1598** kr./kg

**STEIKAR-GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**1998** kr./kg

**FLOTTI GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**2198** kr./kg

**35% afsláttur**
**2989** kr. kg
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

**20% afsláttur**
**3358** kr. kg
Verð áður ~~4198~~ kr. kg
Kindafille

**30% afsláttur**
**1589** kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

**4 í pk.**
**749** kr. pk.
Goða Smáborgari, 4x60 g ungnautaborgari og 4 hamborgarabrauð

**2 í pk.**
**898** kr. pk.
Goða Heimsborgari, 2x120 g ungnautaborgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð

**2 stórir í pk.**
**749** kr. pk.
Goða Stórborgari, 2x200 g ungnautaborgari

**Grillbakkar**

| | |
|---|---|
| Þurrkr. grænmeti, 350 g | 599 kr. |
| Maískólfar, 4 stk. í pk. | 557 kr. |
| Sætar kartöflur, 400 g | 584 kr. |
| Kr. kartöflubátar, 400 g | 439 kr. |

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




**SKÚLI SKELFIR OG ÍÞRÓTTADAGURINN** Bækurnar um prakkarann Skúla skelfi eru afar vinsælar hér á landi. Nú hefur bæst í bókaflokkinn, bókin Skúli skelfir og íþróttadagurinn er nýkomin út.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

23

Bragi Halldórsson

„Sudoku," sagði Kata. „Hvernig voru aftur reglurnar í sudoku?" Lísaloppa þuldi upp reglurnar. „Leikurinn gengur út á það að fylla í eyðurnar með tölunum frá 1 til 9. Hver tala má aðeins koma fyrir einu sinni í hverri línu, lóðrétt og lárétt, og bara einu sinni innan hvers kassa." „Alveg rétt," sagði Kata og dæsti. „Ekki alveg mín deild, en nú förum við að verða komnar í mark svo það er bara að drífa í þessu."

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að leysa þessa sudoku þraut?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 8 | | 1 | | 6 | 2 |
| 7 | | 8 | | 2 | | 1 | 3 | |
| 1 | | 5 | | 4 | 3 | 8 | | |
| 3 | | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | |
| 4 | 9 | 2 | 3 | | 5 | | | 8 |
| 8 | 5 | | | 9 | | 2 | 1 | 3 |
| | 8 | | 1 | | 6 | 7 | | 9 |
| | 1 | 7 | 9 | | 4 | 3 | 2 | |
| 6 | | 9 | 7 | 5 | 2 | | 8 | 1 |





## BRANDARAKISTAN

**Kennari er að kenna Ása litla að draga til stafs. „Hvar er nú punkturinn yfir i-ið, Ási minn?"**
**„Hann er í blýantinum enn þá," svaraði Ási.**

**Maðurinn: „Af hverju ertu að skæla drengur minn?"**
**Drengurinn: „Mamma ætlaði að baka pönnukökur fyrir kaffitímann."**
**Maðurinn: „Þú ert þó ekki að skæla út af því?"**

**Drengurinn: „Jú, því ég rata ekki heim."**

**Presturinn: „Hver hefur skapað þig, Gunna mín?"**
**Gunna: (mátar með höndunum) „Guð skapaði mig svona stóra en hitt hef ég stækkað sjálf."**

**Kennari: „Af hverju lærir þú ekki neitt, Svenni minn?"**
**Svenni: „Af því að ég er alltaf að hlusta á þig."**

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

# HÉLT UPP Á EIÐ SMÁRA ÞEGAR ÉG VAR LÍTILL

**Björn Daníel Sverrisson byrjaði að æfa fótbolta fimm ára gamall. Fyrsta æfingin var hjá FH og þar leikur hann lykilhlutverk á miðjunni í dag. Krakkasíðan hafði samband við Björn Daníel og spurði hann spjörunum úr.**

***Hvenær byrjaðir þú að æfa fótbolta og hjá hvaða liði?*** Ég byrjaði þegar ég var 5 ára og fyrsta æfingin mín var með sama liði og ég spila með í dag, FH.

***Hver er uppáhaldsfótboltaæfingin þín? Og hver er leiðinlegust?*** Mér finnst skemmtilegast að spila á æfingum eins og öllum þeim sem æfa fótbolta hvort sem þeir eru ungir eða gamlir. Það er voða fátt sem mér finnst leiðinlegt að gera á æfingum. Ef það er eitthvað þá er það að teygja eftir æfingar.

***Hvernig fer maður að því að verða góður fótboltamaður, hvað skiptir mestu máli?*** Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að æfa vel og ef þú vilt verða betri en hinir að æfa þá meira heldur en aðrir og hugsa vel um líkamann enda er hann mikilvægasta verkfærið í fótboltanum.

***Hver er skemmtilegasti samherjinn í FH?*** Það eru allir mjög skemmtilegir i FH en ég verð að segja að Hafþór Þrastarson góðvinur minn sé skemmtilegastur.

***Hver er erfiðasti andstæðingurinn?*** Ég hef verið heppinn að spila í Evrópukeppni með FH og yngri landsliðum Íslands og þar eru margir góðir leikmenn sem ég hef spilað við. En sá leikmaður sem mér hefur alltaf þótt erfitt að spila við er Bjarni Guðjónsson.

***Hver er uppáhaldsfótboltamaðurinn þinn (íslenskur og erlendur)?*** Ég á mér kannski engan uppáhalds íslenskan fótboltamann en Eiður Smári var það alltaf þegar ég var lítill. En uppáhaldsleikmennirnir mínir eru Juan Roman Riquelme og Mezut Özil.

***Hvert er uppáhaldsliðið þitt í enska boltanum?*** Manchester City.




**ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN** Björn Daníel segir nauðsynlegt að æfa mikið og hugsa vel um líkamann vilji menn skara framúr í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

***Áttu þér mörg áhugamál?*** Já, þau eru nokkur. Þá helst bara aðrar íþróttagreinar, þá aðallega handbolti og körfubolti.

***Hvað gerir þú annað en að æfa fótbolta?*** Ég vinn hjá ÍTH.

***Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn þinn?*** Kanye West og Jón Jónsson eru í miklu uppáhaldi.

***Ætlar þú í ferðalag í sumar, ef já þá hvert?*** Það verður voða lítið af ferðalögum í sumar þar sem maður er að fara eitthvert í frí en ég er á leiðinni til Liechtenstein og vonandi til Svíþjóðar líka.

***Hver er skemmtilegasti leikur sem þú hefur leikið?*** Það koma nokkrir upp í hugann hjá mér núna, báða Aston Villa-leikina þegar ég var 18 ára var hrikalega gaman að spila. En ætli það sé ekki bikarúrslitaleikurinn árið 2010 þegar við unnum KR 4-0, það var alveg frábært að spila þann leik og að vinna bikarinn það árið.

## Bókaormur vikunnar

***Hvað heitir þú fullu nafni?***
Freydís Glóð Viborg.

***Hvað ertu gömul?***
Níu ára.

***Ertu mikill lestrarhestur?***
Ég er mjög mikill lestrarhestur.

***Hvenær lærðir þú að lesa?***
Ég lærði að lesa þegar ég var 6 ára.

***Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?***
Það er bara svo skemmtilegt að lesa. Ég les ótrúlega mikið. Ég fræðist líka svo mikið við að lesa.

***Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?***
Fyrsta uppáhaldsbókin mín var Tinni í Ameríku.

***Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?***
Hryllingssögurnar í Gæsahúðarbókaflokknum eru í miklu uppáhaldi.

***Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?***
Rikka og töfrahringurinn á Indlandi. Hún var mjög skemmtileg.

***Í hvaða hverfi býrð þú?***
Ég bý í Fossvogi.

***Í hvaða skóla gengur þú?***
Fossvogsskóla.

***Hvaða námsgrein er skemmtilegust?***
Stærðfræði og enska.

***Hver eru þín helstu áhugamál?***
Skátar, handbolti og lestur.






**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| **9. JÚNÍ** | Kótelettan á Selfossi |
| **16. JÚNÍ** | Sólstöðuhátíð Víkinga á Fjörukránni í Hafnarfirði |
| **23. JÚNÍ** | Hveragerði - Blóm í bæ |
| **30. JÚNÍ** | Bylgjan í Bolungarvík |
| **7. JÚLÍ** | Goslokahátíð í Vestmannaeyjum |
| **14. JÚLÍ** | Bylgjuhátíð á Flúðum |
| **21. JÚLÍ** | Húnavaka á Blönduósi |
| **28. JÚLÍ** | Síldardagar á Siglufirði og Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| **11. ÁGÚST** | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| **18. ÁGÚST** | Menningarnótt í Reykjavík |

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Bolvíkingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

ÆVINTÝRA EYJAN
olís
BYLGJAN 989

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** gera við, **6.** klukka, **8.** dýrahljóð, **9.** gagn, **11.** tveir, **12.** frárennsli, **14.** létt hlaup, **16.** kvað, **17.** rá, **18.** tálbeita, **20.** fæddi, **21.** faðmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** tvíhljóði, **4.** verkfæri, **5.** örn, **7.** heimilistæki, **10.** stal, **13.** umrót, **15.** drepa, **16.** kóf, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** laga, **6.** úr, **8.** urr, **9.** nýt, **11.** ii, **12.** skólp, **14.** skokk, **16.** ku, **17.** slá, **18.** agn, **20.** öl, **21.** fang.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** au, **4.** gripkló, **5.** ari, **7.** ryksuga, **10.** tók, **13.** los, **15.** kála, **16.** kaf, **19.** nn.


FINLUX

ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ FYRIR LÍTIÐ. HENTA VEL HVORT SEM ER Í STOFUNA, HERBERGIÐ, Á HÓTELIÐ, SUMARBÚSTAÐINN EÐA HJÓLHÝSIÐ.




12/230v

Finlux 22FLX850DVUD
22" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara, 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ ▶ 49.990
FULLT VERÐ kr. 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.


# Yfir holt og hóla

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Ég varð fyrir því að týna bíllyklinum mínum fyrir nokkru. Varð reyndar ekki vör við að hann vantaði í líf mitt fyrr en töluverðu eftir að ég notaði hann síðast og er því ekki alveg með á hreinu hvar hann hvarf. Ég hef nefnilega verið sparsöm í sumar, sparað bensín, sparað tíma, sparað andrúmsloft (bara örlítið en safnast þegar saman kemur), sparað líkamsræktarkort, sparað ergelsi en grætt gleði. Ferðir mínar eru drifnar áfram af hafragraut, eplum, pastasalati og stöku hafraköku í staðinn fyrir bensín og smurolíu, farartækið er blóði drifið í jákvæðum skilningi, blóð mitt og vöðvar færa mig þangað sem ég vil fara. Í sumar er ég á hjóli.

**ÉG VEIT** að það þykir ekkert sérstaklega magnþrungið af einstaklingi á besta aldri sem býr tiltölulega miðsvæðis að hjóla ferða sinna yfir hásumarið, sérstaklega þegar veður hefur verið gott, en fyrir mig er það heilmikið afrek. Jú, vissulega hef ég átt hjólið mitt frábæra í fimm ár og hef alveg látið mig hafa það að hjóla stöku spotta. En sleppti því alltaf þegar einhver afsökun bankaði upp á: þarf að vera fín, má ekki vera sein, vil ekki vera sveitt, þarf að fara á fleiri en einn stað, sækja börnin, mæta í afmæli eftir vinnu…

**ÞESS** vegna er svo ljómandi gott að týna bara bíllyklunum sínum. Allt í einu er mér nánast nauðugur sá kostur að hjóla þangað sem ég þarf að komast, skipuleggja mig og klæða með tilliti til þess. Ég þarf að reikna mér tíma til að komast milli staða, sem reynist svo í flestum tilfellum vera styttri en þegar þegar ég var á bíl, til dæmis með tilliti til umferðarljósa og bílastæðaleitar. Ég hjóla hiklaust í þægilegum hælaskóm og sting niður fataskiptum ef ég óttast að svitna of mikið en hjólreiðum mínum fylgja reyndar sjaldan slík átök að ég svitni mér til vansa.

**ÞÁTTTAKA** mín í bílaumferð er hverfandi. Yfir margar umferðargötur liggja brýr fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur, með fram þeim eru leyndir hjólastígar sem eru girtir af með trjám og hljóðbökkum svo það er eins og að hverfa inn í annan heim, leyniborg, skógi vaxna milli fjalls og fjöru, þar sem er hægt að fá hugmyndir, upplifa ævintýri, reyna passlega á sig OG minnka persónulegt mengunarframlag sitt.

**ÞANNIG** að ef einhver finnur bíllykil á töfrateningskippu með óvirkjuðum Orkulykli þarf ekkert að skila honum fyrr en í október eða svo. EF ég þarf á honum að halda þá.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 07. júlí 2012

**Tónleikar**

**12.00** James David Christie heldur tónleika í Hallgrímskirkju í tilefni Alþjóðlegs orgelsumars í kirkjunni. James er einn frægasti orgelleikari heims. Miðaverð er kr. 1.500 en frítt er inn fyrir félaga í Listavinafélagi Hallgrímskirkju.

**22.00** Brother Grass heldur sína fyrstu tónleika í sumar, á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**Opnanir**



**16.00** Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, mun opna Orkugarðinn á Sólheimum formlega í tengslum við 10 ára afmæli Sesseljuhúss. Dagskrá verður á Sólheimum í tilefni opnunarinnar.

**Sýningar**

**15.00** Ragnheiður B. Þórsdóttir opnar sýningu á textílverkum og Sigríður Ágústsdóttir sýningu á leirverkum í Ketilhúsinu í Listagilinu á Akureyri.

**Umræður**

**14.00** Heimspekikaffihúsið verður haldið á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er: Hvaða munur er á þankagangi karla og kvenna? Allir velkomnir.

**Uppákomur**

**14.00** Fuglavernd mun leiða fuglaskoðun um friðlandið í Vatnsmýrinni alla laugardaga í sumar. Gangan hefst við Norræna húsið og er þátttaka ókeypis.

**Tónlist**

**17.00** Hljómsveitin Melchior spilar nýjan disk sinn, Matur fyrir tvo, í heild sinni á Þjóðlagahátíð á Siglufirði.



**19.00** Funk That Shit, Junius, We Made God, **Valdimar Guðmunds** og Hljómsveitin Ég spila á tónlistarhátíð á Dönsku kránni. Hátíðin er haldin í tilefni Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku. Aðgangur er ókeypis.



**20.30** Listakonan **Kjuregej** (Alexandra Argunova) heldur tónleika á Þjóðlagahátíð á Siglufirði þar sem hún er heiðursgestur.



**21.00** Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson hefur tónleikamaraþon sitt í félagsheimilinu Fjarðarborg á Borgarfirði Eystri. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin Endless Dark hefur tónleikaferð sína um landið með tónleikum á Gamla Gauknum. Með þeim verður hljómsveitin Trust The Lies og sérstakir gestir. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og aldurstakmark er 20 ára.

**22.00** KK og Maggi Eiríks spila á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.400 en kr. 2.000 í forsölu.

**23.00** Hljómsveitin Gæðablóð heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Bítlahljómsveitin Sixties kemur fram á Útlaganum á Flúðum. Þetta verða síðustu tónleikar hljómsveitarinnar eftir 18 ára samstarf.

**23.00** Hljómsveitin Skuggamyndir, eða Byzantine Silhouette, hefur tónleikaferð sína um landið með tónleikum í Allanum á Þjóðlagahátíð á Siglufirði.

**23.59** Dj Krúsi & Danni spila fyrir dansi á Prikinu.

### Sunnudagur 08. júlí 2012

**Tónleikar**

**16.00** Hjónadúettinn Heima leikur af fingrum fram á sumartónleikaröðinni hjá Uni og Jóni Tryggva í Merkigili á Eyrarbakka. Frítt er inn en frjáls framlög vel þegin.

**16.00** Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari, Grímur Helgason klarinettuleikari og Kristján Karl Bragason píanisti leika á tónleikum í Selinu á Stokkalæk.

**17.00** James David Christie heldur tónleika í Hallgrímskirkju í tilefni Alþjóðlegs orgelsumars í kirkjunni. James er einn frægasti orgelleikari heims. Miðaverð er kr. 2.500 en frítt er inn fyrir félaga í Listavinafélagi Hallgrímskirkju.

**Sýningar**

**12.00** Sýningin Nautn og notagildi, myndlist og hönnun á Íslandi opnar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði.

**Söfn**

**09.00** Í tilefni af Íslenska safnadeginum verður ókeypis aðgangur að Gljúfrasteini í allan dag. Kristín Bergsdóttir, Steingrímur Teague og Ómar Guðjónsson spila fyrir gesti klukkan 16.

**11.00** Aðgangur er ókeypis í Þjóðminjasafni Íslands í dag, í tilefni af Íslenska safnadeginum. Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár, á ensku klukkan 11 og á íslensku klukkan 14.

**12.00** Íslenski safnadagurinn verður haldinn hátíðlegur í Hafnarborg og verður ókeypis aðgangur allan daginn. Ólöf K. Sigurðardóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, býður upp á ókeypis leiðsögn um yfirstandandi sýningar klukkan 12.30.

**14.00** Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, verður með leiðsögn um safnið og sýningarnar Formenn og Umhverfis landið á fáeinum áratugum í safninu. Báðar sýningarnar opna í dag. Frítt er á safnið í tilefni Íslenska safnadagsins.

**Kvikmyndir**

**22.00** Kvikmyndin Where the Buffalo Roam verður sýnd í Þynnkubíói Priksins.

**Tónlist**



**16.00** **Andrea Jónsdóttir** leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Listakonan Kjuregej (Alexandra Argunova) heldur tónleika í Möðrudalskirkju í Möðrudal.

**19.00** Husband, Lame Dudes og Andrea Gylfa spila á tónlistarhátíð á Dönsku kránni. Hátíðin er haldin í tilefni Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Hljómsveitin Skuggamyndir eða Byzantine Silhouette flytja balkantónlist af alkunnri snilld í Hlöðunni, Litla Garði á Akureyri.

**Leiðsögn**

**13.00** Grasagarðurinn býður upp á ókeypis leiðsögn um safndeild fjölæringa í tilefni af íslenska safnadeginum. Ingunn J. Óskarsdóttir garðyrkjufræðingur sér um leiðsögnina.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





**GOTT GRÍN** Starbuck er skotheld gamanmynd fyrir unga sem aldna.

# FAÐIR VOR

Bíó ★★★★☆

**Starbuck**

Leikstjórn: Ken Scott

**Leikarar:** Patrick Huard, Julie LeBreton, Antoine Bertrand, Igor Ovadis

David Wozniak er sannkallaður samfélagsdragbítur. Hann stendur sig illa í vinnunni, ólétt kærastan er að gefast upp á honum og handrukkarar sitja um hann. Sem ungur maður vandi hann komur sínar í sæðisbanka og nú, um það bil 20 árum síðar, fær hann þær fregnir að hann sé faðir 533 barna. Ástæða þess að honum berast fregnirnar er sú að 142 barnanna hafa stefnt sæðisbankanum og krefjast þess að nafnleynd blóðföðurins verði aflétt.

Sem gamanmynd er Starbuck vel heppnuð og það er sprenghlægilegt að fylgjast með aumingja sæðisgjafanum njósna um uppkomin afkvæmi sín. Myndin gefur sér góðan tíma í að kynna persónur og aðstæður og fléttar söguna af afslappandi öryggi. Það er Patrick Huard sem fer með aðalhlutverkið og gerir það vel, og þó Wosniak sé með allt niðrum sig er hann ávallt með áhorfendur á sínu bandi. Grínið er gott án þess að verða nokkurn tímann yfirgengilegt, og merkilegt nokk þá virkar þessi lygilega saga trúverðug á köflum.

En innan um léttleikann leynist kaldur raunveruleiki og það er í dramatísku senum Starbuck sem flugeldunum er skotið á loft. Verri leikstjóri hefði klúðrað þessum atriðum og gert þau óþolandi en Ken Scott heldur vel á spöðunum og forðast tilgerðarlega tilfinningasemi. Útkoman er því nær skotheld gamanmynd fyrir unga sem aldna. Ég verð þó að gera athugasemd við arfaslakt sýningareintak myndarinnar, en óskýr pixlasúpan gerir það að verkum að sýningargesti á fremri bekkjum fer að gruna að verið sé að streyma myndina af Youtube.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Sitjið aftarlega og skemmtið ykkur vel.


SMÁRABÍÓ – HÁSKÓLABÍÓ
HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍÓMIÐA ALLAN JÚLÍ – rennur til Barnaheilla
EIN VINSÆLASTA SÖGUPERSÓNA VERALDAR SNÝR AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ Í SUMARSTÓRMYND ÁRSINS
EKKI MISSA AF ÞESSARI!
★★★★ – T.V. KVIKMYNDIR.IS
★★★★ – V.J.V. SVARTHÖFÐI
THE AMAZING SPIDER-MAN
MYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

| SMÁRABÍÓ – GLERAUGU SELD SÉR – 5% | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL 1 TILB - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL 2 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D | KL 1 TILB -2 -4 -5 -8 -10.50 | 10 |
| PROMETHEUS 3D | KL 8 - 10.30 | 16 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL 1 TILB -3.20 - 5.50 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 8 - 10.25 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS – 5% | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 3 TILB - 6 - 9 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL 3 TILB - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MIB 3 3D | KL 3 TILB - 5.30 - 8 – 10.30 | 10 |
| STARBUCK | KL 3 TILB - 5.30 - 8 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3D | KL. 3.20 TILB - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 - 10 | 12 |
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 8 | L |
| MIB | KL. 3.50 TILB | 10 |

Barnaheill Save the Children Iceland
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
POWERSÝNING KL. 10.20
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is ★★★★ V.J.V. - Svarthofdi.is
ÍSL TEXTI
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 4, 7, 10.20(P) |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2D | 2 |
| WHAT TO EXPECT | 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 5, 8, 10 |
| MADAGASKAR 3 3D | 2, 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 2 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
VINSÆLASTA SÖGUPERSÓNA VERALDAR SNÝR AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ Í SUMARSTÓRMYND ÁRSINS!
★★★★ V.J.V. SVARTHÖFÐI ★★★★ T.V. KVIKMYNDIR.IS
MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI“
DANIEL CRAIG NAOMI WATTS RACHEL WEISZ – DREAM HOUSE
DANIEL CRAIG ER MAGNAÐUR Í ÞESSUM FRÁBÆRA ÞRILLER SEM KEMUR Á ÓVART!
Spooky as hell
Frá ORIN PELI, höfundi Paranormal Activity – CHERNOBYL DIARIES – Spennuhrollur sem fær hárin til að rísa!
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D
Ástir, kynlíf og Rokk og Ról – Tom Cruise er stórkostlegur sem rokkarinn Stacy Jaxx – ROCK OF AGES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 1:30 - 4:30 - 10:10 | 2D | 10 |
| DREAMHOUSE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:50 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL. TALI | KL. 1:30 - 3:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| DREAM HOUSE | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI ÍSL TEXTI | KL. 6 | 2D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | 2D | L |
| LOL | KL. 6 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | 2:20-5:10 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN | KL. 3 - 6 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 3 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| DREAMHOUSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| LOL | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 1 - 3 | 2D | L |
| LOL | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | 2D | L |

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt bíó
TILBOÐ KL. 2 – THE AMAZING SPIDER-MAN
SÝND Í 2D OG 3D – TILBOÐ KL. 2 – MADAGASCAR 3 EFTIRLÝST Í EVRÓPU
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR
TILBOÐSBÍÓ

| SMÁRABÍÓ – midi.is | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 1 | 10 |
| SPIDER-MAN 2D | KL 1 | 10 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL 1 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ – midi.is | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 3 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL 3 | 12 |
| MIB 3 2D | KL 3 | 10 |
| STARBUCK | KL 3 | L |

THE AMAZING SPIDER-MAN

MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI“
ÞAU HAFA EITT TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMAST AFTUR HEIM
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D
tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
STÓRKOSTLEG TÓNLIST, STAÐUR OG STUND!
“Þetta er meistaraverk.” -Mike Leigh
GLASTONBURY THE MOVIE
BÍÓ ★ PARADÍS
LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR: GLASTONBURY THE MOVIE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00
FRÁ 13. JÚLÍ: RED LIGHTS með Robert De Niro og Sigourney Weaver!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

BYLGJAN KYNNIR

STÓRTÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM
Í KVÖLD KLUKKAN 18.00

# OF MONSTERS AND MEN

AÐGANGUR ÓKEYPIS
OG ALLIR VELKOMNIR

Í BEINNI Á BYLGJUNNI
LAY LOW & MAMMÚT



NJÓTUM KVÖLDSINS SAMAN MEÐ VINSÆLUSTU HLJÓMSVEIT LANDSINS.
MUNIÐ BÍLASTÆÐIN VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, STRÆTÓ OG REIÐHJÓL.

Reykjavíkurborg

BYLGJAN 989

# sport

sport@frettabladid.is



**LOUIS VAN GAAL** er tekinn við sem þjálfari hollenska landsliðsins í knattspyrnu á nýjan leik eftir brottrekstur Bert Van Marwijk í kjölfar dapurs árangurs liðsins á Evrópumótinu í Póllandi og Úkraínu. Van Gaal þjálfaði liðið árin 2000-2002 en tókst ekki að koma liðinu á heimsmeistaramótið í Japan og Suður-Kóreu árið 2002. Samningur Van Gaal nær fram yfir heimsmeistaramótið í Brasilíu 2014.



**74 ÁRA BIÐ** Með sigri verður Murray fyrsti heimamaðurinn til að vinna mótið frá árinu 1936. NORDICPHOTOS/GETTY

Wimbledon-mótið:

## Murray í úrslit gegn Federer

**TENNIS** Skotanum Andy Murray tókst það sem engum Breta hafði tekist í 74 ár í gær þegar hann tryggði sér sæti í einliðaleik karla á Wimbledon-mótinu í tennis. Allt ætlaði um koll að keyra þegar sigur Skotans var í höfn eftir harða keppni gegn Frakkanum Jo-Wilfried Tsonga 6-3, 6-4, 3-6 og 7-5.

Murray hefur aldrei unnið sigur á einu af risamótunum fjórum og verður undir mikilli pressu en um leið dyggilega studdur af löndum sínum í úrslitaleiknum á morgun.

Roger Federer verður andstæðingur Murray en Svisslendingurinn lagði Serbann Novak Djokovic 6-3, 3-6, 6-4 og 6-3. Sigur Federer kom nokkuð á óvart enda átti Djokovic titil að verja auk þess sem hann situr í efsta sæti heimslistans.

Federer, sem er á 31. aldursári, hefur sex sinnum unnið sigur á Wimbledon. Hann getur jafnað met Bandaríkjamannsins Petes Sampras, sjöfalds sigurvegara á mótinu, með sigri á Murray og um leið svarað gagnrýnisröddum þess efnis að hann sé kominn yfir sitt besta. - ktd



**SÁ SIGURSÆLASTI** Federer getur unnið risamót í 17. skiptið og bætt metið sem hann sjálfur á. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefnum á verðlaunapall í Lundúnum

**Ísland mun eiga fjóra keppendur á Ólympíumóti fatlaðra í Lundúnum en keppnisliðið var kynnt í gær. Íslensku keppendurnir munu keppa í sundi og frjálsíþróttum og stefna að því að komast á verðlaunapall.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Keppnislið Íslands sem fer á Ólympíumót fatlaðra í Lundúnum var kynnt í gær en Ísland fékk að senda fjóra keppendur á mótið, tvo karla og tvær konur. Jón Margeir Sverrisson og Kolbrún Alda Stefánsdóttir keppa í sundi og þau Helgi Sveinsson og Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir í frjálsíþróttum. Alls náðu átta íslenskir íþróttamenn A-lágmarki fyrir mótið en Íslandi var úthlutað aðeins fjórum sætum. Enginn íslensku keppendanna hefur tekið þátt í Ólympíumóti áður.

Alls taka 4200 keppendur þátt í mótinu sem er metþátttaka. Mótið verður sett þann 29. ágúst og lýkur 9. september en Ólympíuleikarnir hefjast 27. júlí næstkomandi og standa yfir í rúmar tvær vikur.

Ísland hefur síðustu ár verið sigursælt í íþróttum fatlaðra á alþjóðavísu og unnið til 97 verðlauna á Ólympíumótum frá 1988 en Ísland tók fyrst þátt árið 1980. Þar af á Ísland 36 gullverðlaun.

Það voru því nokkur vonbrigði þegar íslenska keppnisliðið fór tómhent heim frá mótinu í Peking fyrir fjórum árum. Vitaskuld standa vonir til að komast á verðlaunapall í Lundúnum og á íslenska keppnisfólkið góðan möguleika á því.

Þroskahamlaðir fá nú að taka þátt í Ólympíumótinu á ný í fyrsta sinn síðan 2000. Þá kom upp mikið hneykslismál þegar spænska körfuboltalandsliðið varð uppvíst að því að vera með ófatlaða einstaklinga í sínum röðum.

Þroskahamlaðir fengu fyrst að taka þátt í alþjóðlegum stórmótum á ný þegar Evrópumeistaramótið í sundi fór fram hér á landi fyrir tveimur árum.

Kristín Guðmundsdóttir, þjálfari íslenska sundliðsins, segir það hafa breytt miklu, en Jón Margeir og Kolbrún Alda eru bæði með þroskahömlun. „Þroskahamlaðir íþróttamenn þurfa nú að taka sérstök próf tvívegis til að mega keppa og vonandi er það nóg til að koma í veg fyrir að svona lagað geti endurtekið sig,“ segir hún en Ingi Þór Einarsson, formaður sundnefndar ÍF, var einn frumkvöðla að þessu nýja kerfi og verður í Lundúnum til að vinna að þessu á meðan mótinu stendur.

Íslenska keppnisliðið er skipað öflugum íþróttamönnum sem eru í fremstu röð í sínum flokkum á heimsvísu. Sundkappinn Jón Margeir bætti nýverið hvert metið á fætur öðru á sterku móti í Berlín.

„Við áttum ekki von á því,“ sagði Kristín. „Hann er í þannig æfingaprógrammi að þetta kom okkur mjög á óvart. Það veit vonandi á gott fyrir Lundúnir en æfingar hjá bæði honum og Kolbrúnu hafa gengið mjög vel. Jón Margeir er reyndari en Kolbrún en við bindum samt vonir við að hún geti komist í úrslit í sínum greinum.“

Kári Jónsson, frjálsíþróttaþjálfari, segir sitt fólk einnig standa vel en Matthildur og Helgi eiga það sameiginlegt að vera fremur ung í íþróttinni.

Matthildur er fimmtán ára gömul og hafði fyrst og fremst æft sund þar til hún skipti yfir í frjálsíþróttir í fyrra. Hún hefur verið spastísk í hægri helmingi líkamans frá fæðingu.

Helgi byrjaði einnig að æfa í sínum keppnisgreinum í fyrra en hann er þó 33 ára gamall. Hann missti hægri fótinn ofan við hné fyrir þrettán árum eftir að hafa greinst með krabbamein. Hann starfar hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri og komst þar í kynni við gervifætur sem aflmaðir íþróttamenn, eins og Suður-Afríkumaðurinn Oscar Pistorius, hafa notað. „Helgi lenti þó í vandræðum eftir áramót, bæði vegna aðlögunarerfiðleika á gervifætinum og veikinda. En hann æfði samt á hverjum degi og hefur verið að uppskera samkvæmt því,“ segir Kári Jónsson, frjálsíþróttaþjálfari íslenska liðsins.

„Helgi og Matthildur eru bæði á meðal þriggja, fjögurra bestu í sínum greinum. Helgi kom sérstaklega á óvart í spjótkasti en hann keppti í þeirri í grein í fyrsta sinn á EM á dögunum og vann silfur. Við gerum okkur vonir um að þau komist á pall.“

Matthildur var sjálf hógvær í viðtali við Fréttablaðið. „Ég stefni að því að gera mitt besta og sjá svo til. Þetta verður í það minnsta góð reynsla fyrir mig.“

eirikur@frettabladid.is



**KEPPNISLIÐIÐ** Í fremri röð eru íslensku keppendurnir ásamt sendiherra Breta, Ian Whitting, en blaðamannafundurinn fór fram í sendiherrabústað Breta. Frá vinstri eru Matthildur, Kolbrún og Helgi en Jón Margeir var fjarverandi þar sem hann er í æfingaferð í Þýskalandi. Fyrir aftan eru þjálfarar og forráðamenn Íþróttasambands fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Oscar Pistorius er mér mikil hvatning

Helgi Sveinsson frjálsíþróttamaður mun vera í eldlínunni á Ólympíumóti fatlaðra í Lundúnum í haust. Ferill hans í íþróttum er nokkuð óhefðbundinn þar sem hann tók sér um tólf ára hlé frá æfingum þar til hann byrjaði að æfa af krafti í fyrra.

Helgi missti hægri fótinn ofan við hné á vinstri fæti fyrir þrettán árum síðan eftir að hann greindist með krabbamein. Hann hafði stundað íþróttir af miklum krafti fram að því en svo ekkert aftur fyrr en í fyrra.

„Fyrir þremur árum fór ég að vinna hjá Össuri og þá fór ég að umgangast fólk sem notar þessa koltrefjafjöðrun sem Össur býr til,“ sagði Helgi við Fréttablaðið í gær. „Ég fékk að prófa og eftir það var ekki aftur snúið.“

Team Össur er skipað fötluðum íþróttamönnum sem margir eru í fremstu röð í heiminum. Þeirra þekktastur er líklega Suður-Afríkumaðurinn Oscar Pistorius sem verður í sumar fyrsti fatlaði einstaklingurinn til að keppa við ófatlaða á Ólympíuleikum. Hann keppir í 400 m hlaupi og 4x400 m hlaupi með keppnissveit Suður-Afríku.

„Vegna vinnu minnar hjá Össuri kemst ég í tæri við þetta fólk sem eru mikil forréttindi. Ég hef lært mikið af því. Pistorius hefur sýnt að það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Ef þú stefnir nógu hátt kemstu þangað sem þú vilt. Hann hefur sýnt það í verki og er klárlega nógu góður til að keppa við ófatlaða.“






Guðmundur Guðmundsson velur fjórtán manna Ólympíuhóp eftir helgi:

## Guðjón og Ingimundur meiddir

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta, mun á mánudaginn tilkynna leikmannahóp sinn fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum sem hefjast síðar í mánuðinum. Landsliðið hefur æft stíft alla vikuna en reyndar án þeirra Guðjóns Vals Sigurðssonar og Ingimundar Ingimundarsonar, sem báðir eru frá vegna meiðsla.

Guðmundur er með nítján manna æfingahóp og hafa æfingar gengið vel. „Guðjón Valur og Ingimundur eru reyndar meiddir en annars hefur verið tekið vel á því. Þetta hefur verið til fyrirmyndar hjá strákunum enda eru þeir að berjast um að komast á Ólympíuleika,“ sagði Guðmundur. „Menn eru líka meðvitaðir um það að ef við ætlum að ná einhverjum árangri þá verðum við að undirbúa okkur gríðarlega vel.“

Lokafresturinn til að tilkynna Ólympíufara Íslands rennur út á mánudaginn. „Ég hef verið að draga þetta eins mikið og ég get,“ sagði Guðmundur sem má aðeins velja fjórtán manna leikmannahóp, ólíkt öðrum stórmótum þar sem hann má taka sextán leikmenn með sér. Hann getur reyndar valið einn aukaleikmann til viðbótar og skipt svo út einum markverði og einum útileikmanni út vegna meiðsla, gerist þess þörf.



**ERFIÐ ÁKVÖRÐUN** Guðmundur ræðir við aðstoðarþjálfarann Óskar Bjarna Óskarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Staða þeirra Guðjóns Vals og Ingimundar er enn óljós en Guðmundur vonast til að þeir geti gefið kost á sér. Þar fyrir utan sér Guðmundur fram á erfitt val. „Það eru margir góðir leikmenn um hituna og ljóst að það verður erfitt að velja á milli,“ sagði landsliðsþjálfarinn. - esá



**EFTIRSÓTTUR** Ljóst er að hart verður barist um þjónustu Robins van Persie. NORDICPHOTOS/GETTY

Van Persie á óskalista City:

## Rýma þarf fyrir Hollendingnum

**FÓTBOLTI** Manchester City ætlar ekki að gera atlögu að hollenska framherjanum Robin van Persie, leikmanni Arsenal, fyrr en City hefur tekist að losa tvo stjörnuframherja sína undan samningi.

Samningur Van Persie við Arsenal rennur út næsta sumar en framherjinn tilkynnti í vikunni að hann ætlaði ekki að framlengja samning sinn við félagið. City er talið hafa áhuga á Hollendingnum, sem kjörinn var besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð.

Auk stjörnuframherjanna Sergio Aguero, Carlos Tevez, Mario Balotelli og Edin Dzeko eru Emmanuel Adebayor og Roque Santa Cruz á ofurlaunaskrá félagsins. Tvímenningarnir vörðu þó mestum hluta síðustu leiktíðar á láni hjá öðrum félögum.

Forráðamenn City ætla að sögn breska fjölmiðilsins Guardian að leggja áherslu á að losa við framherjana tvo áður en félagið tekur þátt í kapphlaupinu um þjónustu van Persie. - ktd



**FRUMRAUN** Radwanska er 23 ára og sat í 43. sæti heimslistans fyrir mótið. NORDICPHOTOS/GETTY

Wimbledon-mótið:

## Veikindi á verstu stundu

**TENNIS** Möguleikarnir á því að pólska tenniskonan Agnieszka Radwanska vinni sigur í einliðaleik kvenna á Wimbledon-mótinu í dag jukust ekki við tíðindi af veikindum hennar í gær. Radwanska hætti við keppni í tvíliðaleik og aflýsti fyrirhuguðum blaðamannafundi í gær.

Radwanska mætir Serenu Williams í úrslitaleiknum en sú bandaríska þykir mun líklegri til sigurs. Williams hefur fjórum sinnum hrósað sigri á mótinu á meðan Radwanska leikur í fyrsta sinn til úrslita á einu af risamótunum fjórum. Pólverjar hafa ekki átt fulltrúa í úrslitaleik mótsins frá árinu 1939. - ktd

Helga Margrét keppir í sjöþraut í Frakklandi:

# Lokatilraun Helgu

**FRJÁLSAR** Fjölþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir keppir um helgina í sjöþraut á franska meistaramótinu í fjölþrautum í bænum Aubagne, rétt austan við Marseille, í Frakklandi. Um er að ræða síðasta möguleika Helgu Margrétar á því að ná ólympíulágmarkinu í greininni.

B-ólympíulágmarkið er 5.950 stig sem myndi tryggja Helgu Margréti sæti á leikunum.

„Við erum nokkrar á svipuðu stigi að reyna að ná lágmarkinu svo þetta verði mjög spennandi keppni,“ segir Helga Margrét í samtali við Fréttablaðið.

„Ég hef engu að tapa og ætla að negla þetta. Ef þetta kemur þá kemur þetta en annars ekki,“ segir Ármenningurinn.

Ljóst er að Helga Margrét þarf að bæta Íslandsmet sitt til þess að tryggja sig til London. Það setti hún í Kladnó í Tékklandi árið 2009 og er 5.878 stig.

Ólympíufarar Íslands eru orðnir 27 að meðtöldum fjórtán leikmönnum karlalandsliðs Íslands í handbolta. - ktd



**SPJÓTIÐ Á LOFTI** Helga Margrét var einbeitt á svip á kastæfingu í Laugardalnum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





KEILIR

18

PAR 71

5405 4577

**Allir velkomnir!**

Opna Íslandsbankamótið verður haldið á Hvaleyrarvelli Keilis í Hafnarfirði laugardaginn 21. júlí.

**Skráning fer fram á golf.is.**
Gjald viðskiptavina Íslandsbanka sem greiða með greiðslukorti Íslandsbanka eða Byrs er aðeins 2.500 kr. en almennt gjald er 5.000 kr.

**Fjöldi veglegra verðlauna í boði fyrir:**
1.–3. sæti í punktakeppni kvenna
1.–3. sæti í punktakeppni karla
1.–3. sæti í höggleik
Nándarverðlaun á öllum par 3 holum og lengsta upphafshögg á braut 9.

**Á meðal verðlauna á mótinu:**
- Gjafakort Íslandsbanka að verðmæti 60.000 kr.
- Samsung Galaxy SII símar frá Símanum
- Bushnell YP Tour V2 fjarlægðarmælar frá N1
- Gjafabréf til Evrópu með Saga Club Icelandair
- Golfferð fyrir tvo til Vestmannaeyja
- PING G20 driver
- 25.000 kr. ferðaávísanir MasterCard
- Ársáskriftir hjá SkjáGolf
- Gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsið
- Mánaðaraðgangur í Baðstofuna í Laugum
- Gjafabréf á Tapasbarinn

**Hlökkum til að sjá ykkur,**
starfsfólk Íslandsbanka

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



## > Zooey Deschanel

„Þegar ég var að alast upp trúði ég því alltaf að systir mín væri í raun frá plánetunni Neptúnus og að hún hefði verið send til jarðar til að drepa mig.“

***Svo virðist sem ekki hafi verið mikill systrakærleikur á milli Zooey og systur hennar, Emily, sem leikur Dr. Brennan í sjónvarpsþáttunum Bones. Zooey er þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum New Girl, en í dag má sjá hana í hlutverki Summer í myndinni 500 Days Of Summer sem er sýnd klukkan 8 og 14 á Stöð 2 Bíó.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 Sport kl. 15.45
### ÍBV – KR

***Bein útsending frá stórleik í 8 liða úrslitum Borgunarbikarsins þar sem ÍBV tekur á móti KR á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Leikir þessara liða eru ávallt fjörugir og skemmtilegir og þegar liðin mættust í Pepsi-deildinni á KR-velli fyrr í sumar endaði leikurinn með 3-2 sigri KR þar sem dæmdar voru fjórar vítaspyrnur og Kjartan Henry Finnbogason skoraði þrennu af vítapunktinum. Eyjamenn fengu víti á síðustu mínútu en náðu ekki að skora. Þátturinn Borgunarmörkin er á dagskrá á mánudagskvöld kl. 22.00 en þar verða sýndar svipmyndir úr öllum fjórum leikjunum í 8 liða úrslitum.***



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Ljóðabókin syngur **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **11.00** Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Veiðiferð með Snorra Sturlusyni R.E. 219 **15.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 - Frá 10 gráðum að 1000 ráðum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **17.25** Eyjar fyrir Austurlandi **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónlistarklúbburinn **21.10** Þar sem ennþá Öxará rennur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Af minnisstæðu fólki00.00 Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**11.00 Ævintýri Merlíns** (11:13) (e)
**11.45 Skólahreysti** (e)
**12.30 Golfið** (1:11) (e)
**13.00 Jonasbræður á tónleikum** (Jonas Brothers: The 3-D Concert Experience)
**14.20 Tommy Emmanuel** (e) Ástralski gítarleikarinn á tónleikum í Háskólabíói.
**15.35 Ég keypti regnskóg** (I Bought a Rainforest) (e) Sænsk heimildamynd.
**16.35 Mótókross**
**17.08 Sætt og gott** (Det søde liv)
**17.15 Svipmyndir frá Noregi** (3:8) (Norge rundt)
**17.20 Póstkort frá Gvatemala** (3:10)
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.50 Krakkar á ferð og flugi** (12:20) (e) Tómas Atli Ásgeirsson er heimsóttur.
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Innlit til arkitekta** (1:8)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Pasteur** (Pasteur) Leikin frönsk heimildarmynd.
**21.00 Kviksjá** Rætt við Kristínu Pálsdóttur.
**21.10 Skilaboð til Söndru** Íslensk mynd frá 1983.
**22.35 Loforðið** (2:4) (The Promise)
**00.05 Wallander – Burðardýr** (Wallander) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 500 Days Of Summer**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Ævintýraferðin**
**14.00 500 Days Of Summer**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Ævintýraferðin**
**20.00 A Little Trip to Heaven**
**22.00 Inglourious Basterds**
**00.30 Stephanie Daley**
**02.00 Pledge This!**
**04.00 Inglourious Basterds**

## 2 STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**13.45 Evrópski draumurinn** (2:6)
**14.30 New Girl** (21:24)
**14.55 2 Broke Girls** (9:24)
**15.20 Drop Dead Diva** (5:13)
**16.05 Wipeout USA** (12:18)
**16.50 Mad Men** (13:13)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (14:24)
**19.40 Last Man Standing** (2:24) Skemmtilegir gamanþættir með grínaranum Tim Allen í hlutverki Mike Baxter sem lifir og hrærist í miklu kvennaríki, bæði í vinnunni og heima fyrir. Mike og kona hans ala upp þrjár dætur og þar gengur oft á ýmsu.
**20.05 Dallas** (4:10) Glænýir og dramatískir þættir þar sem Bobby, J.R., Sue Ellen, Lucy og Ray snúa aftur. Tuttugu ár eru liðin frá því við skildum við Ewing-fjölskylduna og synir bræðranna, þeir John Ross og Christopher eru hér í forgrunni og baráttan um yfirráð í Ewing-olíufyrirtækinu heldur áfram.
**20.50 Rizzoli & Isles** (4:15) Önnur þáttaröðin um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur og leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.
**21.35 The Killing** (9:13) Önnur þáttaröðin um Söruh Linden.
**22.20 Treme** (1:10) Dramaþáttaröð þar sem fylgst er með fólki sem á það sameiginlegt að búa í Tremehverfinu í New Orleans, eftir að fellibylurinn Katrína reið þar yfir.
**23.40 60 mínútur**
**00.25 Exile** (1:2) Fyrri hluti sjónvarpsmyndar um samband feðga. Faðirinn er illa haldinn af Alzheimer og sonurinn hefur nýlega snúið aftur heim eftir stormasaman tíma í einkalífinu. Samband þeirra hefur verið lítið í gegnum tíðina en þegar sonurinn finnur dularfullar filmur í fórum föður síns fer hann að grafast fyrir um liðna atburði.
**01.50 Exile** (2:2)
**03.20 Suits** (4:12)
**04.05 Boardwalk Empire** (2:12)
**04.55 The Event** (17:22)
**05.40 Fréttir**

## 2 SPORT besta sætið

**11.40 Formúla 1: Bretland** BEINT
**14.10 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio.
**14.50 Muhammed and Larry** Einstök heimildamynd um frægan boxbardaga í október 1980 þar sem Muhammad Ali og Larry Holmes börðust og áhrifin sem bardaginn hafði á þá báða. Ný viðtöl varpa nýju ljósi á bardagann og sýnd eru myndbrot sem aldrei hafa verið sýnd áður úr herbúðum beggja boxara fyrir bardagann.
**15.45 ÍBV - KR** BEINT frá leik í 8 liða úrslitum Borgunarbikars karla í knattspyrnu.
**18.00 Pepsi-mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu.
**19.10 NBA: Oklahoma - Miami** Útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Miami Heat. Þetta er annar leikur liðanna í úrslitaeinvígi NBA.
**21.00 Formúla 1: Bretland**
**23.30 Borgunarbikar karla: ÍBV - KR**

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**17.00 Laudrup** Í þessum magnaða þætti verður ferill Laudrups skoðaður ofan í kjölinn.
**17.30 PL Classic Matches: Liverpool - Manchester Utd, 2001**
**18.00 Fulham - Swansea**
**19.45 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.15 Arsenal - Aston Villa**
**22.00 PL Classic Matches: Newcastle - Man. United, 1996**
**22.30 Everton - Sunderland**

## 2 EXTRA

**15.25 Íslenski listinn**
**15.50 Bold and the Beautiful**
**17.30 The F Word** (5:9)
**18.20 Falcon Crest** (27:30)
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 M.I. High**
**20.15 So You Think You Can Dance** (5:15)
**21.40 Friends** (11:24) (12:24) (13:24) (14:24)
**23.20 The F Word** (5:9)
**00.10 Falcon Crest** (27:30)
**01.00 Íslenski listinn**
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Golf fyrir alla 3 **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldum íslenskt **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartar tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Eru þeir að fá'ann **20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.05 Rachael Ray** (e)
**13.50 Rachael Ray** (e)
**14.35 Rachael Ray** (e)
**15.20 Neverland** (2:2) (e) Stórmynd í tveimur hlutum um ævintýri Pétur Pans og Kapteins Króks. Sögusviðið eru Lundúnir um aldamótin 1900 þar sem Pétur vinnur fyrir sér sem vasaþjófur allt þar til dýrgrip einn rekur á fjörur hans sem opnar þeim dyr að áður óþekktum stað; Hvergilandi.
**16.50 90210** (23:24) (e)
**17.40 The Bachelor** (6:12) (e)
**19.10 Unforgettable** (11:22) (e)
**20.00 Top Gear** (3:7) (e)
**21.00 Law & Order** (17:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York borg. Stórbruni á sér stað í kirkju en áður en varir finnst lík sem ekki var liðið áður en bruninn hófst.
**21.45 Californication** (10:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hank Moody.
**22.15 Lost Girl** (10:13) Ævintýralegir þættir um stúlkuna Bo sem reynir að ná stjórn á yfirnáttúrulegum kröftum sínum.
**23.00 Blue Bloods** (21:22) (e)
**23.50 Teen Wolf** (5:12) (e)
**00.40 The Defenders** (14:18) (e)
**01.25 Californication** (10:12) (e)
**01.55 Psych** (9:16) (e)
**02.40 Camelot** (4:10) (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** US Open 2006 - Official Film **08.45** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (3:4) **11.45** Golfing World **12.35** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (3:4) **15.35** Inside the PGA Tour (27:45) **16.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (3:4) **19.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (4:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 2008 **23.15** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (4:4) **01.15** ESPN America

## BBC entertainment

**06.30** EastEnders **08.00** QI **09.30** Come Dine With Me. Supersize **11.00** QI **11.30** Twenty Twelve **12.00** The Royal Bodyguard **12.30** The Best of Top Gear **14.10** Oliver Twist **14.40** I'd Do Anything **15.10** QI **15.40** Come Dine With Me. Supersize **17.15** Live at the Apollo **18.00** Luther **19.50** Twenty Twelve **20.20** The Royal Bodyguard **20.50** QI **21.20** The Graham Norton Show **22.05** Twenty Twelve **22.35** The Royal Bodyguard **23.09** Live at the Apollo **23.55** Oliver Twist **00.25** I'd Do Anything **00.55** Come Dine With Me. Supersize

## DR 1

**08.25** Gepetto News **08.50** Adrian & Bendix' Kapowshow **09.10** ICarly **09.35** Skyland **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** BingoBoxen **10.25** Arvingen til Glenbogle **11.15** Sommersang i Mariehaven **12.15** Himmelblå **13.50** Ægte mennesker **14.50** Kriminalkommissær Foyle **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Den hvide løve vender tilbage **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.10** Aftentour 2012 **19.50** Wallander. Ildspor **21.20** Drengen der skrumpede **22.05** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**08.05** Olje! **08.55** Folk **09.25** 20 spørsmål **09.55** Sommeråpent **11.00** Grønn glede **11.30** Niklas' gourmetreise **12.00** Justin Bieber live i Oslo **13.00** Wimbledon finale. Single menn **16.00** Bondeknolen **16.30** Brenner rå **17.00** Søndagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Første tegn til liv **18.45** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.15** Miss Marple **20.50** Kjære Lisa **21.00** Kveldsnytt **21.20** Legendariske kvinner **22.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **23.00** London 2012 **23.30** Miss Marple

## svt1

**10.50** Pappas pengar **11.10** Pappas pengar **11.30** Downton Abbey **12.25** Downton Abbey **13.20** Downton Abbey **14.15** Rapport **14.20** Den stora kustresan **15.00** STCC **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** En sång om glädje **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.50** Glömda brott **18.00** Engelska Antikrundan **19.00** Barnmorskan i East End **19.55** Häxans tid **20.45** Rapport **20.50** Friday night dinner **21.15** Morden i Midsomer **22.45** Glömda brott **22.55** På väg till Malung **23.25** Rapport **23.30** Sidenvägen på 30 dagar

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR




**Tilboð á heilsurúmum**
C&J stillanlegt 2 x 80 x 200cm
Með Tempur heilsudýnu
TILBOÐ Kr. 599.900,- Fullt verð 749.875,-
20% afsláttur



**Stillanlegu heilsurúmin frá C&J:**
- Inndraganlegur botn.
- Lyftigeta er yfir 2 x450 kg per botn.
- Mótor þarfnast ekki viðhalds.
- Tvíhert stálgrind undir botni.
- 2 nuddmótorar með tímarofa.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Tempur heilsudýnur.

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



# LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

## STAÐNÁM EÐA FJARNÁM
## ÞRIGGJA MISSERA NÁM
## 60 ECTS EININGAR Á HÁSKÓLASTIGI

### Umsagnir fyrrum nemenda:

„Fjölbreytnin í náminu er afar mikil og spannar land, sögu og menningu frá upphafi til okkar tíma og einnig er farið vel í alla þjóðfélagshætti."

*Ása Kristín Jóhannsdóttir, leiðsögumaður frá EHÍ*

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru úr fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni. Það var svo gaman að mér fannst slæmt að missa stundum úr tíma, en það kom ekki að sök því námið er líka kennt í fjarnámi."

*Íris Sveinsdóttir, leiðsögumaður frá EHÍ*

Námið var hverrar krónu virði – verst að því skyldi ljúka."

*Finnur P. Fróðason, leiðsögumaður frá EHÍ*

### NOKKUR SÆTI LAUS

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Birna Jónasdóttir,**
**Sími: 525 5296 – netfang: kristind@hi.is**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar: sími 525 4444 endurmenntun.is

> **Stöð 2 kl. 21.55**
**The A-Team**



***Liam Neeson leikur eitt aðalhlutverkanna í þessari mögnuðu spennumynd sem byggð er á samnefndum sjónvarpsþáttum frá 1983. Hún fjallar um hóp hermanna sem freista þess að fá uppreisn æru eftir að hafa verið ranglega sakaðir um glæp.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON LÆTUR SÉR HVERGI BREGÐA

# *Auðvelda leiðin*

Sófagrínþátturinn New Girl er eitt alófrumlegasta sjónvarp sem lengi hefur verið tekið til sýninga. Förum aðeins yfir þetta: Zooey Deschanel leikur sérvitra og sympatíska ofurkrúttlega stelpu sem flytur inn á þrjá frekar dólgslega menn og þeir taka hana fljótlega undir sinn verndarvæng – sem hún þarfnast augljóslega, verandi stelpa. Hún á vinkonu sem strákarnir vilja allir fleka af því að hún er módel með stór brjóst og leiðist ekki að láta mikið á þeim bera.



Minnið um stelpuna í strákahópnum er gamalkunnugt. Vegna þess að sjónvarp heimsins er karlmiðað, og þættir *um* stelpur í fleirtölu eru sjálfkrafa álitnir þættir *fyrir* stelpur, þá er mun auðveldara og átakaminna fyrir handritshöfunda að smíða eina stelpulega stelpu og láta hana þurfa að díla við pungakúltúr en öfugt. Enginn sæi fyrir sér Sex and the City með einum karlmanni við brönsborðið – nema hann væri hommi.

Þótt sagan sé ekki nákvæmlega sú sama þá er New Girl eiginlega eins og How I Met Your Mother fyrir börn. Það er meira að segja einn hégóma- og vergjarn Barney Stinson, nema hvað að hann er ekki eins klúr og ekki eins fyndinn. Svo er einn svartur til að allir séu sáttir. New Girl ögrar aldrei, gerir engar kröfur til þín og kemur aldrei á óvart. Lítið um ris og enn minna um lægðir. Sem sé algjörlega meinlaus og fyrirsjáanleg flatneskja. Og einmitt vegna alls þessa sem að framan greinir þá get ég hreinlega ekki hætt að horfa.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Fyrr og nú **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Veraldarvit **14.00** Til allra átta **14.40** Matartíminn **15.10** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Íslendingasögur **16.25** Albúmið **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Ekkert liggur á: Þemakvöld Útvarpsins - Afríka **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**11.00 Geimurinn** (6:7) (Rymden)
**11.05 Skólahreysti**
**11.50 Popppunktur** (1:8) (Heilsunuddarar - Útfararstjórar) (e)
**13.00 South Pacific** Sjónvarpsgerð af söngleiknum sígilda eftir Rogers og Hammerstein. Meðal leikenda er Glenn Close.
**15.15 Búddamunkur á hlaupum** (The Buddhist Monk Who Ran for an Olympic Gold) (e)
**16.10 Horfnir heimar – Grikkir** (3:6) (Ancient Worlds) (e)
**17.05 Ástin grípur unglinginn** (43:61) (The Secret Life of the American Teenager)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Ólympíuvinir** (8:10) (Store Nørd)
**18.25 Með okkar augum** Fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (11:13) (The Adventures of Merlin II)
**20.30 Stepford-eiginkonurnar** (The Stepford Wives) Í bænum Stepford virðast allar giftar konur vera fullkomnar.
**22.05 Endatafl** (Endgame) Saga byggð á leynilegum viðræðum sem urðu stjórn aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku að falli. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.50 Leigubílstjórinn** (Taxi Driver) Sígild mynd frá 1976. Atriði ekki við hæfi barna.
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wedding Daze**
**10.00 It's Complicated**
**12.00 Astro boy**
**14.00 Wedding Daze**
**16.00 It's Complicated**
**18.00 Astro boy**
**20.00 The Day After Tomorrow**
**22.00 This is England**
**00.00 The Special Relationship**
**02.00 Das Leben der Anderen**
**04.15 This is England**
**06.00 A Little Trip to Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.45 M.I. High**
**11.15 Glee** (12:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.40 So You Think You Can Dance** (5:15)
**15.05 How I Met Your Mother** (13:24)
**15.30 ET Weekend** Einn fremsti og frægasti sjónvarpsþáttur veraldar þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**16.15 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson og Erna Hrönn Ólafsdóttir kynna tuttugu vinsælustu lög vikunnar ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
**16.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**17.10 Pepsi mörkin**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Wipeout USA** (12:18) Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari. Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist og er því sannkallaður fjölskylduþáttur.
**20.20 I Could Never Be Your Woman** Rómantísk gamanmynd með Michelle Pfeiffer og Paul Rudd í aðalhlutverkum.
**21.55 The A-Team** Spennumynd um hóp hermanna sem freista þess að fá uppreisn æru eftir að hafa verið ranglega sakaðir um glæp.
**23.50 Paris** Áhrifamikil frönsk mynd um ungan dansara sem þjáist af sjaldgæfum hjartasjúkdómi og fylgist þeim mun betur með dansi lífsins frá svölunum sínum í París.
**02.00 X-Men Origins: Wolverine** Spennandi vísindaskáldsaga sem segir frá uppruna Jarfa eða Wolverine. Myndin gerist tuttugu árum fyrir atburði fyrstu X-Men-myndarinnar og áður en Wolverine varð það sem hann er í dag.
**03.45 Public Enemies** Mögnuð spennumynd sem gerist á krepputímum Bandaríkjanna á fjórða áratug síðustu aldar og segir frá víðfrægа glæpamanninum John Dillinger sem var meðal annars þekktur af vel heppnuðum bankaránum.
**06.00 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1: Bretland - Æfing 3** BEINT frá þriðju æfingunni í Silverstone.
**10.00 Pepsi-deild kk: Fram - ÍA**
**11.50 Formúla 1: Bretland - Tímataka** BEINT frá tímatökunni í Silverstone.
**13.30 KF Nörd** Allsherjar útlitsbreytingar verða gerðar á strákunum og þeir teknir í gegn af fagfólki á öllum sviðum.
**14.10 Pepsi-mörkin**
**15.20 Shellmótið** Sýndar svipmyndir frá mótinu í Vestmannaeyjum.
**16.10 Pepsi-deild kvk: ÍBV - Stjarnan**
**18.00 Herminator Invitational** (1:2) Sýnt frá góðgerðargolfmóti sem fjölmargir þekktir kappar taka þátt í.
**18.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Betis**
**20.30 Spænski boltinn: Barcelona - Racing**
**22.15 Box: Hopkins - Dawson**
**23.35 Formúla 1: Bretland - Tímataka**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Man. City - Arsenal 12.09.09**
**17.30 Premier League World**
**18.00 Stoke - QPR**
**19.45 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 2000**
**20.15 Man. City - Norwich**
**22.00 Goals of the Season 2004/2005**
**22.55 Tottenham - Chelsea**

## EXTRA

**17.25 Nágrannar**
**19.15 Evrópski draumurinn** (2:6)
**19.50 Eastbound and Down** (5:7)
**20.20 The Good Guys** (10:20)
**21.05 Bones** (22:23)
**21.50 True Blood** (11:12)
**22.45 Arrested Development** (8:18) (9:18) (10:18) (11:18)
**00.15 ET Weekend**
**01.00 Íslenski listinn**
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dr. Phil** (e)
**13.25 Design Star** (1:9) (e)
**14.15 Neverland** (1:2) (e)
**15.45 Eldhús sannleikans** (9:10) (e)
**16.05 The Firm** (19:22) (e)
**16.55 The Biggest Loser** (9:20) (e)
**18.25 Simply Red: Farewell** Hljómsveitin Simply Red naut mikillar velgengni á níunda og tíunda áratugnum og náði oft lögum inn á efstu sæti vinsældalistanna. Hljómsveitin hélt tónleikaferðalag undir nafninu Farewell árin 2009 til 2010 og er þessi upptaka ávöxtur þeirrar tónleikaferðar.
**19.25 Minute To Win It** (e)
**20.10 The Bachelor** (6:12) Piparsveinninn Brad Womack snýr aftur sem The Bachelor. Piparsveinninn og þær átta stúlkur sem eftir eru heimsækja Kostaríka þar sem farið er á stefnumót í þyrlu og hópstefnumót við stórfenglegan foss í regnskógi. Tvær stúlkur verða sendar heim í lok kvöldsins.
**21.40 Teen Wolf** (5:12) Spennuþáttaröð um táninginn Scott sem bitinn er af varúlfi eitt kvöld. Varúlfur leikur lausum hala og leggur hann vídeóleigu í rúst. Vinirnir vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga.
**22.30 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (5:8) Breskur gamanþáttur þar sem Olivia Lee bregður sér í ýmis gervi og notar falda myndavél til að koma fólki í opna skjöldu.
**22.55 Desperately Seeking Susan** Kvikmynd frá árinu 1985 með þeim Madonnu og Rosanna Arquette í aðalhlutverkum.
**00.40 Lost Girl** (9:13) (e)
**01.25 Jimmy Kimmel** (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.40** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **10.40** Champions Tour - Highlights (12:25) **11.35** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **14.35** Inside the PGA Tour (27:45) **15.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **19.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (3:4) **22.00** Inside the PGA Tour (27:45) **22.25** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (3:4) **01.25** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**10.25** QI **13.25** The Best of Top Gear **14.10** The Best of Top Gear **15.00** Twenty Twelve **15.30** The Royal Bodyguard **16.00** QI **17.00** QI **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Garrow's Law **19.55** Garrow's Law **20.50** Twenty Twelve **21.20** The Royal Bodyguard **21.50** My Family **22.20** My Family **22.49** Garrow's Law **23.44** Garrow's Law **00.40** The Best of Top Gear **01.25** QI **01.55** QI **02.25** QI **02.55** QI **03.30** QI **04.00** Keeping Up Appearances **06.00** EastEnders

## DR 1

**11.10** Jamies mad på 30 minutter **13.05** Mord på hjernen **14.40** Kyst til kyst **15.40** Før søndagen **15.50** Søren Ryge direkte **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.56** Aftentour 2012 **17.30** Mr. Bean **18.00** Asterix & Obelix **19.45** Beck - Pensionat Perlen **21.15** FIGHTING **22.45** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**12.05** Flukten fra DDR **12.40** Glimt av Norge **12.55** Danske slottsfruer **14.00** Hvem tror du at du er? **14.35** Hagevandring med dronning Sonja **15.05** Mesternes mester **16.05** Attenborough's lange reise **17.00** Lørdagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Amigo Grande **18.10** En gang Gitarkamerat. Alltid Gitarkamerat! **19.25** Sommeråpent **20.30** London 2012 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Perfume **23.35** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.00** Christine på jobbet **12.30** Mitt i naturen Australien **13.00** Undercover Boss **13.50** Rapport **13.55** Här är ditt kylskåp **14.25** Barnmorskan i East End **15.20** Eighties **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Drottningens slott **17.10** K-märkt form **17.15** Jonssons onsdag **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Pappas pengar **18.20** Pappas pengar **18.40** Pappas pengar **19.00** Downton Abbey **19.55** Downton Abbey **20.50** Rapport **20.55** Downton Abbey **21.50** Glastonbury-festivalen

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Eru þeir að fá'ann **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# ÚTSALAN ER HAFIN

## Allt að 60% afsláttur

### HÚSGÖGN OG SMÁVARA

SÓFAR + SÓFABORÐ + HNÍFAPÖR + ELDHÚSBORÐ + LAMPAR + BORÐSTOFUBORÐ + RÚM + SÆNGURVER + KODDAVER + SLOPPAR + HANDKLÆÐI + HILLUR + KERTI + GLÖS + SERVÍETTUR + MATARSTELL + BLÓMAVASAR + SÓLSTÓLAR + SÓLHLÍFAR + O.S.FRV...

habitat

TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400

## PERSÓNAN



*Edda Guðmundsdóttir*

**Aldur:** Yfir lögaldri.
**Starf:** Stílisti.
**Foreldrar:** Dóra Reyndal óperusöngkennari og Guðmundur Guðmundsson stærðfræðingur.
**Fjölskylda:** Ógift og barnlaus.
**Búseta:** Ég bý í New York.
**Stjörnumerki:** Ljón.

Edda gegndi hlutverki listræns stjórnanda fyrir sýningu Cedar Lake-dansflokksins, sem er einn sá virtasti í New York.

# Þriggja ára með stórafmæli

„Við spurðum hann bara hvað hann vildi gera í tilefni dagsins og þetta var það sem hann óskaði eftir. Við erum ekki með góðan garð heima hjá okkur og datt því í hug að hægt væri að nýta þetta fallega og skjólsæla svæði undir afmælisveisluna. Hann valdi svo sjálfur tónlistaratriðin,“ útskýrir Tanya Pollock, móðir hins þriggja ára gamla Francis Mosa sem heldur upp á afmæli sitt í Hjartagarðinum í dag. Foreldrar drengsins skipulögðu í samráði við hann svokallað „block party“ og munu sjö tónlistarmenn stíga á stokk í tilefni dagsins.

Foreldrar Mosa, Tanya og Tómas Magnússon, eru í hópi sjálfboðaliða sem hafa tekið Hjartagarðinn upp á sína arma í sumar og unnið hörðum höndum að því að snyrta svæðið, skreyta það og glæða það lífi. Tónlistarmennirnir sem koma fram eiga það sameiginlegt að þekkja Mosa litla vel og munu frændur hans og afi, tónlistarmaðurinn Daniel Pollock, meðal annarra stíga á svið. „Tónlistarfólkið var allt af vilja gert enda eru þetta vinir okkar. Svo er Mosi ofsalega skotinn í Þórunni Antoníu og bað sérstaklega um hana,“ segir Tanya.

Fjölskyldan verður með kökuboð handa afmælisbarninu áður en útiveislan hefst og að sögn Tönyu er Mosi afskaplega spenntur fyrir deginum. „Hann vill bara fjör og að fá að njóta dagsins með sem flestum. Fólki er velkomið að kíkja af Laugaveginum og njóta tónlistarinnar með okkur.“ Afmælisveislan hefst klukkan 17 og stendur til 21. Fatamarkaður verður á staðnum og meðal þeirra sem koma fram eru Rósa Birgitta Ísfeld og 7berg. **- sm**





**STÓRVEISLA** Francis Mosi heldur heljarinnar afmælisveislu í dag. Foreldrar hans, Tanya Pollock og Tómas Magnússon, fagna með honum.
MYND/TÓMAS MAGNÚSSON

# Vel heppnuð tískuvika

Tískusýning hönnuðarins Sruli Recht var í fyrsta sinn liður af opinberri dagskrá herratískuvikunnar í París á dögunum. Sruli sýndi á sama tíma og tískuhús á borð við Issey Miyake, Pierre Cardin, Dior, Galliano, Hermés, Luis Vuitton og Rick Owens.

Að sögn Sruli gekk sýningin vonum framar enda hafði hann og samstarfsfólk hans lagt ómælda vinnu í undirbúningi hennar. Sýningin var einungis ætluð kaupendum og fjölmiðlum og bættust tíu nýir kaupendur í hóp þeirra tuttugu og þriggja sem fyrir eru. Meðal þeirra er sóttu sýninguna voru Armand Hadida, sem kynnti Parísarbúum fyrir Prada og Dolce & Gabbana á níunda áratugnum, og kaupendur frá Darklands og Saks Fifth Avenue auk blaðamanna frá GQ, Indesign, Vogue, Another Man og La Couture.

„Okkur var boðið að taka aftur þátt á næsta ári og var skipulagsnefndin mjög hrifin af allri umgjörð sýningarinnar og línunni sjálfri og vildi endilega hafa okkur með aftur,“ segir Sruli sem sýndi um tuttugu heildarklæðnaði á sýningunni sem fór fram í gömlu kauphöll Parísar. Línan nefnist The Circumsolar og er fjórða herrafatalínan sem hönnuðurinn sendir frá sér. **- sm**





**GENGUR VEL** Sruli Recht sýndi herrafatalínuna The Circumsolar á tískuvikunni í París fyrir skemmstu. Hann hlaut mikið lof fyrir og var boðið að taka aftur þátt á næsta ári.


## Árangur fer eftir gæðum
## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Hraust og hress
Árangur strax!

Lífrænt ofur fjölvítamín náttúrunnar

Næringarupptaka úr Lifestream Spírulina er meira og nýtist betur en úr nokkru öðru fæði.

Fullkomið jafnvægi næringarefnanna gefur einbeitingu, langvarandi náttúrlega orku og er gott gegn streitu.

Dregur úr ofvirkni, sykurlöngun og sleni.

Styrkir ónæmikerfið, hentar börnum og fullorðnum.

Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringaefnin. Vottað lífrænt




Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Fríhöfninni og Hagkaup

www.celsus.is




**KEPPANDI?** HÍT efast um þátttöku Einars Mikaels á Heimsmeistaramóti töframanna í Blackpool en Einar heldur því fram að hann fái atriði sitt dæmt næsta þriðjudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUNNAR K. SIGURJÓNSSON: EINAR EKKI MEÐ Á HEIMSMEISTARAMÓTINU

# Harkalegar deilur innan töframannasamfélagsins

„Einar mun ekki taka þátt í keppni FISM í Blackpool í næstu viku,“ segir Gunnar Kristinn Sigurjónsson, ritari stjórnar Hins íslenska töframannagildis, eða HÍT.

Á miðvikudag greindi Fréttablaðið frá þátttöku Einars Mikaels Sverrissonar í Heimsmeistaramóti töframanna, en þar kom meðal annars fram að hann yrði fyrsti Íslendingurinn í keppninni. Mótið hefst á sunnudaginn og stendur til 14. júlí. Það er haldið af alþjóðlegum samtökum töframanna eða FISM. Stjórn HÍT heldur því fram að Einar verði einungis áhorfandi þar sem nafn hans megi ekki finna á lista yfir keppendur.

Gunnar Kristinn hafði samband við Arthur Casson, skráningarstjóra FISM. „Hann var með nýjasta listann og staðfesti að það væri enginn frá Íslandi í keppninni,“ útskýrir hann. „Þar að auki er Einar ekki félagi í Hinu íslenska töframannagildi, eða sambærilegum töfrasamtökum sem eru innan FISM, svo hann hefði ekki þátttökurétt í umræddri keppni.“

Gunnar tekur fram að þátttakendur þurfi að hafa keppt í öðrum keppnum sem Einar hafi ekki gert. „Þetta er bara eins og í íþróttunum. Landsliðin eru búin að keppa á alls kyns mótum áður en þau komast á Ólympíuleikana,“ segir hann.

Að þessu sögðu véfengir hann tilvist Hogwarts School of Witchcraft and Wizardy en þar segist Einar vera við nám. „Það er enginn töfraskóli til sem heitir Hogwarts. Ætli Warner Bros og J.K. Rowling eigi ekki einkarétt á þessu nafni,“ segir Gunnar sem skilur hvorki upp né niður í orðum Einars. „Ég veit í raun ekki hvað liggur að baki annað en það að vekja athygli á sér.“

Einar Mikael segist sleginn yfir viðbrögðum Gunnars. „Ég keppi sem Íslendingur en ekki fyrir hönd HÍT,“ segir Einar sem sagði sig fyrir skömmu úr HÍT og segist hafa fengið þátttökurétt í gegnum bandarískan töframannahring, sem hann er félagi af og er hluti af FISM, þar sem hann sé með bandarískt ríkisfang.

„Það á eftir að setja mig inn á listann yfir keppendur. Það er fullt af nöfnum sem vantar inn á þessa heimasíðu,“ segir Einar sem mun láta mahóníborð svífa með töfradúfunni sinni næsta þriðjudag. „Ég er að fara að taka þátt og atriðið mitt verður dæmt. Ég tel mjög ólíklegt að ég verði heimsmeistari en með þessu er ég að stimpla mig inn.“

Einar segir HÍT vera að reyna að koma af stað leiðindum og er miður sín yfir að þeir efist um tilvist Hogwarts. „Hann er til í alvörunni en ekki í þeirri mynd að ég fari í lest inn í annan heim. Þetta er skóli á netinu sem kennir ýmis brögð á námskeiðum. Ég mun reyndar ekki klára meistaranám þaðan í sumar en það er draumurinn,“ segir hann.

**hallfridur@frettabladid.is**

# Fyllir í skarð Ingó Veðurguðs

„Uppáhaldslagið er Bahama,“ segir Vestfirðingurinn Bjarni Sigurðsson en hann fékk Veðurguðina til að spila með sér á lokaballi Markaðsdaga í Bolungarvík, sem fer fram í kvöld. Hann mun því syngja prógramm sveitarinnar í stað Ingólfs Þórarinssonar, eða Ingó Veðurguðs.

Bjarni sér jafnframt um brekkusöng bæjarhátíðarinnar og er greinilega einn helsti skemmtikraftur Bolungarvíkur þó hann svari spurningu þess efnis hógvært: „Eru ekki allir skemmtikraftar á sinn hátt?“ Það er allavega víst að hann hefur troðið upp á fleiri stöðum en flestir og segist ekkert hafa þurft að æfa fyrir ballið. „Ég sendi þeim lagalistann og það verður bara talið í.“

„Ég hef nú örugglega sungið á fleiri hundruð böllum út um allt land með hljómsveitinni Express en ég hef verið í henni í mörg ár,“ segir hann um reynslu sína og bætir við að hann spili einnig með sveitinni Vestfirðingur ársins sem er skipuð meðal annarra tveimur fyrrum handhöfum nafnbótarinnar að honum meðtöldum. „Við ætlum að láta Mugison spila með okkur einhvern tímann en hann var einu sinni Vestfirðingur ársins. Það endar með því,“ segir Bjarni sem hlakkar til kvöldsins og spáir mikilli stemningu. „Ég lofa brjáluðu stuði. Við verðum vonandi að spila til sjö um nóttina nema löggan stöðvi ballið.“ **- hþt**



**SKEMMTIKRAFTUR** Bjarni Sigurðsson kemur fram með Veðurguðunum í kvöld í Bolungarvík en hann er svo sannarlega skemmtikraftur af guðs náð.
MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Almería

ÓTRÚLEGT VERÐ
Í SÓLARFERÐ!

Bókaðu núna á plusferdir.is



Gist er á hótel Colonial Mar sem er 4 stjörnu hótel staðsett við ströndina! Val um hálft fæði eða með öllu inniföldu á ótrúlegu verði!

★★★★

VIKA Á 4 STJÖRNU HÓTELI

## ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ:

**99.900 kr***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli í viku á Hotel Colonial Mar með öllu inniföldu (morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og drykkir).
Verð frá 127.640 kr á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með öllu inniföldu.
Brottför 17. júlí.

★★★★

VIKA Á 4 STJÖRNU HÓTELI

## MEÐ HÁLFU FÆÐI

VERÐ FRÁ:

**89.636 kr***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli í viku á Hotel Colonial Mar með öllu inniföldu (morgun- og kvöldmatur).
Verð frá 111.218 kr á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði.
Brottför 17. júlí

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sýndu stuðning

Hljómsveitin Tilbury hélt útgáfutónleika sína í Iðnó á fimmtudagskvöldið fyrir fullu húsi. Þeir **Þormóður Dagsson**, Kristinn Evertsson, Örn Eldjárn, Magnús Tryggvason Eliassen og Guðmundur Óskar Guðmundsson slógu í gegn enda allir vanir menn í tónleikahaldi með öðrum hljómsveitum. Þeir fengu stuðning á sviðinu frá Soffíu Óðinsdóttur, félaga Arnar úr hljómsveitinni Brother Grass, og Valdimar Guðmundssyni, félaga Kristins úr hljómsveitinni Valdimar. Félagar annarra Tilbury-manna úr öðrum hljómsveitum létu sér þó nægja að hlusta úr salnum. Meðal þeirra sem mættu voru félagar Þormóðs úr Jeff Who?, þeir Bjarni Lárus Hall og Valdimar Kristjónsson, og þau Högni Egilsson, Sigríður Thorlacius og Rebekka B. Björnsdóttir sem eru félagar Guðmundar úr Hjaltalín.



### Ástin blómstrar á netinu

Tónleikar Tilbury voru merkilegir fyrir fleiri sakir og ekki bara vegna þess að Högni í Hjaltalín var með sólgleraugu á nefinu í dimmum salnum. Einhverjir veittu því athygli að tveir grínarar úr netheimum voru nánir, en umboðsmaðurinn **Steinþór Helgi Arnsteinsson**, annar forsprakka vefsíðunnar Gulir miðar (úr gleðibankanum), og Berglind Pétursdóttir, sem fer á kostum á vefsíðunni The Berglind Festival, eru nýjasta parið í bænum og skemmtu sér vel saman á tónleikunum.

- bþh



## Mest lesið Vísir

1. Myndirnar af ísbirninum ógreinilegar
2. Átök í lögreglubíl þegar fangi reyndi að yfirgefa bílinn.
3. Veittist að stúlku á bensínstöð
4. Jón Steinar og Garðar hætta
5. Í sextán ára fangelsi fyrir morð





